NORÐURLANDAMÓT Í KUNG FU
*Ungar íslenskar bardagahetjur*
• Heilsa • Heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SVEINN KJARTANSSON
*Handsamaði bíræfna og svanga þjófa*
Þjófarnir hámuðu í sig heilt veisluborð
FÓLK 50



Hver er staðan?
www.visir.is/kosningar
Kosningar 2007
Kosningavefurinn er í samstarfi við kosningasjónvarp Stöðvar 2
vísir.is
Fyrstur með fréttirnar


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. maí 2007 — 124. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Volta fær góðar viðtökur



Sjötta plata Bjarkar Guðmundsdóttur kom út í gær. Fjölmiðlar keppast við að lofa plötuna.
TÓNLIST 42



### Rak blaðafulltrúann

París Hilton kennir blaðafulltrúa sínum um að hún var dæmd til 45 daga fangelsisvistar.
FÓLK 40

### Kosið um velferðina

„Í mínum huga eru það fyrst og fremst velferðarmálin eða misskiptingin sem kosið verður um. Stjórnarflokkarnir geta ekki skotið sér undan því," segir Valgerður Bjarnadóttir.
Í DAG 26

### Sport



FH-ingar leggja af stað í þriðju titilvörnina.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT HÆGUR** Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Stöku él norðan og austan til, annars bjart með köflum. Þykknar smám saman upp suðvestan til. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.
VEÐUR 4






# Eldsupptökin aldrei upplýst

**Rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir útilokað að upplýsa eldsupptök í stórbrunanum í miðbæ Reykjavíkur. Búið að yfirheyra yfir tuttugu einstaklinga. Enginn grunaður um íkveikju.**

**BRUNI** Rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu telur að eldsupptök í stórbrunanum í miðbæ Reykjavíkur verði aldrei upplýst. Ástæðan er sú að þakið var fjarlægt af skemmtistaðnum Pravda við Austurstræti 22 meðan á slökkvistarfi í miðbænum stóð og um leið stór hluti brunavettvangsins sem nauðsynlegt hefði verið að rannsaka. Rannsóknardeildin telur sig þó hafa útilokað að um íkveikju hafi verið að ræða.

Benedikt Lund hjá rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir útilokað að segja til um hver eldsupptökin voru þar sem stór hluti brunavettvangsins var fjarlægður meðan á slökkvistarfinu stóð. „Þess vegna verður aldrei hægt að staðfesta eldsupptök í þessu tilfelli. Til að geta staðfest hvað þarna gerðist hefði sá hluti brunavettvangsins sem mokað var í burtu þurft að standa."

Meðan á slökkvistarfi stóð þurfti að fjarlægja þak og milliveggi hússins við Austurstræti 22 þar sem ekki er útilokað að eldsupptökin hafi verið. „Við erum búnir að útiloka að kviknað hafi út frá loftljósi í söluturninum Fröken Reykjavík, eins og lengst af var talið." Benedikt segir að líklegast hafi kviknað í út frá rafmagni í húsunum.

Rannsóknardeild lögreglunnar er búin að útiloka að um íkveikju hafi verið að ræða og enginn hefur legið undir grun um að hafa kveikt í húsunum á þeim tíma sem rannsóknin hefur staðið yfir. Alls hafa verið yfirheyrðir á milli tuttugu og þrjátíu einstaklingar, að sögn lögreglunnar. Könnuð voru tryggingamál og fleira og niðurstaða lögreglunnar var að enginn hefði haft hag af því að kveikja í húsunum. Átta manns hafa sinnt rannsókninni sem hefur verið umfangsmikil og tímafrek.

Bæði húsin sem brunnu, Lækjargata 2 og Austurstræti 22, voru tryggð hjá Vátryggingafélagi Íslands. Ásgeir Baldursson, forstjóri VÍS, segir tjónið nema 200 til 400 milljónum króna. - shá



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKYNVILLA** Starfsmaður slökkviliðsins sýnist stór á myndinni við hlið Hallgrímskirkju.

Íslenska framlagið í Eurovision-keppninni í ár fær mikla athygli í Finnlandi:

# Slegist um Eirík Hauksson

**SÖNGVAKEPPNI** „Öll þessi athygli hlýtur náttúrlega að vera mjög jákvæð, en þetta getur nú líka verið svolítið þreytandi," varð Helgu Steingrímsdóttur, konu Eiríks Haukssonar, að orði þegar fjölmiðlafólk var orðið hvað æstast í Eurovision-veisluhöldum í gærkvöldi.

Risavaxin Finlandia-höllin, sem er í hjarta Helsinki, var full og uppáklæddir þjónar höfðu vart undan að bera fram finnskar kræsingar. Íslenskt fjölmiðlafólk sem ekki er vant jafn mikilli baráttu um viðmælendur mátti sín lítils í keppninni um samtal við leðurklædda og rauðhærða söngvarann.

„Þetta tekur svolítið á," sagði Eiríkur og hló við þegar hann náði að slíta sig frá dagskrárgerðarkonu finnska ríkissjónvarpsins sem ekki hafði viljað sleppa af honum hendinni í langan tíma.

„Þetta er samt alveg eitthvað sem ég ræð við," bætti hann strax við. „Ég get nú alveg drukkið fram á nótt, reykt pakka á dag en sungið á daginn. Það er ekki málið," sagði hann nánast hughreystandi við blaðamann áður en pólska sönglið-ið dreif hann til sín í myndatöku.

„Íslenska lagið er með afbrigðum gott í ár," útskýrði Finni við innganginn sem fylgdist með hamaganginum í kringum söngvarann. Í sirkusi Eurovision lítur Eiríkur út fyrir að vera ljónatemjarinn þetta árið. - kdk



**EIKI Í TEITI** „Welcome Party", var haldið fyrir alla þátttakendur í Finnlandia-húsinu í gær. Vinsældir Eiríks Haukssonar voru miklar og var barist um tíma hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Formenn stjórnmálaflokka:

# Varað við álrisa

**KOSNINGAR** Steingrímur J. Sigfússon og Ómar Ragnarsson fjalla um yfirtökutilraun Alcoa á Alcan í skilaboðum sínum til kjósenda í Fréttablaðinu í dag.

Guðjón Arnar Kristjánsson ræðir mikilvægi þess að hækka skattleysismörkin, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir boðar stórsókn í menntamálum. Geir H. Haarde skrifar um mikilvægi verðmætasköpunar og Jón Sigurðsson um dóm kjósenda.
- sjá síðu 8

MARGBORGAR SIG
PUNKTUR!
GLITNIR

HÆKKUM SKATTLEYSISMÖRK Í 150 ÞÚSUND HJÁ ÞEIM TEKJULÆGSTU
www.xf.is
Frjálslyndi flokkurinn

**SPURNING DAGSINS**



*Ari, var skálað í kampavíni eftir undirritunina?*

„Nei, er það ekki bara fyrir kellingar og homma?“

Þjónustusamningur milli heilbrigðisráðuneytisins og SÁÁ var undirritaður á dögunum sem tryggir SÁÁ meðal annars 80 milljónir króna á tveimur árum. Ari Matthíasson er framkvæmdastjóri hjá SÁÁ.

Elísabet II Englandsdrottning heimsótti Hvíta húsið:

# Þakkaði stuðninginn

**WASHINGTON, AP** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, tók á móti Elísabetu Englandsdrottningu í gær með mikilli viðhöfn við Hvíta húsið í Washington.

Yfir sjö þúsund gestum var boðið til athafnarinnar sem haldin var á suðurlóðinni. Í ávarpi sínu til drottningarinnar lagði forsetinn áherslu á mikilvægi bandalags Bretlands og Bandaríkjanna í stríðinu gegn hryðjuverkum og þá sérstaklega samstarf þjóðanna í Afganistan og Írak. Hann þakkaði drottningunni fyrir stuðninginn og sagði að samstarf þeirra væri vænlegast til að ná fram friði í heiminum. Elísabet drottning sagði að nú væri kominn tími til að horfa fram á veginn og halda áfram að leggja áherslu á að gera heiminn öruggari og rækta vinskapinn á milli þjóðanna.

Öll umgjörð heimsóknarinnar var mjög formleg og í fyrsta sinn í forsetatíð George W. Bush var haldinn kvöldverður fyrir 134 gesti þar sem karlar voru klæddir í kjól og hvítt.

Þetta er í fimmta skipti sem drottningin heimsækir Bandaríkin en síðast kom hún 1991 þegar George Bush eldri var forseti. Aðaltilefnið að þessu sinni er 400 ára afmæli landnáms Englendinga í Virginíu. - lbb



**VIÐ HVÍTA HÚSIÐ** Elísabet Englandsdrottning ásamt gestgjafanum Bush í garði Hvíta hússins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STÓRSKEMMT** Ljóst er að farið var inn í kjallara hússins utan frá og því leikur grunur á að um íkveikju sé að ræða. MYND/HREIÐAR

Hús brann á Akureyri:

## Grunur um íkveikju

**ELDSVOÐI Rannsókn á upptökum eldsins í húsinu við Lundargötu 17 á Akureyri á sunnudag hefur ekki leitt neitt nýtt í ljós. Grunur leikur á að um íkveikju sé að ræða. Enginn hefur verið yfirheyrður vegna málsins.**

**„Það er ljóst að það var farið inn í kjallarann utan frá en að svo stöddu er of snemmt að fullyrða nokkuð um upptök eldsins þótt ýmislegt bendi til þess að kveikt hafi verið í,“ segir Daníel Guðmundsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri.**

**Lögreglan á Akureyri óskar eftir upplýsingum frá þeim sem kunna að hafa orðið varir við mannaferðir í kringum húsið á sunnudagsmorgun.**

**Húsið er stórskemmt eftir brunann og óíbúðarhæft.** - þo

**DÓMSMÁL**

### Með sveppi í úlpuvasanum

Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í 180 þúsund króna sekt fyrir að reyna að smygla fíkniefnum inn í fangelsið á Litla-Hrauni. Í úlpuvasa hans fundust 5,94 grömm af sveppum, fjórir skammtar af LSD og 3,84 grömm af hassi.

# Fríverslun nær bara til færeyskra vara

**Íslensk fyrirtæki skoða möguleikann á því að flytja landbúnaðarvörur í gegnum Færeyjar til Íslands. Fyrirtækin horfa til þess að flytja vörur til Færeyja, vinna þær þar og pakka og flytja síðan hingað til lands. Skaðlegt, segir Sigurgeir Þorgeirsson.**

**VIÐSKIPTI** Íslensk fyrirtæki, meðal annars Ferskar kjötvörur og Aðföng, eru þegar byrjuð að skoða möguleikann á því að flytja landbúnaðarvörur til Færeyja, meðal annars frá Danmörku, vinna þær þar og pakka og flytja tollfrjálst til Íslands. Þetta telja þau hugsanlega vera hægt þar sem samningur Íslands og Færeyja frá 1. nóvember gerir ráð fyrir tollfrjálsum viðskiptum.

Sérstakur samráðshópur um samninginn fundar um efnisatriði og möguleg áhrif hans um næstu mánaðamót en margar fyrirspurnir hafa borist frá fyrirtækjum um möguleikana sem samningurinn opnar fyrir.

Berglind Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, segir ýmis álitamál uppi, meðal annars um hvenær vörur teljist vera upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum samkvæmt samningnum. „Þessi samningurinn nær til vara sem eru upprunar í Færeyjum og Íslandi. Það er grundvallaratriði samningsins. Hins vegar er það ekkert launungarmál að það eru ýmis álitamál í samningnum sem þarf að skoða betur.“

Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, segir alveg ljóst að samningurinn gildi aðeins um færeyskar og íslenskar vörur. „Ef að vara er ekki upprunnin í Færeyjum þá kemur hún ekki inn í landið á grundvelli samningsins. Þetta er ekki neitt álitamál. Við vorum að semja um fríverslun með íslenskar og færeyskar landbúnaðarafurðir og aðrar ekki.“



**UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ** „Við vorum að semja um fríverslun með íslenskar og færeyskar landbúnaðarafurðir og aðrar ekki,“ segir Grétar Már Sigurðsson ráðuneytisstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefán Bjargmundsson, deildarstjóri tollgæslunnar hjá sýslumanninum á Eskifirði og einn helsti sérfræðingur landsins í samningum af þessu tagi, segir samninginn einstakan hvað varðar vítt gildissvið hans. „Það er sérstakt með samninginn við Færeyjar að hann gildir um allar vörur. Þar er ekki að finna undanþágur líkt og í öðrum fríverslunarsamningum. Þetta gæti þýtt að auðveldara væri að flytja tollfrjálst inn varning í gegnum Færeyjar en það er þó ekkert ljóst í þeim efnum.“

Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, segir það ekki ákjósanlegt fyrir bændur og íslenskan landbúnað ef samningurinn fyrir Færeyjar opnar fyrir stórfelldan innflutning. „Það liggur í augum uppi að það yrði skaðlegt fyrir íslenskan landbúnað ef þetta væri hægt. Ég þekki ekki upprunareglurnar nógu vel í þessum nýja samningi en við vorum ekki varaðir við þessu á sínum tíma. Þvert á móti var þessi samningur kynntur þannig fyrir okkur að hann opnaði fyrst og fremst leið inn nýjan markað.“ magnush@frettabladid.is



**SIGURGEIR ÞORGEIRSSON**

Veikindi forsetans:

## Útskrifaður af spítala í gær

**VEIKINDI Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var útskrifaður af Landspítala – háskólasjúkrahúsi síðdegis í gær. Forsetinn gekkst undir fjölda rannsókna en er að sögn lækna við góða heilsu. Forsetanum var ráðlagt að hvíla sig næstu daga.**



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON**

**„Þetta voru viðamiklar rannsóknir en niðurstöðurnar leiddu ekkert alvarlegt í ljós og heilsufar forsetans er gott. Forsetinn mun hvíla sig næstu daga samkvæmt læknisráði en ég býst við að hann komi til starfa á ný síðar í vikunni,“ segir Örnólfur Thorsson forsetaritari.**

**Forsetinn var staddur á Hótel Búðum á Snæfellsnesi þegar hann kenndi sér meins. Læknir frá Ólafsvík skoðaði forsetann og óskaði eftir því að hann yrði fluttur á Landspítalann.** - þo

Reykingabann í Skotlandi:

## Krárnar finna fyrir samdrætti

**SKOTLAND** Sala á áfengi hefur dregist saman um ellefu prósent síðan reykingabann var sett á skoskum krám fyrir tæpu ári. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar þarlends sambands vínveitingamanna. Starfsfólki hefur verið fækkað á þriðjungi kránna á sama tíma.

Andy Kerr, heilbrigðisráðherra Skota, er ötull talsmaður reykingalaganna. Hann gagnrýnir könnun veitingamanna og segir hana ekki sýna fram á tengsl bannsins við fækkun starfsfólks.

Einnig væri úrtak könnunarinnar takmarkað, en henni svöruðu 530 krár. BBC greinir frá þessu. - kóþ


**BÍLL DAGSINS**

**PEUGEOT 206**

Nýskr. 05.05 - Beinskiptur - Ekinn 32 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Listaháskóli Íslands fær lóð frá borginni og tryggt rekstrarfé frá ríkinu:

# Vilja enn helst lóð í miðbænum

**MENNING** „Þetta er stórkostlegur dagur,“ segir Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands. Reykjavíkurborg gaf í gær skólanum lóð og skrifað var undir viljayfirlýsingu um framtíðar rekstrarframlög frá ríkinu.

Lóðin sem Listaháskólinn fær er við hlið náttúrufræðahússins Öskju í Vatnsmýri. Stjórn skólans hefur hins vegar lengi leitað að lóð í miðbænum og ekki er loku skotið fyrir að það rætist því stjórnendum hans er frjálst að ráðstafa lóðinni í Vatnsmýri að vild.

„Við teljum þessa lóð vera frábæran byggingarkost. Hins vegar er sá sveigjanleiki ef aðrir kostir bjóðast að skipta þessari lóð inn í það,“ segir Hjálmar.

Meðal möguleika sem hafa verið nefndir fyrir staðsetningu Listaháskólans í miðbænum er svokallaður Vegasreitur neðan Laugavegar. Einnig hefur verið nefnt að byggja yfir skólann í nágrenni Háskólans í Reykjavík við Öskjuhlíð.

„Það hafa margir haft gagn um tíðina og þeir geta óskað eftir viðræðum,“ segir Hjálmar sem kveður að í alla síðasta lagi um næstu áramót verði auglýst samkeppni um hönnun skólans.

Fyrir Hjálmar sjálfan er þessi áfangi líka mikill léttir. „Ég hét því í nóvember að skerða ekki hár á höfði mínu fyrr en þessi samningur væri í höfn og er orðinn ansi síðhærður. Nú fer ég í klippingu,“ segir rektor. - gar



**HJÁLMAR H. RAGNARSSON** Rektor Listaháskóla Íslands hét því í nóvember að fara ekki í klippingu fyrr en lokið væri við þá samninga sem undirritaðir voru í gær. Í dag fer hann loks til rakarans. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Kjósum sterkan hóp kvenna á þing!


Guðfinna S. Bjarnadóttir
Fv. rektor HR, 2. sæti Rvk. norður


Sigríður Ásthildur Andersen
Lögfræðingur, 5. sæti Rvk. norður


Grazyna María Okuniewska
Hjúkrunarfr., 6. sæti Rvk. norður


Ásta Möller
Alþingismaður, 4. sæti Rvk. suður


Dögg Pálsdóttir
Hrl., 6. sæti Rvk. suður


Herdís Þórðardóttir
Fiskverkandi, 4. sæti Norðvestur


Arnbjörg Sveinsdóttir
Alþingismaður, 2. sæti Norðaustur


Ólöf Nordal
Framkv.stj., 3. sæti Norðaustur


Björk Guðjónsdóttir
Forseti bæjarstjórnar, 4. sæti Suður


Unnur Brá Konráðsdóttir
Sveitarstjóri, 5. sæti Suður


Ragnheiður Elín Árnadóttir
Aðstoðarm. ráðh., 5. sæti Suðvestur


Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Bæjarstjóri, 6. sæti Suðvestur


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Varaformaður og menntamálaráðherra, 1. sæti Suðvestur

Þessar konur eiga allar góðan möguleika á þingsæti í komandi alþingiskosningum.
Með góðri kosningu Sjálfstæðisflokksins mun hlutur kvenna á Alþingi aukast verulega og fleiri konur sitja í þingflokki Sjálfstæðisflokksins en í nokkrum öðrum þingflokki frá lýðveldisstofnun.

*Nýir tímar - á traustum grunni*

xd.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## GENGIÐ 07.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,29 | 63,59 |
| Sterlingspund | 126,37 | 126,99 |
| Evra | 86,11 | 86,59 |
| Dönsk króna | 11,554 | 11,622 |
| Norsk króna | 10,605 | 10,667 |
| Sænsk króna | 9,396 | 9,452 |
| Japanskt jen | 0,5275 | 0,5305 |
| SDR | 96,38 | 96,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

116,6918

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Maður sem missti allt sitt í bruna á Selfossi skarst á hendi við flótta frá eldinum:

# Flúði eldsvoða á náttfötunum

**BRUNI** „Það er nánast allt ónýtt,“ segir Ríkharð Guðmundsson, 47 ára maður sem bjargaði sér út úr brennandi húsi sínu á Selfossi í fyrrinótt.

Ríkharð var að koma úr sturtu þegar hann fann lykt af reyk og heyrði píp í reykskynjara. „Ég opnaði hurðina fram á gang og sá að þar var allt fullt af reyk og svo mikill eldur að ég þorði ekki að hlaupa þvert yfir ganginn til að komast út um svaladyrnar.“

Ríkharð greip þá til þess ráðs að brjóta rúðu í þvottaherbergi við hlið baðherbergisins, og flýja eldinn út um gluggann. Við það skarst hann á hendi. „Ég er með djúpt sár á hendinni sem ég fékk sjálfsagt þegar ég var að klifra niður úr glugganum. Svo held ég að ég sé með glerbrot í hælnum, það er svo vont að stíga í hann,“ segir Ríkharð sem var berfættur í náttfötum þegar hann yfirgaf húsið.



**ELDURINN SLÖKKTUR** Ríkharð Guðmundsson flúði hús sitt á náttfötunum og fór til nágranna til að hringja á slökkviliðið.

Ríkharð, sem býr einn í húsinu, fór til nágranna síns og lét hringja eftir hjálp. Slökkvilið kom skömmu síðar og gekk greiðlega að ráða niðurlögum eldsins. Húsið er afar illa farið en eldsupptök eru ekki kunn.

Ríkharð var fluttur á heilsugæslustöð þar sem gert var að sárum hans, og fékk síðan inni hjá vandamönnum. „Maður er hálfráðvilltur eftir svona og veit eiginlega ekki hvað maður á af sér að gera,“ segir hann. - sh

Niðurlæging eða fangelsi:

# Með spjald sem sagði þá þjófa

**BANDARÍKIN AP Tveir búðarhnuplarar fengu óvenjulegan dóm á dögunum fyrir að stela úr búðinni Wal-Mart í bænum Attalla í Alabama. Þeir voru dæmdir til að standa fyrir utan búðina í fjórar klukkustundir tvo laugardaga í röð með spjöld þar sem á stóð: „Ég er þjófur, ég stal úr Wal-Mart“, eða sitja að öðrum kosti í fangelsi í 60 daga.**

**Niel Hawkins, framkvæmdastjóri Wal-Mart í Attalla, var ánægður með niðurstöðu dómarans og sagði að nú myndi fólk kannski hugsa sig tvisvar um áður en það reyndi að stela úr búðinni.** - lbb



**HARMI SLEGNIR FORELDRAR** Kate og Gerry McCann hafa biðlað til ræningjanna að vinna dóttur þeirra ekki mein og sleppa henni úr haldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Móðir brottnumdar stúlku:

# Grátbiður stúlkunni vægðar

**LISSABON, AP** Ekkert hefur enn spurst til Madeleine McCann, þriggja ára gamallar breskrar stúlku sem hvarf af hótelherbergi í Portúgal á fimmtudagskvöld. Talið er að stúlkunni hafi verið rænt og grátbað móðir hennar ræningjana að meiða hana hvorki né hræða í átakanlegu ákalli sem sjónvarpað var í Portúgal í gær.

Að því er fram kemur á fréttavef BBC hefur portúgalska lögreglan nú til rannsóknar vitnisburð sjónarvotta sem segjast hafa séð sköllóttan mann draga litla stúlku með sér að bátahöfn skammt frá hótelinu. Fyrrum lögregluforingi í Portúgal sagði í viðtali að grunur léki á að ræninginn væri breskur og að ránið væri þaulskipulagt. Foreldrar Madeleine eru vel efnaðir og hafa heitið hundrað þúsund pundum í verðlaun fyrir upplýsingar um afdrif dóttur sinnar. - sh

# Óttuðust að ganga risabrúðu truflaði alþingiskosningar

**Lögreglan og Listahátíð í Reykjavík hafa náð lendingu um tilhögun opnunaratriðis hátíðarinnar. Lögreglan óttaðist að för átta metra hárrar brúðu um götur borgarinnar myndi hefta för kjósenda að ráðhúsinu.**

**MENNING** Af ótta við truflun á alþingiskosningum krafðist lögregla þess að áætlaðri leið franska götuleikhússins Royal de Luxe um götur miðborgar Reykjavíkur á kjördag yrði breytt.

„Upphaflega vildu þau fara leiðir í kring um ráðhúsið en við tókum ekki í mál að það væri farið í nærliggjandi götur við ráðhúsið,“ segir Árni Friðleifsson, varðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar. Ein kjördeilda Reykvíkinga er í ráðhúsinu.

Franska sýningin, sem er opnunaratriði Listahátíðar í Reykjavík, fjallar um svokallaða risessu sem freistar þess að hemja föður sinn sem óvart er vakinn af aldalöngum svefni og er í versta skapi.

„Við höfum átt marga samráðsfundi með lögreglunni og höfum samræmt leiðirnar eftir þeirra óskum. Það verður til að mynda ekki farið hjá ráðhúsinu,“ segir Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi listahátíðarinnar.

Risessan er átta metra há brúða sem stýrt verður víða um miðborgina. Ferð hennar hefst í Hljómskálagarðinum klukkan hálf ellefu á föstudag. Þá gengur hún Fríkirkjuveg, Pósthússtræti, Tryggvagötu, Hafnarstræti að Lækjartorgi og þaðan upp Bankastræti og Skólavörðustíg að Hallgrímskirkju þar sem hún leggur sig til hvílu klukkan eitt. Eftir tveggja tíma blund heldur risessan aftur niður Skólavörðustíg og Klapparstíg, upp Laugaveg og þaðan norður Snorrabrautina og vestur Sæbrautina að hafnarbakkanum þar sem hún leggst til svefns.




**LEIÐIR RISESSUNNAR** Bláa línan sýnir leið risessunnar fyrir hádegi á kjördag.



**ÁRNI FRIÐLEIFSSON**



**ÞÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR**



**RISESSAN** Á gangi í Chile í fyrra.

Laugardaginn 12. maí, á kjördag, fer risessan frá hafnarbakkanum klukkan hálf ellefu og gengur að Ingólfstorgi. Þaðan fer hún um Aðalstræti, Lækjargötu og Fríkirkjuveg og aftur að Lækjartorgi. Lokaganga risessunnar hefst þennan sama dag klukkan þrjú. Þá gengur hún frá Lækjartorgi, upp Hverfisgötuna, aftur upp á Snorrabraut og niður á Sæbraut og að hafnarbakkanum þar sem verkinu lýkur um klukkan fimm. Götum verður lokað rétt á meðan sýningin fer þar um.

Þórunn lofar borgarbúum miklu sjónarspili. „Eurovision og kosningarnar munu falla algerlega í skuggann – ég lofa því.“

gar@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KEIMLIKT NÆSTU DAGA**

Veðurkortin næstu daga eru keimlík. Horfur eru á norðlægum átt með fremur svölu veðri, einkum þó fyrir norðan og austan þar sem stöku él gætu potað sér niður. Syðra verður bjart með köflum í dag en síðan þykknar upp og smáskúrir verða þar á morgun. Úrkomulítið verður svo á fimmtudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg breytileg átt. Bjart með köflum en þykknar smám saman þegar líður á daginn. Hiti 3-6 stig að deginum.

*um hádegi »*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C rigning | London | 16°C skúrir | Alicante | 25°C heiðskírt |
| Billund | 14°C skúrir | París | 20°C hálfskýjað | Mallorca | 24°C hálfskýjað |
| Osló | 15°C skúrir | Frankfurt | 19°C skúrir | Basel | 19°C skúrir |
| Stokkhólmur | 16°C rigning | Friedrichshafen | 12°C rigning | Eindoven | 15°C skúrir |
| Gautaborg | 11°C rigning | Berlín | 14°C rigning | Las Palmas | 28°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Trúir þú á tilviljanir?

- Á lista Sameinuðu þjóðanna þar sem ríkjum heims er raðað eftir lífskjörum er Ísland í 2. sæti.
- Í könnun viðskiptaháskólans í Sviss er Ísland í 4. sæti á lista yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims í samanburði 60 landa og í efsta sæti í Evrópu.
- Alþjóða efnahagsstofnunin mælir samkeppnisstöðu 117 hagkerfa og er Ísland í 14. sæti og hefur hækkað um 18 sæti síðan árið 1995.
- Í könnun Alþjóðabankans sem tók til þess hvar viðskiptaumhverfi væri einfaldast eða vænlegast lenti Ísland í 12. sæti.
- Atvinnuleysi mælist lægst hér á landi meðal allra Evrópuríkja og þótt víðar væri leitað.
- Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB (2004) var Ísland í 3. sæti þeirra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu sem mest lögðu fram til rannsókna og nýsköpunar.
- Nýleg samanburðarrannsókn bendir til þess að stjórnarfarslegur stöðugleiki hér sé sá mesti sem þekkist.
- Samkvæmt nýrri skýrslu frá Alþjóða efnahagsstofnuninni erum við Íslendingar í 4. sæti þegar skoðuð er staða þjóða í jafnréttismálum.
- Ísland er í 2. sæti yfir þau lönd þar sem spilling er talin minnst.
- Ísland er í 6. sæti á lista OECD yfir ríkustu lönd heims (2005). Þar er borin saman verg landsframleiðsla á mann með tilliti til kaupmáttar. Kaupmáttur hér á landi var þá 23% hærri en að meðaltali í aðildarríkjum OECD.
- Ísland er þriðja aðgengilegasta landið fyrir erlenda fjárfesta samkvæmt úttekt viðskiptatímaritsins Forbes.
- Samkvæmt niðurstöðum sem bandaríska rannsóknarstofnunin The Heritage Foundation og stórblaðið Wall Street Journal birtu í janúar var Ísland í 5. sæti á lista yfir þau lönd þar sem mest viðskiptafrelsi ríkir.



Telur þú rétt að halda áfram á sömu braut eða er rétt að ýta á stopp takkann og horfa á aðrar þjóðir sigla fram úr okkur?

Íslenska efnahagsundrið er engin tilviljun. Það er afrakstur markvissrar stefnumótunar sem miðar að því að Ísland sé alls staðar í fremstu röð.

Við erum rétt að byrja.

## Árangur áfram - ekkert stopp

XB 2007

framsokn.is

Framsókn

## KJÖRKASSINN



*Ferð þú reglulega til tannlæknis?*

| | |
|---|---|
| Já | 65% |
| Nei | 35% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti að leyfa sölu léttvíns og bjórs í matvöruverslunum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Búið er að kanna vettvang flugslyssins í Kamerún:

# Enginn komst lífs af

**KAMERÚN, AP** Enginn þeirra 114 manna sem voru í kenýsku farþegaþotunni sem hrapaði í skógi í Kamerún á föstudag komst lífs af. Þetta fullyrti Luc Ndjodo, fulltrúi þarlendra yfirvalda, eftir að hafa kannað vettvang slyssins. Aðspurður sagðist hann ekki hafa séð neina á lífi. „Nei,“ svaraði hann. „Ég var þarna. Ég sá engan.“

Vélin lenti í mýrlendi og sökk að stórum hluta í forarbrúnt vatn. Brak úr vélinni dreifðist um stórt svæði. Verið er að undirbúa að dæla vatninu burt og er þannig vonast til að hægt verði að finna lík allra farþeganna.

Mjög erfið skilyrði eru á svæðinu, þykkur skógur og tuttugu mínútna gangur þangað sem bílar komast næst. Því þarf að bera lík og líkamshluta á börum langa leið til að unnt sé að flytja látna í líkhús.

Vélin var á leið frá Douala, höfuðborg Kamerún, til Naíróbí, höfuðborgar Kenýu, og hrapaði eftir einungis tuttugu kílómetra flug. Ekki liggur fyrir hvað olli slysinu, en bandarískur sérfræðingur í flugmálum segir að í ljósi þess hversu snemma eftir flugtak vélin hrapaði bendi allt til þess að um stórkostlega bilun í byggingu vélarinnar hafi verið að ræða. - sh



**FRÁ VETTVANGI** Björgunarsveitarmenn á vettvangi þar sem þotan hrapaði í fenjaskógi nærri Mange Pongo í Kamerún. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Fullkomnasti farsími í heimi



**Nokia N95**
5 megapixla myndavél
mp3 spilari
3 Kynslóð
WLAN
GPS

**100 fríar stafrænar framkallanir frá Hans Petersen fylgja**

Farsímalagerinn.is

ÞÚ GRÆÐIR EKKERT Á AÐ VERSLA ANNARSSTAÐAR


# Arnarvarpið í vanda

**Fjögur högl fundust í haferni sem fannst dauður nýverið. Illa lítur út með arnarvarp í ár. Meira hefur borið á truflunum á varpslóðum arna í vor en undanfarið. Erfitt að koma lögum yfir þá sem trufla varpið segir fuglafræðingur.**

**NÁTTÚRA** Arnarvarp virðist ekki hafa gengið vel í ár, og er aðeins vitað um 33 arnarhreiður samanborið við allt að 44 á árum áður. Áætlað er að 64 fullorðin arnarpör séu á Íslandi, og því innan við helmingur sem hefur verpt í ár.

„Það hefur borið venju fremur mikið á truflunum. Þótt það sé kannski erfitt að fullyrða hvað þær hafa í för með sér,“ segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ).

Að minnsta kosti fjögur högl fundust með röntgenmyndatöku af fullvöxnum haferni sem fannst dauður við Breiðafjörð í apríl, en Kristinn segir ekki hægt að fullyrða að þau hafi dregið fuglinn til bana. Hann segir það sorglegt að nú þegar hafernir hafi verið friðaðir í næstum heila öld hér á landi séu enn merki um að skotið sé á fuglana. Það sé alltaf afar slæmt þegar fullvaxinn fugl drepist, það taki haferni 5-6 ár að verða kynþroska, og fullvaxnir fuglar því afar dýrmætir fyrir stofninn.

Eftirlitsmenn fundu að auki merki um truflanir við 12 af 75 varpsvæðum sem könnuð voru í vor. Tveir varphólmar höfðu verið brenndir, grjót borið í hreiður og fuglahræður og flögg sett upp til að fæla erni frá óðulum.

Skýrt er í lögum að bannað er að trufla arnarvarp, en Kristinn segir erfitt að koma lögum yfir þá sem trufli varpið, hreiðrin séu afskekkt og erfitt að finna sökudólga og sönnunargögn. Því sé brýnt að auka eftirlit með arnarvarpinu og auka áróður og fræðslu.

Kristinn segir erfitt að fullyrða um áhrifin af truflununum. Í einstaka tilvikum skýri það af hverju ákveðin pör hafi ekki orpið, en aðrar ástæður komi væntanlega einnig til. Tíðarfar í vor hafi þó einmitt verið álitið hagstætt og því komi ástandið nokkuð á óvart.

Þeir sem reyna að trufla arnarvarp eru yfirleitt æðarbændur sem vilja með því verja varp sitt fyrir ránfuglinum. Kristinn segir að langflestir æðarbændur virði friðhelgi arnarins, en örfáir komi óorði á stéttina með því að trufla ernina. brjann@frettabladid.is



**Í MYNDATÖKU** Hrund Ýr Óladóttir dýralæknir röntgenmyndaði örninn sem fannst dauður við Breiðafjörð á dögunum. MYND/NÍ



**RÖNTGEN** Á þessari röntgenmynd sjást tvö högl greinilega, og eitt til viðbótar má sjá óglöggt ofarlega til vinstri. MYND/NÍ


Framtíð Íslands ræðst á kjördag.
Seljum ekki landið - fellum stóriðjustefnuna.



Ómar Ragnarsson
fréttamaður
FYRSTA SÆTI RVK SUÐUR

ÍSLANDSHREYFINGIN
lifandi land

www.islandshreyfingin.is


Stjórn Keilis réð forstöðumann fagskóla án þess að auglýsa stöðuna:

# Staða Hjálmars var ekki auglýst

**ATVINNUMÁL** „Við höfðum strax samband við Hjálmar [Árnason] vegna þess að reynsla hans á eftir að skipta sköpum í þessu starfi,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, um ráðningu Hjálmars Árnasonar, fráfarandi þingmanns Framsóknarflokksins, sem forstöðumanns starfsgreinatengds fagskóla. Hann verður með höfuðstöðvar á svæði gömlu herstöðvar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Staða Hjálmars var ekki auglýst og því hafði enginn annar tækifæri til þess að sækjast eftir stöðunni.

Runólfur Ágústsson, fyrrverandi rektor Háskólans á Bifröst, er framkvæmdastjóri fræðamiðstöðvarinnar sem ber heitið Keilir, hlutafé þess í upphafi er um 300 milljónir króna. Meðal hluthafa í Keili eru Hitaveita Suðurnesja, fjárfestingafélagið Geysir Green Energy, Háskóli Íslands og ýmis önnur útrásarfyrirtæki.

Fyrsta verkefni Keilis verður að stofnsetja frumgreinadeild fyrir næsta skólaár en námið við deildina verður þróað í samráði við Háskóla Íslands.

Hjálmar verður forstöðumaður stofnunar starfsgreinatengds fagskóla en fyrsta skref hans verður að koma á fót flugakademíu í samráði við fyrirtæki í flugþjónustu. Ýmis flugtengd störf verða kennd í akademíunni.

Runólfur segir stjórn Keilis hafa sett sig í samband við Hjálmar um leið og ljóst var að hann myndi hætta þingstörfum. „Hjálmar hefur mikla reynslu af skólamálum og var meðal annars skólastjóri í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Stjórnin lagði áherslu á að fá Hjálmar strax til starfa og ég fagna því að það hafi tekist.“

Árni Sigfússon er formaður stjórnarinnar.

Ekki náðist í Hjálmar Árnason, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - mh



**HJÁLMAR ÁRNASON** Stýrir starfstengdum fagskóla.



**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON** Fagnar ráðningu Hjálmars.


kópavogsdagar
5.–11. maí 2007

**Meðal dagskráratriða í dag, 8. maí:**

- **Leikskólinn Efstahjalla** kl. 9–16. Sýning og opið hús.
- **Íþróttahúsið Smáranum** kl. 10.30. Íþróttadagur Glóðarinnar. Sýningar og gömlu góðu leikirnir.
- **Hamraborg 11** kl. 16–18. Opið hús hjá Kópavogsdeild Rauða krossins. Sjálfboðaliðar kynna verkefni. Veitingar.
- **Digranesskóli** kl. 16. Sólkerfisganga fyrir almenning.
- Myndlistarsýningar • danssýning • opin hús.

**Kynnið ykkur dagskrána nánar á kopavogur.is**

PIPAR • SÍA • 70808-A

# VIÐ BORGUM OG BORGUM EN ALLTAF HÆKKA LÁNIN!

# AFNEMUM VERÐTRYGGINGUNA



Guðjón A. Kristjánsson
Norðvesturkjördæmi



Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi



Jón Magnússon
Reykjavík Suður



Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi



Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík Norður



Grétar Mar Jónsson
Suðurkjördæmi

Þeir sem fengið hafa lán til húsnæðiskaupa kannast við að þrátt fyrir stöðugar afborganir kemur nær alltaf fram á greiðsluseðlinum að höfuðstóll lánsins, með verðbótum, hafi hækkað. Þessu veldur verðtryggingin.

Nauðsynlegt er að bankarnir bjóði okkur Íslendingum sambærileg lán og bjóðast erlendis, þar sem engin verðtrygging þekkist.

## Við viljum búa í sanngjarnara samfélagi

- Skattleysismörk hækki strax í 150 þúsund hjá þeim tekjulægstu.

- Aldraðir og öryrkjar geti haft 1.000.000 kr. tekjur án bótaskerðingar og tekjutenging við maka verði afnumin.

- Lífeyrisgreiðslur beri 10% skatt líkt og fjármagnstekjur.

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061



**APINN OG STÚLKAN** Ung kínversk stúlka settist þarna á bekk hjá apa nokkrum í dýragarði í Sjanghæ nú í vikunni þegar Kínverjar héldu sína árlegu maíhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Rannsóknarlögreglan á Eskifirði rannsakar meint kynferðisbrot gagnvart stúlku:

# Kærður fyrir kynferðisbrot í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Rannsóknarlögreglan á Eskifirði hefur til rannsóknar meint kynferðisbrot pilts gagnvart tvítugri stúlku sem átti sér stað í bíl aðfaranótt laugardagsins 28. apríl á Egilsstöðum. Stúlkan lagði fram kæru hjá lögreglunni á Egilsstöðum en rannsóknardeildin á Eskifirði fékk málið í kjölfarið til rannsóknar.

Stúlkan kærði piltinn, sem er á svipuðum aldri og hún, fyrir að beita sig kynferðislegu ofbeldi inni í bíl sem hún hafði verið farþegi í ásamt öðrum en þau voru tvö í bílnum þegar meint brot á að hafa átt sér stað. Vitnaleiðslur hafa staðið yfir vegna málsins undanfarna viku.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fékk stúlkan, sem er nemandi í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, taugaáfall nokkrum dögum eftir að meint brot átti sér stað og fór hún til foreldra sinna sem búa á suðvesturhorni landsins í kjölfarið.

Lögreglan verst frétta af málinu en staðfestir að teknar hafi verið skýrslur af fólki sem hafði verið að skemmta sér með stúlkunni fyrr um kvöldið og einnig fólki sem hugsanlega varð vitni að undanfara þess að meint brot átti sér stað. **- mh**



**FRÁ EGILSSTÖÐUM** Lögreglan rannsakar hvort brotið hafi verið gagnvart stúlku með kynferðislegum hætti.

Senda út á breiðtjaldsformi:

# Hentar nýjum sjónvarpstækjum

**TÆKNI** Stöð 2 og Sýn hafa hafið útsendingar á breiðtjaldsformi, sem hentar nýjum sjónvarpstækjum sem eru hönnuð fyrir hlutföllin 16:9. Í tilkynningu frá Stöð 2 kemur fram að slík sjónvarpstæki séu á um helmingi íslenskra heimila.

Flestir innlendir þættir á Stöð 2 og Sýn eru sýndir með breiðtjaldssniði, en áhorfendur þurfa að velja það sérstaklega á myndlyklum sínum. Fyrst um sinn verða aðeins sumir erlendir þættir sýndir með breiðtjaldssniði. Til stendur að auðkenna útsendingar þar sem boðið er upp á þennan möguleika. **- bj**


REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

LAUS STAÐA

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA

**Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólastjóra við Holtaskóla í Reykjanesbæ.**

Kennaramenntun er skilyrði og æskilegt að umsækjandi búi yfir reynslu af stjórnun. Einnig er mikilvægt að umsækjandi búi yfir mikilli samskiptahæfni og vilja til að axla ábyrgð í starfi.

Umsækjandi þarf að geta hafið stöf 1. ágúst n.k. Næsti yfirmaður aðstoðarskólastjóra er skólastjóri.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og K.Í.

Nánari upplýsingar gefur Jóhann Geirdal skólastjóri í síma 421 1135. Upplýsingar um skólann má finna á slóðinni: *holtaskoli.is.*

Umsóknir skulu berast Starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ fyrir 22. maí n.k. merktar; *Aðstoðarskólastjóri.*

Einnig er bent á rafræn umsóknareyðublöð á upplýsingavef Reykjanesbæjar.

**Starfsþróunarstjóri.**



Fræðslusvið

••• reykjanesbaer.is


# SKILABOÐ DAGSINS FRÁ FORMÖNNUM FLOKKANNA

Ómar Ragnarsson (I)

## Uggvænleg þróun



Frétt um það að Alcoa kunni að yfirtaka Alcan sýnir að full ástæða var fyrir því á vorþingi Íslandshreyfingarinnar í fyrradag að vara sterklega við því að orkuauðlindin og afnot hennar geti komist í eigu voldugs erlends auðhrings. Þessi þróun er uggvænleg í ljósi þess hvernig íslensk stjórnvöld ráðstafa sífellt verðmætari orku landsins til álfyrirtækja á útsöluverði og stefna að því að fyrirhuguð álver muni þurfa alla virkjanlega orku landsins með ómældum náttúruspjöllum og aðeins veita 2% af vinnuafli landsmanna atvinnu.

Steingrímur J. Sigfússon (V)

## Ísland á einni hendi?



Í gær barst hrollvekjandi áminning um það hversu hættulegt er að setja öll eggin í sömu körfuna þegar fréttist af fjandsamlegri yfirtökutilraun Alcoa á álrisanum Alcan. Afleiðingar af svona sviptingum geta hæglega orðið til þess að öll eða svo til öll álframleiðsla landsins yrði á einni hendi. Með því eignast einn erlendur auðhringur langstærstan hluta íslensks orkumarkaðar. Ég trúi ekki öðru en að Íslendingar hugsi sinn gang á lokametrum kosningabaráttunnar og hafni stóriðjuflokkunum næstkomandi laugardag. Nú er nóg komið!

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)

## Fjárfestum í menntun



Í gær kynntum við í Samfylkingunni metnaðarfullt fjárfestingarátak í menntun þar sem við setjum stefnuna á að íslenska skólakerfið jafnist á við það besta sem gerist. Við ætlum að einbeita okkur sérstaklega að aukinni fullorðinsfræðslu, minnka miðstýringu, auka sveigjanleika í námi, bjóða ókeypis skólabækur í framhaldsskólum og minnka brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Við setjum stefnuna á að auka menntunarstig þjóðarinnar um eitt ár á mann að meðaltali. Það myndi auka tekjur þjóðarbúsins um hvorki meira né minna en 40 milljarða króna á ári. Við högnumst öll á fjárfestingu í menntun.

Jón Sigurðsson (B)

## Tökum mið af dómi kjósenda



Á undanförnum árum hafa orðið hér á landi ótrúlegar framfarir. Kaupmáttur hefur aukist, atvinnuleysi er lágt, menntun hefur vaxið gríðarlega, atvinnulífið er í blóma, staða ríkissjóðs er sterk og getan til að efla velferðarkerfin enn frekar því mikil. Ef niðurstöður kosninga verða hins vegar í takt við nýlegar kannanir mun Framsóknarflokkurinn ekki eiga aðild að næstu ríkisstjórn og óvíst hvernig ný ríkisstjórn heldur á stjórn landsmála.

Svarhlutfall kannana er þó lágt og hlutfall óákveðinna allnokkuð. Vísbendingar eru um að stuðningur við ríkisstjórnina fari vaxandi og sömuleiðis hlutfall þeirra sem vilja Framsóknarflokkinn áfram í ríkisstjórn. Skilaboð mín til þeirra eru einföld. Framsóknarflokkurinn fer ekki í ríkisstjórn, hvorki til hægri né vinstri ef fylgið fer ekki hækkandi. Við munum einfaldlega taka mið af dómi kjósenda.

Guðjón Arnar Kristjánsson (F)

## Sanngjarnara samfélag.



Frjálslyndi flokkurinn telur afdráttarlaust að svo sé komið í íslensku samfélagi að leiðrétta beri velferðarhallann sem aukist hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er augljóst að tekjulægstu einstaklingarnir hafa orðið útundan við skattabreytingar undanfarinna ára. Nú er komið að því að bæta kjör þeirra lægst launuðu og það ætlum við að gera með því að hækka skattleysismörk þeirra í 150.000 kr. á mánuði. Það er réttlætismál fyrir þjóðina að verðtrygging verði afnumin og vaxtakjör hér á landi verði sambærileg og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Óréttlætið er þó mest gangvart öldruðum og öryrkjum. Frjálslyndi flokkurinn ætlar að koma á milljón króna frítekjumarki og afnema tekjutengingu við maka. Kjósum sanngjarnara samfélag, öllum til hagsbóta.

Geir H. Haarde (D)

## Velferðarmálin áberandi



Einn skemmtilegasti hluti kosningabaráttunnar eru þeir fjölmörgu fundir og viðburðir sem haldnir eru víðs vegar um land. Ég hef fundið það vel á fundum okkar sjálfstæðismanna og samtölum við kjósendur undanfarna daga og vikur að velferðarmálin eru fólki hugleikin í þessari kosningabaráttu. Það er eðlilegt og skiljanlegt, því við viljum að sjálfsögðu öll tryggja að velferðarkerfið sé öflugt og að þeim sem á þurfa að halda séu tryggð mannsæmandi kjör. Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að án öflugrar verðmætasköpunar stendur velferðin á veikum grunni. Það er því mikilvægt að við höldum áfram að ná árangri í efnahagsmálum með ábyrgri efnahagsstjórn og kraftmiklu atvinnulífi.


Samfylkingin

Kjósum það besta fyrir börnin





Kynntu þér Unga Ísland á xs.is

xs

**Guðbjartur Hannesson,** 1. sæti norðvesturkjördæmi

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir,** 4. sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður



GLITNIR, Í SAMSTARFI VIÐ FRANSKT VOR
Á ÍSLANDI, BÝÐUR RISESSUNA ÚR SMIÐJU
FRANSKA GÖTULEIKHÚSSINS ROYAL DE LUXE
VELKOMNA Á GÖTUR REYKJAVÍKUR
DAGANA 11. OG 12. MAÍ

Listahátíð í Reykjavík 2007

POURQUOI PAS?
FRANSKT VOR Á ÍSLANDI
WWW.FRANSKTVOR.IS

GLITNIR




Borgarstjórinn verður við óskum um opinn fund um heimili fyrir heimilislausa:

# Fundar með íbúum Njálsgötu

**STJÓRNSÝSLA** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri ætlar að verða við óskum íbúa og húseigenda á Njálsgötu og eiga með þeim fund um fyrirhugað heimili fyrir heimilislausa á Njálsgötu 74.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur fjöldi fólks í nágrenni Njálsgötu 74 skrifað undir mótmæli vegna heimilisins sem þar á að reka fyrir tíu karla. Nágrannarnir telja borgaryfirvöld hafa staðið illa að því að kynna málið. Langflestir vissu fyrst um málið eftir að Fréttablaðið skýrði frá því. Kröfðust nágrannarnir þess að Vilhjálmur borgarstjóri og Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur, útskýrðu málið á opnum fundi. Samkvæmt tölvupósti sem nágrannarnir hafa fengið frá Jórunni er borgarstjórinn reiðubúinn að eiga með þeim fund eftir tvær vikur, eða þriðjudaginn 22. maí.

Í tölvupósti nokkurra íbúa við götuna hvetja þeir nágranna sína til að mæta á fundinn:

„Mjög mikilvægt er að við fjölmennum á þennan fund, ekki bara til að mótmæla heldur til að afla okkur upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi og fá tækifæri til að spyrja gagnrýnna spurninga. Leggjum við til að allir undirbúi nokkrar spurningar og spyrji borgarstjóra, formann velferðarráðs og aðra sem þarna mæta fyrir hönd borgarinnar þeirra spurninga sem á þeim brenna,“ segir í fjöldapósti til íbúa nærri Njálsgötu 74.

- gar


**VILHJÁLMUR Þ. VIHJÁLMSSON** Borgarstjórinn ræðir við óánægða íbúa á Njálsgötu eftir tvær vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samið um kaup á nýrri eftirlitsflugvél

**Skrifað var undir samning um kaup á nýrri eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands í gær. Kemur til landsins í júlí 2009 og kostar 2,1 milljarð króna. Tilviljun að skrifað er undir samning mánudag fyrir kosningar segir ráðherra.**

**LANDHELGISGÆSLAN** Landhelgisgæsla Íslands (LGH) fær nýja eftirlitsflugvél sem sérstaklega er hönnuð fyrir löggæslu, leit og björgun afhenta í júlí 2009, en skrifað var undir samning um kaup og breytingar á vélinni í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

Vélin er af gerðinni Dash 8-Q300, og mun leysa hina 30 ára gömlu Fokker-vél gæslunnar af hólmi. Flugvélin verður smíðuð af fyrirtækinu Bombardier í Kanada, og svo breytt í eftirlitsflugvél af Field Aviation í Kanada. Kostnaður við kaup og breytingar á vélinni verða um 2,1 milljarður króna, miðað við gengi dollarsins í dag, auk þess sem um 200 milljónum króna verður varið í að koma upp varahlutalager fyrir vélina.

Georg Kr. Lárusson, forstjóri LGH, segir að þegar vélin verði afhent verði gjörbylting á starfsemi gæslunnar. Stærsta breytingin sé trúlega afar fullkominn samskiptabúnaður vélarinnar.

„Við erum að fá flugvél með nýjustu tækni til að stunda eftirlit, fylgjast með umferð, mengun og fleiru,“ segir Georg.

Vélin verður búin ýmsum tækjabúnaði, og mun geta greint mengun og hafís að nóttu sem degi, sem og skipategundir, athafnir og auðkenni. Geirþrúður Alfreðsdóttir, flugrekstrarstjóri LGH, nefnir sem dæmi að myndavél á vélinni geri áhöfninni kleift að lesa 25 cm háa stafi á bátshlið í um 9 kílómetra fjarlægð að degi, og 2,8 kílómetra fjarlægð að nóttu til.

Geirþrúður segir að vélin henti afar vel við íslenskar aðstæður, hún geti lent og tekið á loft af stuttum flugbrautum og í talsverðum hliðarvindi. Flugþolið sé svipað og á Fokker-vélinni sem landhelgisgæslan á í dag.

Sænska strandgæslan hefur samið um kaup á þremur samskonar vélum, og fær þá fyrstu afhenta í sumar. Georg segir að haft hafi verið samstarf við sænsku strandgæsluna, sem hafi stytt til muna þann tíma sem hafi þurft til að undirbúa útboð á vélinni, ákveða hvaða búnað þurfi að kaupa og hvað henti við eftirlit yfir Norður-Atlantshafi.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skrifaði undir samninga um kaup á vélinni í gær. Hann segir það tilviljun að skrifað sé undir slíkan samning í vikunni fyrir kosningar. „Ég hef ekki stýrt neinum tímasetningum í þessu, það eru ríkiskaup og þeir sem eru í þessum samningum sem ráða því.“

brjann@frettabladid.is



**EFTIRLITSVÉL** Ný flugvél Landhelgisgæslu Íslands getur numið mengun með sérstökum radar að nóttu sem degi, en í dag eru það mannsaugun um borð í Fokker-vél gæslunnar sem fylgjast með mengun.


**HANDSALAÐ** Þeir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra (til hægri) og Joseph Farrell, forstjóri Field Aviation, handsöluðu samninginn ásamt Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Jafnrétti í reynd - atkvæði kvenna**

Hádegisfundur um jafnréttismál í Iðnó í dag 8. maí kl. 12:15

**Árelía Eydís Guðmundsdóttir mun kynna vottun á jafnlaunastefnu fyrirtækja.**

Frambjóðendur sitja fyrir svörum.

Allir velkomnir!
Framsókn í Reykjavík

2007

www.framsokn.is/reykjavik



LEXUS
The pursuit of perfection
GS
DREGIÐ Í KVÖLD!
6xLexus GS 300
+ 6,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!
6xHarley V-ROD
+ 3 milljónir
í bakpokann
á tvöfaldan miða!
MOTOR HARLEY-DAVIDSON CYCLES
Tryggðu þér miða fyrir kl. 18
50 þúsund vinningar dregnir út á árinu!
40 aðalvinningar á 2 milljónir hver eða
4 milljónir á tvöfaldan miða.
Hringdu núna í síma 561 7757
Kauptu miða á www.das.is
HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku
ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35362 04/07

VERKFRÆÐIDEILD




UMHVERFIS- OG BYGGINGAR- VERKFRÆÐI



Greining burðarvirkja
Mannvirkjahönnun
Vatna- og straumfræði
Umhverfisverkfræði
Jarðtækni og grundun
Skipulag og samgöngur
Framkvæmdafræði
Náttúruvá



Umsóknarfrestur er til 6. júní

Nánari upplýsingar á www.verk.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

Endurskoðun á skipulagi sérgreina lækninga á LSH að hefjast:

# Sérgreinarnar flestar hér

**HEILBRIGÐISMÁL** Hafin er endurskoðun á því hvernig sérgreinum lækninga verði hagað á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, LSH. Í nýlegri samantekt Magnúsar Péturssonar forstjóra kemur fram að mikilvægt sé að reglugerð um sérfræðimenntun og sérfræðileyfi lækninga verði endurskoðuð og löguð að ákvæðum ESB og aðstæðum hér. Ákveða þurfi hvaða sérgreinar og undirsérgreinar eigi að starfrækja við LSH.

Í samantektinni er bent á að sérgreinar og undirsérgreinar séu samtals sjötíu og fimm talsins hér á landi eða mun fleiri en annars staðar á Norðurlöndum. Íslendingar hafi 26 aðalsérgreinar og tæplega fimmtíu undirsérgreinar meðan aðrar nágrannaþjóðir takmarki fjölda undirsérgreina. Ákveða þurfi „hvaða sérgreinar eigi að starfrækja við LSH og hvaða undirsérgreinar," segir í samantektinni.

Yfir sérgreinum, sérstökum verkefnum og fjórum öðrum verkefnum starfa samtals tæplega áttatíu yfirlæknar. Magnús velti upp þeirri spurningu á kynningarfundi nýlega hvort færa ætti rekstrarlega ábyrgð á yfirlæknana, margir þeirra teldu til dæmis að aukin aðild að starfsmannamálum væri æskileg en af hagnýtum ástæðum gæti verið óráðlegt að færa rekstrarábyrgð alfarið á þeirra hendur. - ghs



**ENDURSKOÐUN** Endurskoðað verður hvaða læknasérgreinar á að hafa við Landspítala - háskólasjúkrahús.

Forstjóri Alcan segir niðurstöðu íbúakosninganna í Hafnarfirði ekki bindandi:

# Gætu kosið oft um stækkun

**UMHVERFISMÁL** „Ég útiloka ekkert í því máli að það verði tekið á því frekar," segir bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar, aðspurður hvort svo geti farið að blásið verði til kosninga um álver í Hafnarfirði á hverju kjörtímabili, eða þar til Alcan hætti við.

„Við höfum ekki umboð til að tala um hvað gerist á næsta kjörtímabili," segir hann. „Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að Alcan myndi skoða sín mál."

Gunnar Guðlaugsson, framkvæmdastjóri rafgreiningar innan ISAL, tekur í sama streng og segir að það „blasi við að þessu var hafnað með mjög naumum meirihluta. Ég tel að ekki sé hægt að líta á kosninguna sem bindandi um aldur og ævi. Annar meirihluti ætti að hafa leyfi til að láta kjósa um þetta aftur," segir Gunnar.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu lét Dick Evans, forstjóri Alcan, þau orð falla á fundi að niðurstaða íbúakosninga í Hafnarfirði hefði tafið fyrir ákvörðuninni um að stækka álverið þar. Hann er bjartsýnn á að Alcan takist að snúa almenningsálitinu.

„Svona stór verkefni verða oft fyrir svona töfum," sagði Evans og tók fram að kosningin í Hafnarfirði hefði ekki verið bindandi. „Nú þurfum við að athuga hvernig við getum aflað stuðnings innan samfélagsins," sagði hann. - kóþ



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Íbúar í Hafnarfirði gætu mátt kjósa um stækkun álversins á hverju kjörtímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

0 kr. í útborgun*

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.




28.412* kr. á mánuði
fyrir beinskiptan Opel Astra 1.6 ( Verð: 1.890.000 kr. )
31.836* kr. á mánuði
fyrir sjálfskiptan Opel Astra 1.8 ( Verð: 2.120.000 kr. )

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Miðað við 100% bílasamning og greiðslur í 84 mánuði.

Aukahlutir á mynd; álfelgur og þokuljós

# ÞESSIR 14 BÍLAR HAFA SANNAÐ SIG SEM SANNKALLAÐIR GÆÐA- OG ÚRVALSBÍLAR



**Toyota Avensis S/D EXE** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 08/03 Ekinn: 58.000 km
Verð: 1.900.000 kr. Skr.nr. PY-169
Sóllúga Spoiler



**VW Golf GTi** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 08/05 Ekinn: 25.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. TS-749



**Toyota Corolla S/D Terra** 1400 Bensín
5 gíra Á götuna: 06/04 Ekinn: 71.000 km
Verð: 1.180.000 kr. Skr.nr. OS-405



**Toyota Corolla H/B Terra** 1400 Bensín
5 gíra Á götuna: 12/04 Ekinn: 37.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. BE-147



**Citroen C3 H/B SX** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.06 Ekinn: 59.000 km
Verð: 1.470.000 kr. Skr.nr. VN-440



**Hyundai Sonata** 2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.03 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.250.000 kr. Skr.nr. MR-585



**Toyota Hilux** 2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 71.000 km
Verð: 3.210.000 kr. Skr.nr. YH-159



**Toyota Land Cruiser 120 VX** 4000 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 60.000 km
Verð: 4.100.000 kr. Skr.nr. JF-496



**Toyota RAV4 2WD** 1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 12.01 Ekinn: 82.000 km
Verð: 1.090.000 kr. Skr.nr. UR-187



**Toyota RAV4** 2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 11/03 Ekinn: 58.000 km
Verð: 1.570.000 kr. Skr.nr. JG-228



**Toyota RAV4** 2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.04 Ekinn: 52.000 km
Verð: 1.980.000 kr. Skr.nr. NY-159



**Toyota Tundra Access CAB 4WD**
4700 Bensín Sjálfsk
Á götuna: 08/00 Ekinn: 46.000 km
Verð: 1.890.000 kr. Skr.nr. PE-871



**Toyota Land Cruiser 100** 4700 Bensín. Sjálfsk, sóllúga
Á götuna: 10/02 Ekinn: 81.000 km
Verð: 4.150.000 kr. Skr.nr. RE-750



**Range Rover New SE** 4400 Bensín sjsk.
Á götuna: 09/02 Ekinn: 87.000 km
Verð: 5.890.000 kr. Skr.nr. KK-765

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 16 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37543 05/07

SVONA SAFNAR ÞÚ GLITNISPUNKTUM

- Kreditkortanotkun
- Gullvild og Platínum
- Viðbótarlífeyrissparnaður
- Eignastýring
- Tryggingar hjá Sjóvá

og margt fleira

SVONA NOTAR ÞÚ GLITNISPUNKTANA

- Útborgun í peningum
- Ferðalög
- Innborgun á sparnað
- Góðgerðamál

og margt fleira

# NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM

Vildarklúbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir viðskiptavini Glitnis. Meðlimir í Gullvild og Platínum geta skráð sig í klúbbinn og safnað verðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt að vera í viðskiptum.

**Vildarklúbbur Glitnis margborgar sig ... punktur!**

# VILDARKLÚBBUR GLITNIS

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

Þeir sem skrá sig fyrir 17. júní fá 10.000 Glitnispunkta strax!

GLITNIR

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útbúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.



**HEIÐURSVÖRÐUR Í KASMÍR** Lögregla Jammu-Kasmír-fylkis á Indlandi stendur heiðursvörð í Srinagar í Kasmír í gær, er Srinagar tók við sem fylkishöfuðborgin. Jammu er höfuðborgin á veturna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samningur yfirlögregluþjóna á Vesturlandi:

# Löggæsla stórefld

**LÖGREGLUMÁL** Viðbragðstími lögreglunnar á Vesturlandi mun styttast og löggæslan verða mun sýnilegri og öflugri en verið hefur. Þetta er innihald samnings sem hefur verið undirritaður af yfirlögregluþjónunum á Vesturlandi.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri segir samninginn gerðan í kjölfar nýlegra breytinga á lögreglulögum.

„Með honum verður leitast við að stytta viðbragðstíma lögreglunnar á Vesturlandi og auka þjónustu hennar við íbúa og vegfarendur í fjórðungnum.

Lögregluliðin munu sjá sameiginlega um allt eftirlit á svæðinu án tillits til umdæmamarka. Þetta verður til þess að hægt verður að stytta viðbragðstímann verulega frá því sem nú er. Þeir lögreglumenn sem næstir eru vettvangi sinna þeim verkefnum sem upp koma og ljúka vettvangsvinnunni,“ segir ríkislögreglustjóri.

Þetta verður meðal annars gert mögulegt með því að nýta betur fjármagn, mannafla og tæki sem tiltæk er á svæðinu. Einnig er stefnt að því að samræma vaktakerfi lögregluembættanna og fjölga sólarhringsvöktum. - jss



**FRÁ UNDIRRITUN** Viðstaddir undirritun f.v. Haraldur Winkel, yfirmaður stjórnsýslusviðs, Ólafur Hauksson, lögreglustjóri á Akranesi, Stefán Skarphéðinsson, lögreglustjóri í Borgarnesi, Ólafur K. Ólafsson, lögreglustjóri Snæfellinga og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri.



**CHRISTIAN KLAR** Klar þykir ekki hafa sýnt mikil merki iðrunar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogi rauðu herdeildarinnar:

# Christian Klar ekki náðaður

**BERLÍN, AP Horst Köhler, forseti Þýskalands, hefur synjað náðunarbeiðni Christians Klar, fyrrverandi forsprakka hryðjuverkahópsins Rauðu herdeildarinnar. Klar er 54 ára og hefur setið í fangelsi í 24 ár. Hann var dæmdur í sexfalt lífstíðarfangelsi fyrir aðild að mörgum alræmdustu morðum samtakanna.**

**Fyrr á árinu var öðrum liðsmanni Rauðu herdeildarinnar, Birgitte Mohnhaupt, sleppt úr fangelsi. Köhler átti fund með Klar í síðustu viku og þótti það benda til þess að líklegt væri að hann fengi einnig náðun, en andstaða við það var hins vegar mikil. Köhler gaf ekki upp forsendu ákvörðunar sinnar.** - sh

Borgarafundur í Bolungarvík:

# Kvótamálin efst á baugi

**ATVINNUMÁL** Fullt var út úr dyrum í ráðhúsinu í Bolungarvík í fyrrakvöld þegar efnt var til íbúafundar vegna atvinnuástands í bæjarfélaginu. Hátt í 70 Bolvíkingar hafa misst vinnuna á síðustu misserum.



**EINAR K GUÐFINNSSON**

Guðmundur Halldórsson, fyrrverandi skipstjóri og skipuleggjandi fundarins, segir að mikil ánægja hefði verið með fundinn.

Frambjóðendur stjórnmálaflokkanna sátu fundinn og að sögn Guðmundar brunnu sjávarútvegsmálin heitast á bæjarbúum.

„Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra var meðal annars spurður út í breytingar á slægingarstuðlinum. Verði af þessum breytingum er um að ræða kvótarýrnun upp á 800 milljónir hér í plássinu,“ segir Guðmundur. - þo

**SKAGAFJÖRÐUR**

## Drangeyjarjarl byggir laug

Jón Eiríksson Drangeyjarjarl ætlar að gera nýja laug austan við núverandi „Grettislaug“ í fjöruborðinu að Reykjum á Reykjaströnd. Búningsaðstaða verður við laugina.

# Óþarfar og óskiljanlegar lagabreytingar

**Stjórnarseta í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er takmörkuð við fimm ár, samkvæmt nýjum lögum um sjóðinn. Hagsmunaaðilar lögðust gegn lagaákvæðinu sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir óþarft og óskiljanlegt.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarmenn í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins má aðeins skipa fimm sinnum, samkvæmt breytingum á lögum um sjóðinn sem Alþingi samþykkti 17. mars.

Eftir því sem næst verður komist er Nýsköpunarsjóður eina stofnunin sem slíkt ákvæði nær til.



**SVEINN HANNESSON**

Alþýðusambandið, Landssamband útvegsmanna, Samtök atvinnulífsins, Samtök fiskvinnslustöðva og Samtök iðnaðarins lögðust í umsögn eindregið gegn takmörkun á skipunartíma stjórnarmanna og sögðu óheppilegt að skipa stjórn til svo skamms tíma í senn.

Í minnisblaði viðskiptaráðuneytisins um málið segir að sjóðir sem fjárfesti í sprotafyrirtækjum þurfi að hafa framsýna og skapandi stjórn. Því sé lagt til að menn verði ekki skipaðir til stjórnarsetu oftar en fimm sinnum. Jafnframt segir að stjórnarmenn Nýsköpunarsjóðs hafi flestir setið skemur en sem þessu nemur og ekki séð að það breyti miklu fyrir skipunartíma núverandi stjórnarmanna. „Hér er því fyrst og fremst um að ræða varúðarreglu, sem er í anda góðs verklags,“ segir í minnisblaðinu.

Viðskiptaráðherra skipar alla fimm stjórnarmenn Nýsköpunarsjóðs til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra tilnefna hvor sinn stjórnarmanninn, einn er skipaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambandsins, einn eftir ábendingu samtaka fyrirtækja í iðnaði og einn eftir ábendingu samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, er óánægður með breytinguna og kveðst ekkert skilja í henni. „Þetta er óskiljanlegt og óþarft,“ segir Sveinn. „Meirihluti stjórnarmanna er tilnefndur af atvinnulífinu; ASÍ, iðnaðinum og sjávarútveginum og




**NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS** Frá og með vorinu mega menn mest sitja fimm ár í stjórn sjóðsins. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins skilur ekkert í nýju lagaákvæði.

þessir aðilar ættu að geta sett sér reglur ef þeir vilja hafa einhverjar reglur. Ráðherrarnir geta svo auðvitað skipt um sína fulltrúa eins oft og þeir vilja en þeir þurfa ekki að setja um það lög.“ Að auki telur Sveinn aðrar breytingar laganna til þess eins fallnar að auka afskipti og inngrip ráðherra í starfsemi sjóðsins. „Ráðherra ákveður og ráðherra samþykkir. Þarna gætir tilhneigingar til að auka áhrif ráðherra á sjóðinn sem við teljum ekki til bóta,“ segir Sveinn Hannesson.

bjorn@frettabladid.is




Fullur sími
E
F
Frelsi
FYLLTU Á FRELSIÐ MEÐ SÍMANUM
Nú getur þú hringt í 1441 og fyllt á Frelsið með símanum þínum – þú þarft bara að skrá debet- eða kreditkortið þitt einu sinni á Mínu Frelsi á siminn.is eða í verslunum Símans
Fylltu á Frelsið með GSM símanum og þú færð:*
- 0 kr. í 2 GSM vini
- 0 kr. mínútan eftir fyrstu 3 mínútur hvers símtals
ENNEMM / SÍA / NM27179
* GSM vinir: 60 mín/SMS á dag samtals í 2 GSM vinanúmer hjá Símanum.
* Frelsi stöðvar tímann: Þegar þú hefur talað í 3 mínútur, stöðvum við tímann og þú greiðir ekkert fyrir símtalið næsta hálftímann. Gildir í öll GSM hjá Símanum nema vinanúmer til 1. september 2007.
Áfyllingar með Mínu Frelsi úr GSM símanum eða á Netinu sem eru 1.000 kr. eða hærri virkja ofangreindan afslátt í 30 daga eftir áfyllingu. Nánar á siminn.is
800 7000 – siminn.is
Síminn

## „ORÐRÉTT“

*Annasamt embætti*

**„Ólafur fann fyrir sterkum þreytueinkennum í gærmorgun og því var kallað eftir lækni frá Ólafsvík.“**

ÖRNÓLFUR THORSSON FORSETARITARI UM VEIKINDI ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR, FORSETA ÍSLANDS.

Fréttablaðið 7. maí

*Einlægt*

**„Ég vil byrja á að senda Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, bestu kveðjur með von um að hann nái fullri heilsu sem allra fyrst.“**

GEIR H. HAARDE, FORSÆTISRÁÐHERRA OG FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS.

Fréttablaðið 7. maí

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? BJARTMAR ÞÓRÐARSON

## *Vinnur að plötu með evrópoppi*

Listamaðurinn Bjartmar Þórðarson stendur í stórræðum þessa daga. Hann er önnum kafinn við að semja dansspor fyrir fjöllistaverkefni og fer með hlutverk í nýrri sjónvarpsþáttaröð. Þess á milli vinnur hann að plötu sem inniheldur að eigin sögn evrópopp.

„Undanfarið hef séð ég um hreyfingastjórnun fyrir sýninguna Gyðjan í vélinni, sem verður frumsýnd í varðskipinu Óðni næstkomandi fimmtudag,“ segir Bjartmar. „Leikhópurinn Vatnadansmeyjafélagið Hrafnhildur stendur fyrir sýningunni, en hann samanstendur af leikkonum sem voru allar í sama útskriftarárgangi í Leiklistarskólanum. Þar á meðal Margrét Vilhjálmsdóttir og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir úr Stelpunum.“



Sjálfur fer Bjartmar með hlutverk í nýrri spennuþáttaröð, Pressunni, sem leikstýrt er af Óskari Jónassyni og byggist á handriti eftir nokkra af fremstu glæpasagnahöfundum þjóðarinnar. „Ég fer með hlutverk Lárusar, ljósmyndara á dagblaðinu, sem þættirnir hverfast um. Ætli honum verði ekki bara best lýst sem frekar fúllyndum náunga,“ segir hann hlæjandi og hefur greinilega gaman af að fá tækifæri til að setja upp skeifu fyrir framan vélina.

Þá vinnur Bjartmar að plötu í samvinnu við Örlyg Smára. „Ég er með dansplötu í bígerð, en þetta er allt á vinnslustigi. Eiginlega vil ég ekki segja of mikið að sinni.“ Hann bætir hins vegar við að hægt sé að niðurhala tveimur laganna kostnaðarlaust af síðunum bjartmar.is og myspace.com/bjartmart.

## SKÝSTROKKAR:
### LITLIR EN KRAFTMIKLIR

Skýstrokkur, eða hvirfilbylur, er loft sem snýst ógnarhratt í hring, líkt og niðurfall í baðkari. Hann er aðeins nokkur hundruð metrar í þvermál en vindhraðinn getur farið yfir 100 m/s og er eyðilegging í samræmi við það. Skýstrokkar myndast í óstöðugu lofti, oft í grennd við þrumuveður. Öflugir skýstrokkar eru algengir á vorin í Bandaríkjunum og í Ástralíu. Þeir eru hins vegar óalgengir á Íslandi og yfirleitt ekki öflugir.



## SJÓNARHÓLL
### KOSNINGABARÁTTAN



GLÚMUR BALDVINSSON
Upplýsingafulltrúi.

## *Óskaplega leiðinleg*

„Mér finnst þetta mál með tengdadóttur Jónínu viðsjárvert og undarlegt ef það á að þagga það niður því að ég held að erlendis myndu flestir ráðherrar segja af sér í svona stöðu. Jónína var spurð réttmætra spurninga og svo var viðhafnarviðtal tekið við þessa gullfallegu stúlku sem er væntanleg tengdadóttir hennar,“ segir Glúmur Baldvinsson, upplýsingafulltrúi hjá Tryggingastofnun ríkisins. „Mér finnst að það eigi að rannsaka þetta mál og spyrja Jónínu hvort hún ætli ekki að segja af sér, allavega meðan málið er rannsakað.“

Glúmur telur að kosningabaráttan hafi verið óskaplega leiðinleg. „Það er helst verið að tala um tannheilsu barna, sem ég hef ekkert á móti en það vantar bara að fólk tali um aðalmálin. Þetta er leiðinlegasta kosningabarátta sem ég hef orðið vitni að.“

vísir

# Blakað til sóknar

**Eins og margt skrýtið og skemmtilegt í þessari veröld er blakíþróttin upprunnin í Bandaríkjunum. Blak var fyrst spilað um þarsíðustu aldamót. Svo vel féll það iðkendum í geð að nú á dögum er íþróttin sú næstvinsælasta í heiminum, samkvæmt upplýsingum alfræðivefjarins Wikipedia, en fátt getur velt knattspyrnu úr efsta sæti listans.**



**SAMSTAÐA** Liðið styrkir samheldnina.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Það er alveg óhætt að segja að blakið sé í stórsókn hér á landi,“ segir Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri Blaksambands Íslands. Hann segir að um nokkurt skeið hafi iðkendum blaks ekki fjölgað en með tilkomu svokallaðs krakkablaks hafi mikil nýliðun orðið og skráðir félagsmenn í Blaksambandi Íslands séu nú tæplega tvö þúsund talsins.

Í lok síðasta mánaðar voru tvö mjög fjölmenn blakmót haldin, annars vegar Íslandsmeistaramót yngri flokka sem haldið var í Snæfellsbæ og hins vegar Öldungamót sem fram fór í Garðabæ. Um 500 börn í 66 liðum tóku þátt í Íslandsmeistaramótinu en um helmingi fleiri keppendur mættu til leiks á móti öldunganna. „Þetta hentar bara öllum svo vel og er líka svo ótrúlega skemmtilegt,“ segir Sævar um ástæður þessarar miklu þátttöku og segir vonir standa til að enn frekari nýliðun verði á næstunni.

karen@frettabladid.is



**TEYGJUR** Áður en tekið er á inni á vellinum þarf að teygja vel á vöðvum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**EINBEITINGIN Í FYRIRRÚMI** Blakið heldur fólki greinilega í formi og áhuginn dofnar ekki með tímanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**VERNDARDÝRLINGUR KVENNANNA Í HK** Sophia Loren fylgdist með stelpunum í HK í keppninni.



**KRAKKABLAK** Einfaldara form íþróttarinnar ruddi sér til rúms árið 2003 og segir framkvæmdastjóri Blaksambands Íslands það njóta síaukinna vinsælda.










KRAUSE

Verklegir vinnupallar

Í Múrbúðinni er glæsilegt úrval af vinnupöllum og -tröppum á sérlega hagstæðu verði

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-17

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Orkuveita Reykjavíkur

# Við tengjum samfélög og auðlindir

Orkuveita Reykjavíkur er tengiliður á milli náttúruauðlinda og samfélaga. Eitt þessara samfélaga er háskólasamfélagið. Íslendingar hafa notið góðs af störfum íslensks vísindafólks og í nýtingu jarðhita erum við í forystu. Þann 6. maí veitti Umhverfis- og orkusannsóknasjóður Orkuveitu Reykjavíkur 100 milljónir króna til 40 rannsóknaverkefna. Markmiðið er að halda forystunni.

Verkefnin sem styrkina hlutu eru margvísleg og ná til fjölda fræðisviða. Flest eru á sviði verkfræði og jarðfræði en mikið ber á umhverfis- og orkusannsóknum ásamt loftslagsverkefnum. Orkuveitan þakkar áhuga íslensks vísindafólks á umhverfis- og orkurannsóknum.

Styrkirnir voru veittir við hátíðlega athöfn í höfuðstöðvum OR. Allar nánari upplýsingar um verkefnin og verkefnisstjórana er að finna á vef Orkuveitunnar, www.or.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 37521 05.2007



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.or.is




Gildir 8. maí á meðan birgðir endast.



99 kr/pk.
Goða pylsur 5 stk. í pk.
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Mexíkó-, papriku- og Jalapeno ostur
99 kr/stk.
Brazzi ávaxtasafi
99 kr/pk.
Egg 6 stk. í pk
99 kr/pk.
Orville örbylgjupopp
99 kr/stk.
Cult orkudrykkur
99 kr/stk.
Fairy uppþvottalögur 500ml
99 kr/pk.
Pampers blautklútar ferðapakkning
99 kr/pk.
Prins Polo 4 stk. í pk.
99 kr/stk.
Sápudýr
99 kr/stk.
GK ís
99 kr/kg
Appelsínur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Komur til geðlækna á árunum 2000-2005




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING** LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

# *Fjölbreytt búfræðitengt nám í boði*

Landbúnaðarháskóli Íslands, sem er með höfuðstöðvar á Hvanneyri, tók til starfa undir fyrrgreindu nafni 1. janúar 2005. Skólinn er rannsóknastofnun á háskólastigi. Auk þess er boðið upp á starfsmenntanám í búfræði og garðyrkjutengdum greinum, sem ekki telst til háskólastigsins.

Þrjár deildir eru við skólann, auðlindadeild, umhverfisdeild og starfs- og endurmenntunardeild.

**Hvar eru starfsstöðvar skólans?**
Auk höfuðstöðvanna á Hvanneyri er skólinn með starfsemi á Reykjum í Ölfusi, Möðruvöllum í Hörgárdal, Hesti í Borgarfirði og Stóra-Ármóti í Árnessýslu. Þá tekur skólinn þátt í efnagreiningum og matvælarannsóknum á Keldnaholti í Reykjavík.

**Hvaða námsbrautir koma til greina?**
Á háskólastigi koma til greina búvísindi, hestafræði, náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði og landgræðsla, og umhverfisskipulag. Boðið er upp á framhaldsnám til meistara- og doktorsprófs á öllum brautum nema hestafræði. Umhverfisskipulagið er hugsað sem fornám fyrir landslagsarkitektúr.

**Hvað felst í starfsmenntanáminu?**
Fimm námsleiðir eru á framhaldsskólastigi við skólann, blómaskreytingar, búfræði, garðyrkjuframleiðsla, skógur/umhverfi og skrúðgarðyrkja. Boðið er upp á fjarnám á fimm brautum, búfræðibraut, garð- og skógarplöntubraut, skógræktarbraut, umhverfisfræðibraut og ylræktarbraut. Auk þess starfrækir skólinn endurmenntunardeild þar sem boðið er upp á fjölda námskeiða árlega.

Uppgefinn fjöldi starfsmanna skólans, sé mið tekið af vefsíðu hans, er 119. Starfsemi skólans hefur aukist umtalsvert og nemendum fjölgað nokkuð. Rektor skólans er doktor Ágúst Sigurðsson.



## SPURT & SVARAÐ
BRENNUVARGAR

### *Með eld á heilanum*



EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
sálfræðingur

Lögreglan á Akureyri leitar brennuvarga sem grunaðir eru um að hafa kveikt í íbúðarhúsi, ruslagámum og ferðaklósettum í bænum. Eyjólfur Örn Jónsson er sálfræðingur.

**Hvernig lýsir íkveikjuæði sér?**
Íkveikjuæði er röskun á hvatastjórnun. Þetta er ekki algeng geðröskun og alls konar hugmyndir eru til um hvaðan þetta kemur og af hverju. Ill meðferð á dýrum, atferlisraskanir, misnotkun í æsku, lærdómstruflanir og athyglissýki eru algengir þættir í fortíð brennuvargs. Einnig er litið á þessa geðröskun sem merki um þróun á öðrum vandamálum eins og upphaf á alvarlegri geðröskun, Brennuvargar eru vissulega með eld á heilanum og andfélagsleg persónuleikaröskun helst oft í hendur við íkveikjuæði.

**Er hægt að lækna brennuvarg?**
Í einhverjum tilfellum er hægt að meðhöndla einstakling með góðum árangri. Í sumum tilfellum eru hugræn atferlismeðferð og skilyrðingar notaðar til meðferðar.


## Auglýsing um slit verðbréfasjóðsins Markbréf

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. hefur ákveðið að slíta verðbréfasjóðnum Markbréf. Er það gert í samræmi við lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Í dag er stærð sjóðsins rúmar 100 m.kr. Miðað við þá stærð telur stjórn rekstrarfélagsins að hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa sé betur komið fyrir í öðrum sjóðum og því verður sjóðnum slitið. Tilkynning þess efnis og önnur gögn um slit hafa verið send Fjármálaeftirlitinu eins og lög gera ráð fyrir.

Gildistaka slitanna mun eiga sér stað fimmtudaginn 31. maí 2007. Hlutdeildarskírteinishafar eru hvattir til að innleysa hlut sinn fram að þeim tíma. Veittur er 100% afsláttur af söluþóknun annarra sjóða sem eru í boði hjá Kaupþingi.

Allar nánari upplýsingar fást hjá ráðgjöfum Kaupþings banka hf. í síma 444 7000 eða á radgjof@kaupthing.is.

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

KAUPÞING


# Sarkozy fékk umboð til umbóta

**Nicolas Sarkozy, verðandi forseti Frakklands, ætlar sér engan tíma að missa í að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum umbótum í anda markaðshyggju og baráttu gegn glæpum, en fyrsti slagurinn sem hann þarf að taka eftir að hann tekur við embætti hinn 16. maí er að berjast fyrir sigri flokks síns í þingkosningum í júní.**



**SIGURSÆLL SARKOZY** Hinn verðandi forseti, bindislaus í gallabuxum, veifar hér vegfarendum er hann yfirgaf hótel í París í gær ásamt fjölskyldu sinni. Hann hyggst verja næstu dögum í friði fyrir kastljósi fjölmiðlanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íhaldsmaðurinn og innflytjendasonurinn Sarkozy sigraði keppinautinn Segolene Royal örugglega með 53,06 gegn 46,94 prósentum atkvæða. Kjörsókn var 84 prósent, samkvæmt lokaúrslitum sem birt voru snemma í gærmorgun. Sigurinn færði Sarkozy skýrt umboð til að hrinda í framkvæmd sýn sinni á framtíð Frakklands: Hann vill losa um hömlur vinnumarkaðarins, kallar 35-stunda-vinnuvikuna „fáránlega“ og áformar hertar ráðstafanir gegn glæpum og innflytjendum.

### „Forseti allra Frakka“

„Franska þjóðin hefur kosið breytingar,“ tjáði Sarkozy stuðningsmönnum í sigurræðu á sunnudagskvöld. Hann talaði einnig til þeirra sem kusu hann ekki og sagðist myndu verða „forseti allra Frakka, án undantekninga“.

Á óvart komu niðurstöður útgöngukannana sem birtar voru í gær. Samkvæmt könnun Ipsos/Dell kusu til að mynda 46 prósent opinberra starfsmanna („blákraga“) Sarkozy, þótt sá hópur sé hefðbundnir vinstrikjósendur. 44 prósent fólks sem hefur úr litlu að spila kaus hann, og 32 prósent þeirra sem að öllu jöfnu kjósa græningja. Meira að segja 14 prósent þeirra sem venjulega kjósa framboð á vinstrijaðrinum kusu hægrimanninn.

### Umboð til umbóta

Í forsíðufyrirsögn dagblaðsins Les Echos segir: „Sarkozy forseti: víðtækt umboð til djúpstæðra umbóta í landinu.“

En hann á ekki auðvelt verk fyrir höndum. Bóka má að áhrifamikil verkalýðsfélögin muni beita sér af öllu afli gegn tilraunum til að lengja vinnutímann og brjóta upp rausnarlegar vinnuverndarreglur sem meðal annars gera mjög örðugt að segja fólki upp.

Kosningaloforð Sarkozy gengu þó ekki eingöngu út á þessar breytingar á reglum vinnumarkaðarins, heldur lofaði hann Frökkum jafnframt að vernda þá fyrir sársaukafyllstu fylgifiskum hnattvæðingarinnar.

Breytingaboðskapur hans er líka bara trúverðugur upp að vissu marki, þar sem hann hefur sjálfur lengi verið virkur þátttakandi í því stjórnkerfi sem hann hefur kennt um þær ógöngur sem hann segist vilja leiða Frakkland út úr. Í tíð hans sem fjármálaráðherra árið 2004 sýndi hann sig að vera hallan undir ríkisstýrða verndarstefnu, þar sem hann stóð vörð um innlend „forystufyrirtæki“ (national champions) í iðnaði og beitti sér gegn yfirtöku erlendra aðila á frönskum fyrirtækjum, svo sem er Siemens í Þýzkalandi vildi kaupa Alstom-raftæknifyrirtækið.



**SÓSÍALISTAR Í KREPPU** Segolene Royal mætir eftir tapið á flokksstjórnarfund sósíalista í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Óvíst um viðtökur

Það er líka aldrei að vita hvernig almenningur mun taka því, ef hann reynir með hraði að ráðast til atlögu gegn nokkrum af heilögum kúm fransks samfélags: 35-stundavinnuvikunni, verkalýðsfélögunum sem efna til lamandi verkfalla af minnsta tilefni eða félagslegu öryggisneti sem hefur grafið undan alþjóðlegri samkeppnishæfni fransks efnahagslífs. Fyrirheit hans um bætt tengsl við Bandaríkin gæti líka hugsanlega kostað hann fylgi snemma á forsetaferlinum.

Til að kosningaslagorðið „Í sameiningu verður allt mögulegt“ geti mögulega ræst verður Sarkozy að sannfæra Frakka um að hann sé í reynd maður sem sameinar en sundrar ekki. Og það er ekki að því hlaupið fyrir stjórnmálamann sem hefur á ferli sínum fram til þessa getið sér orð fyrir hörku og takmarkalausan metnað.

Um umbótaáform Sarkozy var skrifað í dagblaðið Le Figaro: „Festið sætisbeltin. Þetta verður mikil rússíbanareið.“

Sarkozy mun eyða næstu dögum utan sjónmáls fjölmiðlanna, að sögn Francois Fillon, náins ráðgjafa hans, sem þykir líklegt forsætisráðherraefni, vinni UMP-flokkurinn þingkosningarnar 10. og 17. júní. Verðandi forsetinn hélt í gær ásamt fjölskyldu sinni frá hóteli í París til ótilgreinds hvíldarvalarstaðar, þar sem hann hyggst „slaka aðeins á ... og byrja að skipuleggja og undirbúa sitt lið,“ að því er Fillon greindi frá í sjónvarpsviðtali.

### Strax önnur kosningabarátta

Að hinum langa kosningabaráttuslag um forsetaembættið loknum gefst annars lítið svigrúm til að slaka á. UMP-flokkur Sarkozy verður að ná aftur meirihluta á þingi til að forsetinn haldi ótvíræðu umboði sínu til að hrinda umbótaáformunum í framkvæmd. Sigri vinstriflokkarnir sæti hann uppi með stjórnarsambúð við þá, sem myndi setja áformum hans miklar hömlur.

Sarkozy hefur boðað mikinn framkvæmdatíma fyrstu 100 daga sína í embætti. Hann ætlar að leggja stóra umbótalagapakka fyrir þingið á sérboðuðu aukaþingi í júlí. Í þessum frumvörpum á meðal annars að gera yfirvinnu fram yfir 35 stundir á viku skattfrjálsar, til að hvetja fólk til að vinna meira. Í öðru verður kveðið á um hertar refsingar fyrir síbrotamenn, og í því þriðja yrði innflytjendum gert erfiðara að fá ættmenni sín til að flytja líka til Frakklands.

### Óeirðir

Að kvöldi kjördags kom til óeirða á stöku stað. Að sögn lögreglu voru 270 manns færðir til yfirheyrslu og 367 bílar brenndir. Á meðalnóttu er kveikt í um 100 bílum í landinu, einkum í úthverfum stærstu borganna þar sem arabískir og afrískir innflytjendur eru fjölmennir. Sarkozy er allt annað en vinsæll í þeirra hópi. Sem innanríkisráðherra kallaði hann einu sinni unga óeirðaseggina „úrþvætti“ sem ætti að „spúla út“. Þó var eitt af því sem kom á óvart við úrslit kosninganna að Sarkozy fékk 43,5 prósent atkvæðanna í Seine-Saint-Denis-sýslu norður af París, þar sem innflytjendur eru mjög fjölmennir og atvinnuleysi útbreitt. Þar var „skjálftamiðja“ óeirðanna síðla árs 2005, sem engan enda virtust ætla að taka.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is


Við syndum til góðs
Nú ætla starfsmenn Símans að synda til styrktar sunddeild
Íþróttafélags fatlaðra og erum við því óvenju fáliðuð í dag.
Starfsfólk Símans
800 7000 - siminn.is
Síminn

## NORÐVESTURKJÖRDÆMI

**FJÖLDI Á KJÖRSKRÁ:**
**Árið 2007** 21.126
**Árið 2003** 21.221

**FJÖLDI KJÓSENDA AÐ BAKI HVERJU ÞINGSÆTI**
**Árið 2007** 2.347
**Árið 2003** 2.122

**HLUTFALLSLEG FJÖLGUN SÍÐASTLIÐIN ÁTTA ÁR**
**Í kjördæminu** -0,1%
(Reykjavík norður og suður)
**Á landinu öllu** 9,9%

**KOSNINGAÞÁTTTAKA Í KJÖRDÆMINU ÁRIÐ 2003**
**Kosningaþátttaka karla** 88,7%
**Kosningaþátttaka kvenna** 90,1%



**SVEITARFÉLÖG**

Akrahreppur, Akraneskaupstaður, Árneshreppur, Bæjarhreppur, Blönduósbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Höfðahreppur, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Skagabyggð, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Strandabyggð, Stykkishólmsbær, Súðavíkurhreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð.

**ÚRSLIT KOSNINGA 2003**

9 þingsæti;
8 kjördæmissæti,
1 jöfnunarsæti




**KJÖRNIR ÞINGMENN 2003**

Sturla Böðvarsson (D)
Jóhann Ársælsson (S)
Magnús Stefánsson (B)
Einar Kristinn Guðfinnsson (D)
Guðjón A. Kristjánsson (F)
Anna Kristín Gunnarsdóttir (S)
Kristinn H. Gunnarsson (B) (F)
Jón Bjarnason (V)
Einar Oddur Kristjánsson (D)
Sigurjón Þórðarson (F)

# Atvinnuuppbygging í forgrunni

Frambjóðendur allra flokka í Norðvesturkjördæmi eru sammála um að atvinnumál séu í forgrunni í kjördæminu. Samgöngumál eru forsenda slíkrar uppbyggingar og ekki síst fjarskipti. Jafnræði byggðanna í landinu er nefnt sem kosningamál auk áherslu á velferðarmál. *Svavar Hávarðsson* innti efstu menn á listum flokkanna eftir því hvaða verkefni væru helst aðkallandi í kjördæminu.

**KOSNINGAR 2007**

Frambjóðendur allra flokka eru sammála um að atvinnumál séu í forgrunni í Norðvesturkjördæmi en eins og í hinum landsbyggðarkjördæmunum tveimur reynist erfitt að greina málaflokkinn frá samgöngu-, mennta- og velferðarmálum. Stærð kjördæmisins litar einnig áherslur þar sem staða Vestfjarða og norðvesturhluta kjördæmisins er mjög ólík stöðunni í syðri hlutanum. Neikvæðum hagvexti og fjöldauppsögnum er þar stillt upp til móts við grósku þeirra byggða kjördæmisins sem næst eru höfuðborgarsvæðinu. Má því segja að byggðajöfnun sé brennipunktur stjórnmálarökræðunnar í Norðvesturkjördæmi.

### Atvinnumálin fyrirferðarmest

Umræðan um atvinnumál í kjördæminu fer fram í skugga fjöldauppsagna hjá tveimur fyrirtækjum á norðanverðum Vestfjörðum að undanförnu, segir Guðjón Arnar Kristjánsson, Frjálslynda flokknum. „Það er ljóst að í kjördæminu skipta atvinnumálin mjög miklu máli og brenna mjög á sumum svæðum sérstaklega. Þetta eru svæðin þar sem kvótakerfið hefur bitnað hvað harðast á byggðunum, tilfærsla aflaheimilda og samdráttur í sjávarútvegi.“ Jón Bjarnason, Vinstri grænum, vill að fiskveiðiréttindi verði tengd byggðunum „svo ekki verði mögulegt að flytja þau burt og fólkið sem eftir situr sé réttlaust. Auðlindin er líka fólkið og okkur þykir vænt um okkar heimabyggð, hvar sem við erum, og viljum fá að búa þar. Þá viljum við líka njóta jafnréttis.“ Guðbjartur Hannesson, Samfylkingu, segir að í ljósi þess að fyrirtæki eru búin að fjárfesta fyrir milljarða í kvóta að þá sé „ekki hægt að gera fyrirtækjum það að hlaupa frá þessu kerfi. Það er verkefnið eftir sem áður að jafna stöðu byggðarlaganna innan fiskveiðikerfisins“.

Sturla Böðvarsson bendir á hvað stóriðjuuppbyggingin á Grundartanga hafi haft jákvæð áhrif. „Við styðjum það heilshugar að sú uppbygging haldi áfram. Við sjáum Borgarnes-Akranessvæðið og að áhrifanna gætir upp á Snæfellsnes og í Dalina.“ Hann segir að sjávarútvegsfyrirtækin hafi verið að styrkja stöðu sína en það séu miklar sveiflur í þeirri atvinnugrein. Þetta komi skýrast fram á Vestfjörðunum sem verði helst leiðrétt með samgöngubótum til uppbyggingar og þróunar greinarinnar. Pálína Vagnsdóttir, Íslandshreyfingunni, leggur ríka áherslu á að umhverfismál séu líka efnahagsmál. „Við viljum að þjóðin fái að njóta þess sem landið hefur að bjóða. Það er bjargföst trú mín að mannauðurinn er það sem skal virkja í þessu landi; hver og einn einstaklingur er mikilvægur.“ Magnús Stefánsson, Framsóknarflokki, segir að samgöngumálin séu mikilvægust í breiðum skilningi og áframhaldandi atvinnuuppbygging og styrking velferðarþjónustunnar verði að skoða í því ljósi.

### Búsetujöfnun

Í samgöngumálum kjördæmisins eru frambjóðendur sammála um að tenging á milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða og Vestfjarðavegur séu aðkallandi verkefni. Einnig breikkun Vesturlandsvegar með tvöföldum jarðgöngum undir Hvalfjörðinn. Þetta séu stóru verkefnin sem verði að koma af stað til viðbótar við áætlaðar framkvæmdir. Kjósendur á Vestfjörðum fara fram á að hraðar verði farið en segir í nýafgreiddri samgönguáætlun. Sturla Böðvarsson segir að jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar beri helst á góma og útilokar ekki að, ef vel tekst til með þróun efnahagsmála, verði verkefnum flýtt. Magnús Stefánsson slær sama varnagla og segir að samgöngumál verði einfaldlega að vinna eins hratt og efnahagsforsendur leyfa.

Jón Bjarnason vill „gera raunverulegt stórátak í samgöngumálum. Við horfum til Vestfjarða ekki síst, á jarðgöng og fleira sem þar þarf að gera.“ Hann bendir á að stofnvegurinn um kjördæmið sé hættur að bera aukna umferð og að strandsiglingar verði að skoðast í því samhengi. Guðbjartur Hannesson segir að í samgöngumálum séu Vestfirðingar að krefjast jafnræðis til að geta keppt við aðra landshluta. Til þess þurfi þeir að hafa góðar samgöngur og fjarskipti. „Ég fullyrði að Vestfirðir hafa setið illilega eftir. Menn verða einfaldlega að einhenda sér í að klára þetta því byggðunum blæðir á meðan við gerum ekki eitthvað róttækt.“ Pálína Vagnsdóttir vill fara mun hraðar í uppbyggingu samgangna en áætlað er. „Gleymum því ekki að það er ekki um einstefnu að ræða frá Vestfjörðum og til höfuðborgarsvæðisins heldur vill fólk koma hér sem gestir.“ Guðjón Arnar Kristjánsson tekur sem dæmi að ferðaþjónusta eigi sér framtíð í kjördæminu en það taki tíma að byggja hana upp. „Það er langtímamarkmið að byggja upp ferðaþjónustu og það er mjög erfitt án góðra samgangna. Í suðurhluta kjördæmisins eru góðar samgöngur með Hvalfjarðargöngum sem tengja svæðið vel við suðvesturhorn landsins. Þetta er þróun sem við viljum að eigi sér stað annars staðar í kjördæminu.“

### Ótæmandi möguleikar

Menntamál eru frambjóðendum hugleikin, bæði sem byggðamál og sem velferðarmál þótt málaflokkurinn falli yfirleitt utan þeirrar skilgreiningar. Skólana í kjördæminu þarf alla að styrkja og auka tækifæri á öllum námsstigum og í því sambandi eru fjarskiptamálin sérstaklega nefnd til sögunnar. Magnús Stefánsson tekur sem dæmi að gera verði háskólasetrið á Ísafirði að háskóla sem fyrst „og gefa ungmennum kost á því að stunda sitt nám í eða sem næst sinni heimabyggð.“ Jón Bjarnason segir jafnrétti til náms forgangsmál. „Skólastarf, sama á hvaða stigi það er, er lífæð allra samfélaga.“ Guðbjartur Hannesson bendir á að boðið er upp á nám í heimabyggð í eitt til tvö ár sem ljúka þarf í Reykjavík. „Miðað við þá tækni sem er fyrir hendi er þetta óásættanlegt með öllu.“ Guðjón Arnar Kristjánsson segir fleira koma til í samhengi við aukna menntun. „Við eigum að efla rannsóknaaðstöðu í kjördæminu. Þetta fer tvímælalaust saman við menntamál.“ Pálína Vagnsdóttir flokkar menntamál sem velferðarmál. „Hér á Vestfjörðum verður að koma háskóli og efla verk- og iðnmenntun.“ Sturla Böðvarsson segir menntamál sérstakt áherslumál sitt; það að íbúar landsbyggðarinnar hafi góðan aðgang að framhaldsmenntun og háskólamenntun.

### Ólík forgangsröðun

Velferðarmál í breiðum skilningi eru áherslumál allra flokka jafnt. Munurinn liggur í forgangsröðun verkefna til að ná þeirri velferð sem er krafa dagsins. En innan Norðvesturkjördæmis kristallast að margra mati gallar nýrrar kjördæmaskiptingar og frambjóðendur minnast á að það komi niður á greinandi umræðu um ólík byggðasvæði.

## HVER ERU HELSTU KOSNINGAMÁL NORÐVESTURKJÖRDÆMIS?


**MAGNÚS STEFÁNSSON (B)** Samgöngu- og atvinnumál, velferðarþjónusta.


**STURLA BÖÐVARSSON (D)** Atvinnu- og samgöngumál, menntamál.


**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON (F)** Atvinnu- og samgöngumál, menntamál.


**PÁLÍNA VAGNSDÓTTIR (I)** Samgöngumál, velferðarmál og atvinnumál.


**GUÐBJARTUR HANNESSON (S)** Atvinnumál, samgöngumál, velferðar- og menntamál.


**JÓN BJARNASON (V)** Samgöngumál, menntamál, velferðarmál, umhverfismál.

## HVERSU MIKILVÆGIR TELUR ÞÚ AÐ EFTIRFARANDI MÁLAFLOKKAR SÉU ÞEGAR KEMUR AÐ ÞVÍ HVERNIG ÞÚ MUNT GREIÐA ATKVÆÐI Í ÞINGKOSNINGUNUM Í MAÍ?

Á skalanum 1-5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.




*Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 23-24. apríl 2007. Hringt var í 600 kjósendur kjördæmisins sem skiptust jafnt eftir kyni. 93,2 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.*


tab
ÍTALÍA
HEILIR STURTU-KLEFAR
MEÐ ÖLLU
SÉR TILBOÐ!
HERT ÖRYGGISGLER
69.900 stgr.
Stærð 70 x 70
HERT ÖRYGGISGLER
72.900 stgr.
Stærð 75 x 75
HERT ÖRYGGISGLER
76.900 stgr.
Stærð 80 x 80
HERT ÖRYGGISGLER
77.900 stgr.
Stærðir: 80 x 80 sm kanntaður
Sturtuhaus
Handsturta
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Menntun og rannsóknir:

## Mál málanna

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Óréttmætt er að halda því fram að umræður um menntastefnu og rannsóknir hafi með öllu verið skugga megin í kosningabaráttunni. Þær hafa eigi að síður verið minni en efni standa til. Hvers vegna þarf að ræða þessi viðfangsefni öðrum fremur?

Í fyrsta lagi er rétt að meta þau umbrot og framfarir sem átt hafa sér stað. Í öðru lagi blasa við þýðingarmikil viðfangsefni sem vert er að varpa ljósi á. Í þriðja lagi er ljóst að efnahagsleg velferð þjóðarinnar til lengri tíma ræðst meir af þróun menntunar og rannsókna en mörgu öðru sem fær meira rúm í umræðunni.

Mikilvægi fræðslumálanna ræðst einnig af breyttu þjóðlífi. Uppeldi barna fer í ríkari mæli en áður fram í skólum. Eigi sú þróun ekki að leiða til einhliða opinbers uppeldis þarf svigrúm fyrir nýja strauma. Samspil skóla og fjölskyldu er mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Ábyrgð foreldra og fjölskyldu má ekki gleymast. Skyldur þurfa að fylgja réttindum í skólastarfi eins og öðru.

Ágæt dæmi um áhugaverð nýmæli þar um hefur mátt sjá að Hrafnagili og í skólum Hjallastefnunnar. Enginn vafi leikur á að ný lagaleg umgjörð um sjálfstæða skóla var mikið framfaraskref og á vonandi eftir að leysa nýja orku úr læðingi í skólastarfi.

Á síðasta ári voru kynntar róttækar og afar merkar hugmyndir um svokallaðan nýjan framhaldsskóla. Þær fólu í sér fráhvarf frá aðskilnaði bóknáms og iðnnáms í framhaldsskólum og aukið sjálfstæði skólanna. Enn fremur geyma þær farveg fyrir skólana sjálfa til þess að þróa lengd framhaldsnámsins eftir aðstæðum. Ljóst var orðið að ein miðstýringarákvörðun í því efni myndi illa ganga upp.

Af viðbrögðum við þessum nýju hugmyndum var ekki annað ráðið en breið pólitísk samstaða væri fyrir hendi um nýtt skipulag framhaldsskólans á þessum grunni. Á miklu veltur að ekkert hik verði um framkvæmdina og engar tafir á að gera þessar tillögur að veruleika. Þetta er eitt af stóru viðfangsefnunum sem við blasa.

Liðinn áratug eða svo hefur fjöldi nemenda við háskólanám meir en tvöfaldast. Háskólastarfsemi hefur samhliða fest rætur og blómstrað á landsbyggðinni. Þetta er þróun sem felur í sér fleiri tækifæri til menntunar og er um leið ein af forsendum alhliða efnahagslegra og atvinnulegra framfara í landinu.

Augljóst var hins vegar að á þessu sviði gat það ekki verið eina markmiðið að reka meirihlutann af tíu minnstu háskólum heims. Metnaðarfull stefnumótun rektors Háskóla Íslands um að koma skólanum í fremstu röð háskóla og rannsóknarstofnana var því rökrétt framhaldsskref.

Sú ákvörðun stjórnvalda að mæta fjárhagslegum óskum Háskólans á næstu fjórum árum til þess að takast á við þetta risastóra viðfangsefni verður að teljast með merkustu pólitísku ákvörðunum þess kjörtímabils sem er að líða. Að vísu hefði verið rétt að taka slíka ákvörðun með formlegum hætti á Alþingi. Eigi að síður er mest um vert að um hana sýnist vera góð og breið samstaða.

Með sterkari og metnaðarfyllri Háskóla Íslands er um leið opnað fyrir möguleika á öflugra samkeppnisumhverfi rannsókna. Það er næsta skref sem stíga þarf. Gifta Íslands ræðst ekki síst af því að hér verði áfram horft af metnaði hátt og langt fram.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Aldraðir og öryrkjar!**

**Styðjum EKKI ríkisstjórnarflokkana í næstu kostningum**

**Styðjum EKKI þá sem hafa síðastliðin 12 ár:**

- Látið okkur borga skatta af ellilífeyri og örorkugreiðslum.
- Vilja ekki hækka skattleysismörk upp í 142 þ.kr. á mánuði.
- Hafa aukið skattbyrði okkar um á síðustu 10 árum, en lækkuðu skatta hátekjumanna á sama tímabili.
- Taka 70% af lífeyr okkar í formi skatta, lækkunar á bótum og lífeyri.
- Veita sjálfum sér betri eftirlaun, en almennir launþegar fá.

MUNIÐ dómur þjóðarinnar fellur
í næstu kosningum.
Hættum að kjósa af gömlum vana.

**Dæmum verkin, en ekki loforðin.**

Aldraður öryrki

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vilja þetta ekki

Ekki er lengur hægt að sjá hvað bensínlítrinn kostar hjá olíufélaginu N1 á vefsíðu félagsins líkt og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Vel má vera að fyrirtækið hafi góða og gilda ástæðu til að hætta að birta verðið á síðunni en skýringar Ingunnar Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra neytendasviðs N1, verða þó að teljast heldur hæpnar. Hún sagði í Fréttablaðinu í gær að ákveðið hefði verið að gera þetta vegna þess að „þetta er ekki það sem neytandinn vill sjá á heimasíðunni“. Ingunn lætur þess ekki getið hvað hún hafi fyrir sér þegar hún kveður upp þennan dóm yfir neytendum en víst er að N1, sem Bjarni Benediktsson þingmaður veitir stjórnarformennsku, hefur lagt inn á nýja braut ógagnsæis.

### Vilja þeir þetta?

Það er þó ekki þannig að ekki finnist einn einasti verðmiði á heimasíðu N1. Þar er nefnilega upplýst að hjá fyrirtækinu sé hægt að kaupa kaffivél fyrir 4.900 krónur, leikfangatraktor fyrir sama verð, sléttujárn fyrir 2.990 og sumardekk á 32.900. Af því verður að draga þá ályktun að neytandinn vilji geta nálgast upplýsingar um verð á heimasíðunni – bara alls ekki á bensíni.



### …þeirra sem eldri eru

Texti og mynd fara stundum skemmtilega illa saman. „Þjóðin þarfnast reynslu og þekkingar þeirra sem eldri eru,“ segir í kosningabæklingi sjálfstæðismanna í Reykjavík, við hlið myndar af Sigurði Kára Kristjánssyni sem er yngsti þingmaður flokksins og í hópi þeirra reynsluminnstu. Annars staðar í bæklingnum segir: „Framlög til heilbrigðismála með þeim hæstu í heiminum“ og við hliðina er mynd af Pétri Blöndal sem hvað harðast hefur talað fyrir aðhaldi í ríkisrekstrinum. Og enn segir „Lykillinn að framtíðinni“ þar sem Björn Bjarnason situr en sem kunnugt er ætlar hann að láta af þingmennsku eftir næsta kjörtímabil.



bjorn@frettabladid.is

# Kosið um velferðina



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | Kosningar

Allt tekur enda, líka þessi skrif mín í Fréttablaðið. Samkomulag hefur orðið á milli ritstjórnar og mín um að þetta verði síðasta grein mín í þennan fastadálk – og kannski tími til kominn. Við, á mínum aldri, sem erum svo heppin að eiga barnabörn, horfum á þau og hugsum hvað tíminn líði hratt, mér áskotnaðist önnur mælistika um hraða tímans þegar það rann upp fyrir mér að ég hef haldið þessum skrifum úti í þrjú ár – kannski tími til kominn að hætta.

Ég held að tilraunir mínar til að skrifa um annað en pólitík og segja í staðinn eitthvað um daginn og veginn, bókmenntir, vísindi eða listir, hafi nær algjörlega mistekist. Það hvarflar ekki að mér að biðjast afsökunar á þessari staðreynd en finnst rétt að halda því til haga að stundum dettur mér eitthvað í hug sem ekki tengist pólitík þó ég hafi kannski ekki sett það á blað.

Allt útlit er fyrir að kosningarnar nú um helgina verði spennandi. Ríkisstjórnin hefur setið í tólf ár og ég er ekki ein um að finnast tími til kominn að gefa henni frí. Hinar margítrekuðu skoðanakannanir benda þó til að sá róður geti orðið þungur. Ég verð að segja að ég er alveg steinhissa á slíkum spám og vona sannarlega að þær reynist falsspár. Kosningabaráttan hefur samt ekki hjálpað fólki til við að gera upp hug sinn. Ein ástæða þess er einmitt skoðanakannanirnar og áhugi fréttamanna á að ræða þær endalaust í stað þess að ræða málefnin sem skipta máli. Fréttamenn geta ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð sem þeir bera í kosningabaráttunni og ég ætla að leyfa mér að halda því fram að þeir hafi ekki staðið sig mjög vel.

Í mínum huga eru það fyrst og fremst velferðarmálin eða misskiptingin sem kosið verður um. Stjórnarflokkarnir geta ekki skotið sér undan því, en þeir reyna og sérstaklega finnst mér fjármálaráðherrann ósvífinn í málflutningi, enda notar hann sömu taktík og prófessor Hannes Hólmsteinn. Málflutningurinn gengur út á það að fátækir og verr settir hafi það betra hér en fátækir og verr settir í útlöndum. Og hvað með það, spyr ég. Staðreynd er að undanfarið hefur verið mikið góðæri í landinu – góðæri sem ekki er ríkisstjórninni að þakka. Í þessu góðæri hafa kjör þeirra ríku batnað meira en hinna, misskiptingin í þjóðfélaginu er því meiri nú en hún var – um það verður ekki deilt.

Munur á jafnaðarkonum og sjálfstæðiskonum er sá að við jafnaðarkonurnar viljum leiðrétta þessa misskiptingu en sjálfstæðiskonum finnst þetta bara fínt eins og það er. Sjálfstæðiskonur vilja skilgreina hvað felst í sjúkratryggingum. Við jafnaðarkonur teljum engra skilgreininga þörf í þeim efnum. Velferðarkerfið á að tryggja öllum sömu góðu heilbrigðisþjónustuna – við teljum óþarft að leggjast í einhverja greiningarvinnu um það. Skilgreining sjúkratrygginga er fyrsta skrefið í þá átt að segja fólki að velferðarkerfið sjái því einungis fyrir einhverri „skilgreindri“ grunnþjónustu og ef það vilji meira verði fólk að kaupa sér sérstakar tryggingar til að standa undir því.

Í tíð ríkisstjórnarinnar hefur ríkisbáknið þanist út. Það er töluleg staðreynd sem ekki verður hrakin að ríkið tekur nú til sín 10% stærri hlut af þjóðarkökunni en það gerði fyrir tíu árum síðan. Engu að síður hefur hagur þeirra sem helst þurfa á velferðarkerfinu að halda ekki batnað. Það þarf ekki og á ekki að koma neinum á óvart vegna þess að forgangsverkefni flokkanna sem hafa verið við stjórn eru allt önnur en að halda við velferðarkerfinu, hvað svo sem þeir segja núna. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt meiri áherslu á að tryggja efnahagslega afkomu einstakra flokksmanna sinna en þeirra sem þurfa á almannatryggingakerfinu að halda. Þær áherslur sem lagðar voru við sölu bankanna eru bestu dæmin þar um, eins og afmælisveislur ýmsar bera vott um.

Ríkisstjórnarflokkarnir lögðu ekki bara áherslu á að tryggja efnahag dyggra flokksmanna, heldur tryggðu ráðamenn líka eigin afkomu þegar þeir lögðu fram og samþykktu eftirlaunafrumvarpið, sem ég tel tískrænt um hvernig stjórnmálamenn eiga ekki að hegða sér. Hvaða launþegar aðrir en ráðherrar geta farið á full eftirlaun eftir tíu ára starf fimmtíu og fimm ára gamlir? Hvaða launþegi vildi ekki gjarnan hafa þau réttindi?

Ég kveð og þakka fyrir mig. Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Við vorum bara fimm

**UMRÆÐAN**

Kosningar



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Á þeim kjörtímabilum sem liðin eru síðan Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu saman ríkisstjórn hefur mikið vatn runnið til sjávar. Í stað þess að framleidd væru 90 þúsund tonn af áli verða nú framleidd milljón tonn af áli og stefnir í enn meira – jafnvel þótt vitað sé að um er að ræða atvinnustarfsemi sem skapar minni virðisauka en flestar aðrar atvinnugreinar. Kárahnjúkunum var fórnað, tekist var á um Þjórsárverin, Jökulárnar í Skagafirði og ekki er útséð um aðrar náttúruperlur sem ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks rennir hýru auga til. Og nú á að selja Landsvirkjun og öll hin orkufyrirtækin! Kannski eignast Alcan eða Alcoa Landsvirkjun og semja við sjálf sig um orkuverð.

Allir muna eftir Landssímasölunni, vatnafrumvarpinu, S-hópnum, einkavinavæðingunni og hinum staðföstu stuðningsmönnum Íraksinnrásarinnar. Kannski muna færri eftir frumvarpinu um auðlindir í jörðu þar sem einkaeignarréttinum var færður langt niður í jarðskorpuna. Allir muna eftir afnámi húsnæðislaganna þar sem félagsleg úrræði voru strokuð út með þeim afleiðingum að efnalítið fólk á ekki lengur kost á því að eignast húsnæði. Sjálfstæðisflokkurinn segir nú brýnast að einkavæða heilbrigðiskerfið.

Misrétti fer vaxandi og mitt í allri velsældinni boðar stjórnmálaflokkur aðgerðaáætlun til að útrýma fátækt! Sá flokkur er að sjálfsögðu VG, sem hefur staðið vaktina undanfarin ár. Hve margir skyldu gera sér grein fyrir því að við vorum bara fimm á þingi? Við hefðum verið öflugri helmingi fleiri að ekki sé minnst á fjórum sinnum fleiri, 20 talsins eins og þingmenn Samfylkingarinnar. Nú hræðast aðrir flokkar að VG kunni að eflast. Þorsteinn Pálsson, ritstjóri þessa blaðs, skrifar leiðara skelfingu lostinn yfir þeim möguleika. Hann segir Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu eiga vel saman. Þeir flokkar þurfi lítið að slá af til að ganga í eina sæng.

En ég spyr: Væri það gott fyrir þjóðina að áfram yrði keyrð sama stefna – án undansláttar? Er ekki kominn tími til að fá svolitla hrygglengju í velferðar-, umhverfis- og utanríkismálapólitíkina á Alþingi? Væri það ekki til góðs að þingmannafjöldi VG á Alþingi yrði fjórfaldaður? Hugsum málið með reynslu undangenginna ára í huga.

*Höfundur er þingmaður VG.*

**Hjólreiðafólk** er óvenju sýnilegt þessa dagana þar sem átakið Hjólað í vinnuna stendur yfir. Í tilefni af átakinu eru Íslendingar hvattir til þess að draga sem flestir fram hjólin sín og nota sér þennan heilsubætandi ferðamáta meira.



**CASA** hefur opnað gjafavöruverslun í Kringlunni. Verslunin er á fyrstu hæð og í henni má meðal annars fá vörur frá Rosendahl, Driade, Ritzenhoff og Schulte-ufer.



**Samninganefndir** heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Tannlæknafélags Íslands hafa náð samkomulagi um tannlæknaþjónustu vegna þriggja og tólf ára barna. Samningurinn nær til forvarnarskoðana barna á þessum aldri og skráningar tannheilsu þeirra. Samkvæmt samningnum mun Miðstöð tannverndar taka við skráningargögnum og sjá um alla úrvinnslu þeirra.










Drengirnir sem kepptu fyrir hönd Íslands í kung fu. Frá vinstri: Hjörtur Ari Emilsson, 13 ára, Fannar Már Oddsson, 12 ára, Þorgils Eiður Einarsson fremst og Jakob Smári Johnson, átta ára. Fannar og Jakob hlutu báðir gull og vakti Jakob sérstaka athygli fjölmiðla þar sem hann var yngsti keppandinn á 84 manna móti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ungar bardagahetjur

***Þorgils Eiður Einarsson, 13 ára, hreppti silfurverðlaun á Norðurlandamóti í kung fu um helgina.***

Það er engum ofsögum sagt að íslenskir keppendur hafi staðið sig vel á Norðurlandamóti í kung fu, sem haldið var í Osló um helgina. Keppendurnir, sem eru á aldrinum átta til þrettán ára, hrepptu tvenn gullverðlaun og ein silfur, sem hlýtur að teljast góður árangur í ljósi þess að kung fu hefur aðeins verið kennt hérlendis síðastliðin þrjú ár. Með í för var Þorgils Eiður Einarsson, 13 ára, sem getur vel við unað þar sem hann sneri heim með silfur í farteskinu.

„Þetta var algjör snilld,“ segir Þorgils um árangurinn. Hann skemmti sér konunglega í ferðinni, en hann hafði ekki komið áður til Noregs. „Við vorum í einn dag og sýndum sérstakar sverðæfingar, sem ég var búinn að æfa í mánuð. Þetta voru bara hreyfingar. Engin slagsmál.“ Þorgils tekur kung fu auðheyrilega alvarlega, því ekki er nóg með að hann hafi æft á hverjum degi fyrir mótið klukkutíma í senn, heldur passar hann vel upp á mataræðið. „Ég borða góðan íslenskan mat. Líka fullt af ávöxtum og grænmeti.“

Að sögn Þorgils vaknaði áhuginn fyrir bardagalistum snemma og var hann aðeins tíu ára þegar hann byrjaði að æfa kung fu. „Ég var að lesa Fréttablaðið með pabba og sá kung fu námskeið auglýst í Heilsudrekanum. Ég ákvað að prófa, þótt ég væri líka að æfa tai-kwan-do. Svo valdi ég bara kung fu. Tai-kwan-do er samt alveg skemmtilegt líka.“

Á næsta ári fer Norðurlandamótið fram í Finnlandi og hyggst Þorgils taka aftur þátt ásamt hópi hressra krakka á vegum Heilsudrekans.

*roald@frettabladid.is*









**SAMAN-hópurinn** hlaut íslensku lýðheilsuverðlaunin nýlega. Hópurinn er samvinnuverkefni nokkurra frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna varða.


Fyrir konur á breytingaskeiðinu

Heilsuhornið

Póstsendum um land allt

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn



Fimmtudaginn 10. maí kl. 18–21
hjá Maður lifandi í Borgartúni 24.

Heilsukostur
– matreiðslunámskeið

Langar þig að breyta um lífsstíl?

Meistarakokkar sjá um námskeiðið

Helga Mogensen
Andrés Jóakimsson
Patricia Brizuela
Auður Konráðsdóttir





Kynntu þér samspil heilsu og mataræðis fyrir sumarið

Leiðbeint verður um grunn að góðu mataræði og heilsufæði. Lögð verður áhersla á að kenna fólki hvernig unnt er að matreiða hollan og góðan mat án mikillar fyrirhafnar. Kynntar verða uppskriftir og ráðleggingar veittar um heilnæmt hráefni.

Allir sem sækja námskeiðið fá afslátt í verslunum Maður lifandi.

Nánari upplýsingar og skráning hjá helgamog@madurlifandi.is
Verð 4.500 kr.

maður lifandi

Maður lifandi, Borgartúni 24, sími 58 58 700, www.madurlifandi.is




Marta Eiríksdóttir segir sjakradansinn hafa áhrif á öll svið lífsins.

## Nýr heimur opnast

SJAKRADANS VERÐUR KENNDUR Á NÁMSKEIÐI 19. MAÍ Í GERÐUBERGI. KENNARI ER MARTA EIRÍKSDÓTTIR.

„Sjakradansinn hjálpar fólki að koma jafnvægi í líf sitt. Hann snertir við þeim orkustöðvum sem allir búa yfir og snúast eins og hjól í líkamanum,“ segir Marta Eiríksdóttir, jógadanskennari spurð útí námskeið sem hún ætlar að halda í Gerðubergi 19. maí. „Á þessu námskeiði er dansað og farið í jógastöður í gegnum sjö helstu orkustöðvar líkamans og fræðst um jákvæða eiginleika þeirra um leið. Þá opnast heill heimur því þær hafa áhrif á öll svið lífsins, heimili, velmegun, listir og sköpun, kynorku, tilfinningar og útrás, kærleika og hugsanir, munnlega tjáningu og hlutverk okkar hér á jörð, innsæi og innri rödd.“

Marta tekur fram að aðeins sé um eitt námskeið að ræða og skráningin sé í síma 848 5366 og á pulsinn.is. „Við ætlum að auka lífsgleðina og draga að okkur skemmtileg tækifæri í gegnum sjakradansinn,“ lofar hún.



Andoxunarefni í tei eru talin draga úr líkum á krabbameini.

# Te dregur úr líkum á húðkrabbameini

***Rannsóknir sýna að grænt og svart te minnkar hugsanlega líkur á húðkrabbameini.***

Tveir bollar af grænu eða svörtu tei gætu dregið úr líkum á krabbameini. Þetta eru niðurstöður breskra og bandarískra rannsókna á greindum húðkrabbameinstilfellum árin 1993 til 1995 og 1997 til 2000.

Lífsstíll, mataræði og neysla á grænu og svörtu tei var skoðuð hjá sjúklingum sem þjáðust af húðkrabba og heilbrigðum einstaklingum á aldursbilinu 25 til 74 ára.

Rannsóknirnar leiddu í ljós að þeir sem drukku reglulega te voru í minni hættu á að fá húðkrabbamein og er það rakið til andoxunarefna tesins, sem eiga að hindra myndun krabbameinsfrumna. Enn fremur er talið að sítrónusneiðar, sem eru vinsælar út í te í Bandaríkjunum, eigi sinn þátt í að ýta undir heilsusamleg áhrif tesins, og því sé gott að setja eina eða tvær sneiðar út í.

Vonast er til að rannsóknirnar varpi frekara ljósi á því hvernig krabbamein þróast. Vísindamenn benda þó á að te sé ekki vörn gegn útfjólubláum geislum sólarinnar. Sólarvörn 15+ komi að góðum notum, en best sé auðvitað að skýla sér fyrir sólinni þegar hún skín skærast.

Frá þessu er greint á bbc.co.uk.

*- rve*


Björninn

Sumar Skautaskóli

í Egilshöllini fyrir krakka 5-15 ára

Íshokki og Listskautaskólinn býður upp á fjölbreytta dagskrá: skautað er á ís tvisvar á dag, þrekæfingar og myndbandakennsla. Sund er tvisvar í viku. Heitur matur er í hádegi.

Sumar 2007
7. - 12. ágúst
13. - 18. ágúst

Námskeiðin eru í ágúst
7.-12. ágúst kl: 8 -17 þriðjudaga til laugardaga og kl: 8-12 á sunnudögum.
13.-18. ágúst kl: 8-17 mánudaga til föstudaga og kl: 8 -12 á laugardögum.
Verð fyrir 1 námskeið: 12.900.-
Verð fyrir 2 vikna námskeið: 17.900- (en 16.900- fyrir þá sem eiga reikning í Landsbankanum)
Námskeið hjá Skautaskólanum fyrir byrjendur fædda 1997-2001 er frá 8 til 12 á morgnanna. Verð fyrir byrjenda námskeið er: 4.900- (en 3.900- fyrir þá sem eiga reikning í Landsbankanum). ATH!!! Byrjendur get skrá fyrir námskeið 8-17 líka.
Krakkar sem eru 9-15 ára sem eiga eða vilja stofna klassa- reikning og krakkar sem eru yngri en 9. ára sem eiga eða vilja stofna sprota-reikning hjá LB fá afslátt.

Landsbankinn

Skráning: www.bjorninn.com
Upplýsingar í síma: 8475366

Europcar

ASETA





Sumar RopeYoga!
5 vikna námskeið á kr. 9.900.-
7 vikur í opna kerfinu í bónus!

Rope Yoga

Ný námskeið hefjast 29. maí

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.
Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann.
Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak.

Kennt er 2x í viku 60 mínútur í senn.
Í boði eru hádegis- og síðdegisnámskeið.

Innritun í síma 581 3730

Barnagæsla - Leikland JSB

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Læknum hefur tekist að gera við skaddaða mænu í músum með hjálp nanótækni. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Sködduð mæna lög-uð með nanótækni

***Læknum hefur tekist að gera við skaddaða mænu í músum með hjálp nanótækni. Tæknin getur mögulega læknað Parkinsons og Alzheimer.***

Nanótækni felst í mótun smæstu eininga lífsins, sjálfum sameindunum sem liggja að grunni allra efnasambanda. Þessi tækni hefur nú þegar gert vísindamönnum kleift að búa til efni sem ekkert festist við og föt sem ekki verða óhrein. Nú er farið að beita tækninni til að örva líkamann til að lækna sig sjálfur.

Læknateymi dr. Samuels I. Stupp, stjórnanda Lífnanótæknistofnunar Northwestern-háskólans í Bandaríkjunum, hefur tekist að gera við skaddaða mænu í tilraunamúsum. Mýsnar höfðu misst hreyfimátt afturlima, en sex vikum eftir nanómeðferð gátu þær notað limina á eðlilegan hátt. Þetta vekur vonir um að hægt verði að nota aðferðina til að laga skaddaða mænu, hjörtu, lifur og jafnvel heila í mönnum.

Aðferðin felst í notkun örþunnra nanótrefja sem sprautað er á þann stað sem hefur orðið fyrir skemmdum. Trefjarnar hindra bæði myndun örvefjar og örva nærliggjandi frumur til að hefja uppbyggingu og endurnýjun. Samkvæmt dr. Stupp væri hægt að búa til mismunandi trefjar fyrir hvern og einn sjúkling sem myndu taka mið af þörfum viðkomandi sjúklings.

Ef svo fer sem horfir gæti þarna verið komin lækning við mörgum hrörnunarsjúkdómum, þar á meðal Parkinsons og Alzheimer, en trefjarnar gætu hugsanlega bætt skaða á mikilvægum taugafrumum í heila, rétt eins og þeir virðast gera í mænu.

- tg



Vísindagögn benda til þess að við eigum ekki að vakna snemma eða fara seint að sofa.

## Morgnarnir erfiðastir

ERFIÐAST ER AÐ GERA MARGT Í EINU Á MORGNANA OG KVÖLDIN.

Vísindamenn finna sér mismunandi viðfangsefni og sum þeirra koma spánskt fyrir sjónir. Vísindamaðurinn Daniel Bratzke starfar við háskólann í Tübingen í Þýskalandi. Hann hefur síðustu ár rannsakað viðbragðstíma fólks á mismunandi tímum sólarhringsins. Nú var komið að því að rannsaka hæfni fólks til að sinna mörgum verkum í einu og hvaða áhrif klukkan hefði á hana.

Niðurstöðurnar koma ekki á óvart. Erfiðast er að sinna mörgum verkum í einu snemma á morgnana og seint á kvöldin. Hverjum hefði dottið það í hug?

Nú eru í það minnsta til vísindaleg gögn sem styðja þá kröfu að enginn ætti að þurfa að vakna of snemma eða vaka of lengi.

- tg




Orkugefandi jurtablanda
JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 • 101 Reykjavík
Sími 552 1103 • www.jurtaapotek.is


} Heilsa

## Langlífisgen fundið

KALORÍUSNAUTT MATARÆÐI LENGIR LÍF. GENIÐ SEM BER ÁBYRGÐ Á ÞVÍ ER FUNDIÐ.

Allt frá millistríðsárunum hefur verið vitað að næringarríkt en kaloríusnautt mataræði lengir líf nær allra dýra, allt frá bandormum til hunda. Nú er búið að finna genið sem ber ábyrgð á þessu langlífi.

Genið kallast pha-4 og fundu vísindamenn það með tilraunum á hringormum. Talið er að tilgangur gensins sé að hjálpa lífverum að lifa lengur við erfiðar aðstæður í von um betri tíð.

Gen náskyld og keimlík pha-4 finnast í mannfólki og gera vísindamenn sér vonir um að hægt sé að búa til lyf sem virkjar genin án sveltis.

-tg


YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
08. maí Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli...?!
Edda Björgvinsdóttir leikkona
09. maí Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
10. maí Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
19. maí Opin hláturjógatími
Kristján Helgason hláturjógakennari

TT námskeið

Vertu í góðum málum!
Sumar-TT!
5 vikna námskeið á kr. 18.500.-
7 vikur í opna kerfinu í bónus!
Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin
Ný námskeið hefjast 29. maí
Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega!
Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri.
TT-1
- Lokuð 5 vikna námskeið 3 x í viku
- Fræðslufundir 1x í viku, vigtun og mælingar
- Líkamsrækt
- Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

Innritun í síma 581 3730
Í boði eru morgun-, hádegis- og síðdegisnámskeið
Barnagæsla – Leikland JSB
Vertu velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


Ertu þurr í augunum?
Þá er OXYAL fyrir þig!
Oxyal™ Augndropar
Vernda augun og eru rakagefandi. Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.
Fæst í apótekum

Sjakradans
-chakra dance
-Dans og jógastöður í gegnum orkustöðvarnar
Námskeið
laugardaginn 19. maí
klukkan 12:00
Gerðubergi Reykjavík
Hleyptu Gyðjunni út og dansaðu!
Púlsinn námskeið

Marta Eiríksdóttir
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is



**Ruggustólar** eru bæði fagrir og hagnýtir. Sérstaklega nýtast þeir vel nýbökuðum mæðrum og feðrum sem rugga vilja barninu í ró.


Rýmingarsala
10 til 50%
afsláttur af öllum vörum í búðinni, nýjum og eldri
Ótrúlegt úrval af fallegum gjafavörum
Verið velkomin






Evíta
- hárgreiðsla og gjafavörur
Starmýri 2 • 108 Rvík • s. 553 1900 • evita.is

allt auglýsingasími
550 5880


# Vertu til er vorið kallar á þig

***Þegar sólarljósið hellist inn um gluggana og lýsir upp hverja einustu rykörðu sem kann að leynast á heimilinu finna margir fyrir þörf til að þrífa heimili sín hátt og lágt. Vorhreingerning er þannig oft gerð af illri nauðsyn fremur en öðru.***



Gott er að vera vel undirbúinn þegar vorhreingerningin stendur fyrir dyrum.

Þegar gera á hreint á heimilinu skiptir undirbúningur oft jafn miklu máli og sjálf athöfnin. Allar nauðsynlegar hreinlætisvörur verða að vera til taks og ómögulegt er að hafa götótta gúmmíhanska á höndunum. Farið því yfir birgðirnar og endurnýið þar sem við á.

Best er að byrja tiltektina með því að setja alla hluti á sinn stað, en þetta getur oft tekið eina eða tvær tarnir á sumum heimilum og verður þannig einn mikilvægasti þáttur aðgerðarinnar.

Þegar allt er komið á sinn stað er næsta mál að taka niður gardínur og þrífa þær, svo má ráðast í skápa og skúffur. Taka allt út, sortera og flokka og henda því sem ýmist er útrunnið eða búið að missa gildi sitt. Því næst eru skáparnir þrifnir og svo er raðað í þá aftur, eftir því hvað er notað mest. Það sem er mest notað fer yst og það sem er minnst notað fer innst.

Ef fólk kýs að þrífa veggina heima hjá sér er best að nota moppur í það en muna að nota litla sápu þar sem óhreinindi á veggjum sitja yfirleitt ekki mjög föst.

Nú eru allir lauslegir munir teknir af gólfum og mottur barðar, sængur, pullur, púðar og koddar viðraðir og gluggar opnaðir upp á gátt. Nauðsynlegt að lofta vel út og hafa góða, hvetjandi tónlist á fóninum til að efla táp og fjör. Við mælum með Abba, AC/DC eða Daft Punk. Svo er allt skúrað og ryksugað, sófinn, ofnar og gólflistar og húsgögn eru færð til svo að hægt sé að þrífa undir þeim.

Þegar þessu stórkostlega verki er lokið er nauðsynlegt að halda upp á dugnaðinn, til dæmis með góðri máltíð eða heitu unaðsbaði, hvítvínsglasi og jafnvel stórum vindli ef því er að skipta. Koma svo!

*- mhg*



Leðruð fegurð. Fallegur hægindastóll úr mjúku leðri frá B&B Italia.

## Ítölsk húsgögn

***Fremstir síðan 1966.***

Ítalir hafa löngum verið heimsþekktir fyrir góðan smekk og ástríðu fyrir vandaðri framleiðslu.

Síðan árið 1966 hefur húsgagnaframleiðandinn B&B Italia verið ofarlega á listanum yfir þá sem skara fram úr í smekkvísi en þeir hafa lagt sig fram um að skynja það sem koma skal og framleiða eftir því. Höfuðstöðvar B&B Italia eru í Como-héraðinu á Ítalíu en verslanir þeirra eru í öllum borgum heimsins og nú í mars var ein að opna í Soho-hverfinu í New York.

Til að kynna sér vöruúrval og framleiðslu B&B Italia má fara á vefsíðuna www.bebitalia.it

*- mhg*

## Vaxið burt

DAGBLAÐ OG STRAUJÁRN

Vax getur verið þrálátt ef það festist í fötum og dúkum. Góð leið til að ná vaxi úr efni er að leggja dagblað yfir blettinn og strauja yfir. Þá bráðnar vaxið og sogast upp í dagblaðið.






Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins



Eldhúsinnréttingar • Baðinnréttingar • Þvottahússinnréttingar • Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.



nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Þitt er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af tækjum!
Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og Snaigé og Westinghouse kæli- og frystiskápa. Við veitum a.m.k. 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu.




Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM
OUTLET
FISKISLÓÐ 75
Ótrúlegt úrval af dömu, herra og barnaskóm á góðu verði




OPNUNARTÍMI:
Mán.-Fös. 13:00-18:00
Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
X18 SKECHERS every

# sport

» ÍÞRÓTTABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS 3.TBL. 2007

## » LAGT AF STAÐ Í ÞRIÐJU TITILVÖRNINA

LANDSBANKADEILDIN Í FÓTBOLTA FER AF STAÐ Á LAUGARDAGINN.
FH-INGAR HAFA UNNIÐ SÍÐUSTU ÞRJÚ ÁR OG ÆTLA SÉR FJÓRÐA TITILINN.




SPORTMYND/ANTON


FIREFLY

# ALLIR ELTA FH

FRÁ RITSTJÓRA
Óskar Hrafn Þorvaldsson

Landsbankadeildin í fótbolta hefst á laugardaginn. Flestir eiga von á því FH-ingar muni vinna Íslandsmeistaratitilinn fjórða árið í röð og sá sem þetta skrifar er þar ekki undanskilinn.

FH-ingar hafa byggt upp ótrúlega öflugt lið á tiltölulega stuttum tíma. Forráðamenn félagsins hafa búið til umgjörð sem hæfir liði í fremstu röð og stuðningsmennirnir hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja. Það er einhver stórveldisbragur á FH sem ég kann vel við. Og það verður að líkindum engin breyting á í sumar. Andstæðingar FH verða í eltingarleik í sumar. Ekki bara inni á vellinum heldur líka utan vallar. Andstæðingana vantar ekki bara betri fótboltamenn heldur líka betri umgjörð. Þá vantar meiri stemningu, meira sjálfstraust. Það eina sem mörg af þessum liðum eiga eru peningar. En peningar kaupa ekki árangur eins og margoft hefur komið fram. Um það geta til að mynda KR-ingar og Valsmenn vitnað.



**En af hverju er FH með langbesta liðið?**

1) FH-ingar hafa haldið svipuðu liði undanfarin þrjú ár.

2) Félaginu hefur tekist að stoppa í þau göt sem hafa myndast með brotthvarfi leikmanna eins og Allans Borgvardt og Ármanns Smára Björnssonar án sýnilegra vandræða.

3) FH-liðið er með þjálfara sem hefur sýnt að hann veit hvað hann vill og það sem meira er – hann veit hvernig á að ná því fram.

4) FH-liðið er það eina á Íslandi sem hefur fyrirfram skilgreindan sóknarleik sem byggist ekki á tilviljunarkenndum sendingum fram völlinn og síðan að vona það besta. FH-liðið ræður saman mönnum í stöður sem henta leikstílnum. Þar er tilviljun ekki látin ráða ferðinni.

5) Leikmenn liðsins er komnir með óbilandi sjálfstraust eftir sigurgöngu síðustu ára. Sjálfstraustið lýsir sér þó ekki í hroka heldur í þeirri vissu að FH-liðið hefur á sannfærandi hátt einokað hlaðborðið í Landsbankadeildinni undanfarin þrjú ár.

6) FH hefur unnið tvo titla það sem af er þessu ári, þá tvo sem í boði hafa verið.

7) Leikmenn FH eru enn eins og gráðugir gammar á eftir bikarnum sem þeim hefur ekki tekist að landa á síðustu þremur árum. Þeir eru drifnir áfram að því takmarki að sigra loksins tvöfalt.

Við hin liðin níu sem ætla sér að keppa við FH í Landsbankadeildinni í sumar segir ég:

Gangi ykkur vel!

> „Forráðamenn FH hafa búið til umgjörð sem hæfir liði í fremstu röð og stuðningsmennirnir hafa ekki látið sitt eftir liggja. Það er einhver stórveldisbragur á FH og ég kann vel við það.



sport
Útgefandi: 365, Ritstjóri: Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Útlitshönnun: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Anton Brink af þeim leikmönnum og þjálfurum FH sem hafa orðið Íslandsmeistarar undanfarin þrjú ár. Sjá viðtal á blaðsíðu 10.








Florentina Grecu, markvörður Stjörnunnar, valdi Ísland fram yfir Serbíu þegar hún ákvað að hleypa heimdraganum. SPORTMYND/ANTON

# TEKUR GARÐABÆ FRAM YFIR DANMÖRK

**Rúmenski markvörðurinn Florentina Grecu, sem leikur með Stjörnunni, er ein af bestu handboltakonum landsins. Hún hefur verið hér í þrjú ár og sér ekki eftir því að hafa valið Ísland fram yfir Serbíu á sínum tíma.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Ég hef verið hérna í þrjú ár og líkar alveg afskaplega vel,“ segir hin 24 ára gamla rúmenska Florentina Grecu sem varð á dögunum Íslandsmeistari í handbolta annað árið í röð. Grecu, sem kom hingað þegar hún var tvítug, lék í þrjú ár með ÍBV en skipti yfir í Stjörnuna síðastliðið haust.

Grecu kom hingað til lands vegna þess að hún var of sein að finna sér lið í Evrópu en hún gat valið á milli Serbíu og Íslands. Og valdi Ísland.

„Ég sé ekki eftir því. Hér líður mér afar vel,“ segir Grecu en hún býr hér með manni sínum og vinnur þrjá tíma á leikskóla auk þess að spila handbolta. „Ég hef það mjög gott fjárhagslega og við erum mjög hamingjusöm,“ segir Grecu.

Hana dreymir um að spila í sterkari deild í Evrópu og það er líkt með henni og mörgum öðrum að Danmörk er draumastaðurinn. „Ég er með tilboð frá Danmörku en ég á eitt ár eftir af samningi mínum við Stjörnuna og ætla að virða hann. Ég stefni að því að fara til Danmerkur á næsta ári og það verður hvatning fyrir mig á næsta ári að verða enn betri til að komast að hjá betra liði,“ segir Grecu.

En hefur hún einhvern tíma hugleitt að sækja um íslenskan ríkisborgararétt þegar hún hefur rétt til?

„Ég get ekki sagt að ég hafi hugsað út í það. Kannski aðeins smá en ég er Rúmeni og spila með rúmenska landsliðinu þegar ég get. Ég yrði að hugsa mig afskaplega vel um en það er ekki hægt að útiloka neitt,“ segir Grecu. «

**192** **LEIKIR** er fjöldinn sem tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, sem leika nú með FH, hafa spilað í efstu deild á gifturíkum ferlinum. Þeir hafa hvor um sig spilað 96 leiki með ÍA og KR og hafa samanlagt skorað 85 mörk í þeim.

## DRAUMALIÐIÐ

» **ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** er einhver litríkasti og skemmtilegasti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið af sér. Ólafur er uppalinn Skagamaður og lék fyrstu árin með ÍA. Hann spilaði síðan sem atvinnumaður með Brann og Lyn í Noregi en kom heim árið 1993 og spilaði með ÍA til loka ársins 1997. Þá varð hann spilandi þjálfari hjá Fylki í tvö ár áður en hann sneri aftur upp á Skaga sem þjálfari. Hann lagði skóna á hilluna eftir tímabilið 2002 og hætti sem þjálfari ÍA á miðju síðasta tímabili. Hann stýrir nú Fram í Landsbankadeildinni. Ólafur lék 182 leiki í efstu deild og skoraði í þeim 28 mörk. Hann varð sex sinnum meistari með ÍA sem leikmaður og einu sinni sem þjálfari. Ólafur lék 72 A-landsleiki á ferlinum. Sport fékk Ólaf til að velja draumalið sitt úr þeim hópi leikmanna sem hann spilaði með á löngum og farsælum ferli.





# MAX RAFTÆKI

# Kaupauki




**GEISLADISKUR MEÐ ÖLLUM LÖGUNUM ÚR EUROVISION FYLGIR ÖLLUM GRILLUM ÞESSA VIKUNA**

**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**





**Grilltangir fylgja**

**Broil King Regal 20XL**
- 15.2kW / 52,000 BTU Super 8 brennari úr riðfríu stáli
- 3935sm$^2$ - heildar umfang
- 2968sm$^2$ - umfang án hliðarborðs/hellu
- Eldunargrindur úr pottjárni
- Flav-R-Cast eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Endingargóður skápur með ryðfríum hurðum
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum og mótum fyrir ílát
- Stór 20sm gúmmíhjól og 6,4sm læsanleg hjól
- Köld (Cool-to-the-touch), nælonklædd haldföng

## 49.899 kr.

Fullt verð ~~69.900~~



**Sterling 1104**
- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710sm$^2$ - heildar umfang
- 1677sm$^2$ - án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hiamælir
- Hágæða Perma-Mold XL niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18sm hjól

## 19.899 kr.

Fullt verð ~~24.900~~



**Sterling 1716**
- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H brennari úr ryðfríu stáli
- 3742sm$^2$ - heildar umfang
- 2129sm$^2$ - umfang án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Lineral Flow™ gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum
- 18sm hjól

## 24.899 kr.

Fullt verð ~~29.900~~



**Sterling 2854**
- 13.2kW / 50.000BTU Dual-H brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínhúðaðar járngrindur
- Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum
- 2 stór 18sm gúmmíhjól og 6,4sm læsanleg hjól

## 34.899 kr.

Fullt verð ~~39.900~~



**Broil King Sovereign 90**
- 14.4kW / 52,000 BTU Dual-Tube brennarar
- 2.7kW / 10.000BTU hliðarbrennari úr ryðfríu stáli
- 5,25kW / 18.000BTU bakbrennari
- Rotisserie grillteinn
- Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Sure-Light elektrónískt kveikjukerfi
- Niðurfellanlegt hliðarborð úr ryðfríu stáli
- Skápur með ryðfríum hurðum
- 17sm gúmmíhjól og 6,4sm / 2½" læsanleg hjól
- Köld (Cool-to-the-touch), nælonklædd haldföng

## 79.899 kr.

Fullt verð ~~89.900~~

Tilboð gilda til 12. maí eða meðan birgðir endast.

## FRÍ HEIMSENDING og FRÍ SAMSETNING á stór-höfuðborgarsvæðinu

**Ef grillið er keypt fyrir kl. 16.00 sendum við það heim í dag**

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Frábær tækjakaup**

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

# 9

**MEISTARATITLAR**
**Ryan Giggs** hefur níu sinnum orðið meistari með Manchester United í ensku úrvalsdeildinni. Giggs varð fyrst meistari tímabilið 1992 til 1993, þá aðeins nítján ára gamall. Hann hefur verið frábær með United í vetur og á stóran þátt í titlinum sem félagið landaði um helgina.






Fríða Rún Einarsdóttir átti eftirminnilegan aprílmánuð og vann sjö gull í fimleikum og Skólahreysti. SPORTMYND/ANTON

# » FÉKK GÆSAHÚÐ « ÞEGAR ÞJÓÐSÖNGURINN VAR SPILAÐUR

**Fríða Rún Einarsdóttir er fimmtán ára Kópavogsmær. Hún er efnilegasta fimleikastúlka landsins og vann meðal annars til sex gullverðlauna á Norðurlandamóti unglinga á dögunum.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Ég æfi fjóra tíma á dag, sex sinnum í viku,“ segir fimleikastúlkan Fríða Rún Einarsdóttir spurð um hvaða vinna liggi að baki þeim frábæra árangri að vinna til sex gullverðlauna á Norðurlandamóti unglinga, sem er besti árangur sem íslenskt fimleikafólk hefur náð á þeim vettvangi.

**GÓLFÆFINGAR SKEMMTILEGASTAR**
„Ég held að árangurinn á Norðurlandamótinu núna sé algjörlega toppurinn á ferlinum. Það gekk alveg frábærlega og það var yndislegt að heyra þjóðsönginn spilaðan. Ég fékk gæsahúð þá,“ segir Fríða Rún en hún vann gull í fjölþraut og liðakeppninni auk þess sem hún sigraði í öllum einstaklingsgreinunum, stökki, á jafnvægisslá, í gólfæfingum og á tvíslá. „Mér finnst skemmtilegast í gólfæfingum,“ svarar Fríða Rún spurð hvaða grein fimleikanna sé skemmtilegust.

Aprílmánuður var síðan fullkomnaður þegar hún bar sigur úr býtum í Skólahreysti 2007 ásamt félögum sínum úr Lindaskóla, Haraldi Birgissyni, Guðmundi Erni Magnússyni og Rakel Reynisdóttur. „Þetta var skemmtileg tilbreyting. Það var mikil stemning og gaman að glíma við fjölbreyttar greinar,“ segir Fríða Rún. Fimleikabakgrunnurinn kom sér vel í keppninni en hún segir að meirihluti keppendanna í Skólahreystinni hafi æft fimleika þannig að forskotið hafi ekki verið mikið.

**ÁHUGINN ENN MIKILL**
Fríða Rún var aðeins fimm ára þegar hún byrjaði að æfa fimleika og fann sig strax. „Ég hef alltaf þurft að vera mikið á hreyfingu og byrjaði í samkvæmisdönsum þegar ég var fjögurra ára. Það var hins vegar full rólegt fyrir mig þannig ég byrjaði að æfa fimleika og sé ekki eftir því. Ég fann strax að þetta er íþróttin fyrir mig,“ segir Fríða Rún og bætir við að hún sé ekkert að fá leið á þessu þótt æfingarnar séu oft erfiðar.

„Mér finnst þetta alltaf jafn gaman. Auðvitað koma tímar sem eru erfiðir en áhuginn er ennþá mjög mikill,“ segir Fríða Rún.

Hún stefnir hátt og segist vera að gæla við að komast jafnvel á Ólympíuleikana í Peking á næsta ári. Framundan eru ferðalög á Smáþjóðaleikana í Mónakó og Ólympíuleika æskunnar í Belgrad. Auk þess vonast Fríða Rún til að komast á HM í Þýskalandi í september.

**GOTT SKIPULAG**
En lífið er ekki bara fimleikar. Fríða Rún er að klára 10. bekk í Lindaskóla og segist reyna að vera dugleg að læra þegar hún hefur tíma. „Það er auðvitað mikið að gera en ég reyni að skipuleggja mig vel. Ég hef alltaf náð að klára allt og er að því er ég veit best bara fyrirmyndarnemandi,“ segir Fríða Rós og hlær. «







## HVAR ER HÚN NÚ?

**» RAGNHEIÐUR RUNÓLFSDÓTTIR**

Skagastúlkan Ragnheiður Runólfsdóttir er sigursælasta sunddrottning Íslands frá upphafi. Íslandsmetin sem hún setti á ferlinum skipta hundruðum og hún var valin í A-landsliðið aðeins tólf ára gömul. Ragnheiður bar ægishjálm yfir aðrar sundkonur á Íslandi allt þar til hún lagði sundbolinn á hilluna eftir Ólympíuleikana í Barcelona árið 1992. Sama ár lauk hún námi frá Háskólanum í Alabama í íþróttaeðlisfræði. Hún kom heim og byrjaði að þjálfa sund og kenna uppi á Akranesi. Hún var þrjú ár í Mosfellsbæ og tvö í Keflavík áður en hún flutti aftur upp á Skaga árið 1999. Á sama tíma kynntist hún sambýlismanni sínum, þingmanninum Magnúsi Þór Hafsteinssyni.



Hún hellti sér út í þjálfun í fullri vinnu árið 2001 og hefur síðan unnið sem þjálfari hjá Sundfélagi Akraness og stýrir gríðarlega vel sóttum sundskóla sem sinnir ungbarnasundi og krökkum upp til fimm ára. Ragnheiður á þrjú börn: Birgi Viktor 12 ára, Önnu Söru 5 ára og Sigurjónu 3 ára.






©2006 The Coca-Cola Company. COCA-COLA, COKE, VERTU COKE MEGIN Í LÍFINU, the Dynamic Ribbon and the Contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company.

# SKIPTIMYNTIN ORÐIN AÐ GULLI

**Tveir leikmenn, BARON DAVIS og STEPHEN JACKSON, eiga stærstan þátt í óvæntri og sögulegri velgengi Golden State Warriors í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta. Þeir fara báðir sínar eigin leiðir, geta tekið upp á hverju sem er inni á vellinum en hafa það sameiginlegt að búa yfir einstökum hæfileikum. Þeir höfðu verið afskrifaðir af mörgum þegar þeir komu til Golden State.** EFTIR ÓSKAR ÓFEIG JÓNSSON



Baron Davis og Stephen Jackson hafa fundið fjölina sína sína hjá Golden State Warriors eftir að hafa verið afskrifaðir af restinni af NBA-deildinni.

Þegar Don Nelson setti Baron Davis og Stephen Jackson hlið við hlið í bakvarðarsveit Golden State uppgötvaði hann hinsvegar tvíeyki sem hreinlega keyrði yfir besta lið deildarkeppninnar, Dallas Mavericks. Saman skoruðu þeir félagar tæp 48 stig að meðaltali í einvíginu, Davis var með 25,0 stig í leik en Jackson skoraði 22,8 stig í leik.

**JACKSON HJARTAÐ OG SÁLIN**

Baron Davis segir Jackson vera hjarta og sál liðsins og ekki að ástæðulausu. Jackson hefur fundið nýja lífdaga í Golden State eftir erfitt ár þar sem hann lenti bæði í slagsmálunum í leik Detroit og Indiana sem og handtöku fyrir utan strippstað á síðasta ári. Snilli Chris Mullin nær nú út fyrir körfuboltavöllinn því hann hefur komið öllum þessum mönnum saman. Það var hann sem fékk Baron Davis í skiptum fyrir Speedy Claxton og Dale Davis í febrúar 2005, það var hann sem hringdi í Don Nelson og sannfærði hann um að fara að þjálfa aftur og það var hann sem nældi í Stephen Jackson í átta manna skiptum við Indiana Pacers. Framhaldið er orðið hluti af sögunni, Indiana Pacers komst ekki í úrslitakeppnina en Golden State er búið að vinna 13 af síðustu 16 leikjum sínum og er komið inn í undanúrslitin í úrslitakeppni Vesturdeildar.

**ÞURFTI AÐ VERA LEIÐTOGI**

„Frá mínum sjónarhóli séð hefur þetta verið tækifæri fyrir mig að sýna hvað ég get,“ sagði Baron Davis um skiptin frá New Orleans til Golden State. Tími Davis með Hornets-liðinu, bæði í Charlotte og New Orleans, var allt annað en dans á rósum. Davis var kominn með slæmt orð á sér, stóð í sífellum illdeilum við þjálfara sína á milli þess að hann glímdi við erfið meiðsli. Lykillinn að velgengninni var koma Don Nelson til Golden State. „Hann sagði mér að ég þyrfti að verða leiðtogi þegar hann hringdi í mig. Ég vissi að allt sem þurfti til var að ég fengi rétta leikmenn í kringum mig,“ sagði Davis og leikstíll Nelson hentar honum líka betur en nokkuð annað. Davis hefur líka fórnað ýmsu til þess að vera klár í þessa úrslitakeppni. Hann var til dæmis aðeins frá í tíu daga eftir að hafa farið í hnéaðgerð í febrúar. Golden State þurfti á öllu sínu að halda til þess að komast í úrslitakeppnina og komst þangað loksins á síðasta degi eftir að hafa unnið 9 af síðustu 10 leikjum sínum.

**SÁ HÆFILEIKARÍKASTI**

Nelson hefur lýst Davis sem hæfileikaríkasta körfuboltamanni sem hann hefur þjálfað, sem eru stór orð frá manni sem hefur þjálfað menn eins og Chris Mullin, Tim Hardaway, Dirk Nowitzki og Mitch Richmond. Þeir sem hafa orðið vitni að frammistöðu Barons Davis í úrslitakeppninni eru farnir að sjá af hverju. Stephen Jackson kom til Golden State í janúar og hafði meðal annars afrekað það að tryggja Indiana sigur á Golden State fyrr á tímabilinu, sigur sem hefði hugsanlega getað þýtt að Warriors kæmist ekki í úrslitakeppnina. Það var svo tæpt að Golden State-liðið væri í þeirri stöðu og að geta slegið Dallas Mavericks út úr fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

**OFT VERIÐ AFSKRIFAÐUR**

Stephen Jackson hefur oft verið afskrifaður en alltaf risið upp aftur. Hann var valinn af Phoenix Suns í nýliðavalinu 1997 en var látinn fara áður en tímabilið byrjaði. Hann spilaði ekki sinn fyrsta leik fyrr en 2000 og þá með New Jersey Nets. Jackson átti mikinn þátt í að San Antonio Spurs varð meistari 2003 en hann skoraði



**28**

**TÍMABIL** sem **Don Nelson,** þjálfari Golden State Warriors, hefur þjálfað í NBA-deildinni í körfubolta.

þá 12,8 stig að meðaltali í sinni fyrstu úrslitakeppni. Jackson elti betri samning til Atlanta og var síðan skipt yfir til Indiana. Það var ekki langt liðið á hans fyrsta tímabil með Pacers þegar allt varð vitlaust í leik gegn Detroit. Jackson var dæmdur í 30 leikja bann fyrir sinn þátt í slagsmálunum. Jackson var handtekinn rétt fyrir tímabilið fyrir að hafa lent í ólátum fyrir utan súludansstað í Indianapolis. Jackson var síðan á endanum skipt til Golden State í janúar þar sem átta menn skiptu um lið. Hann skoraði 29 stig í sínum fyrsta leik og var frábær þann tíma sem Baron Davis var frá vegna meiðsla.

**HINN FULLKOMNI LIÐSFÉLAGI**

Jackson hefur slæmt orð á sér en margir hafa komið honum til varnar. Hann er skapbráður og fljótfær en þykir jafnframt trúr og tryggur félagi. Tim Duncan kallaði hann á sínum tíma hinn fullkomna liðsfélaga.

Frammistaða Jacksons í einvíginu gegn Dallas var mögnuð og ekki síst varnarlega þar sem hann komst inn í kollinn á Dirk Nowitzki og átti mikinn þátt í að Þjóðverjinn var nánast óþekkjanlegur í einvíginu. Í lokaleiknum setti Jackson niður sjö fyrstu þriggja stiga skotin sín og skoraði alls 33 stig. Þar af setti hann niður fjóra þrista og alls 15 stig þegar Golden State gerði út um leikinn með því að vinna fimm mínútna kafla 19-3.

**GETUR BARA STOPPAÐ SIG SJÁLFUR**

„Sá eini sem getur stoppað Stephen Jackson er hann sjálfur. Þegar hann missir stjórn á skapi sínu verður henn einskis verður leikmaður en þegar hann heldur haus getur enginn stoppað hann á vellinum,“ sagði Don Nelson um Stephen. Jackson var rekinn út úr húsi í tveimur leikjanna og fékk alls þrjár tæknivillur í einvíginu en þegar betur var skoðað var eins og orðspor hans hefði mikið um það að segja. Baron Davis talaði um það eftir leikinn að hann biðlaði til Jackson þegar hann fann að meiðslin myndu hamla hans leik. Þó að Davis hafi gert Dallas grikk á annarri löppinni var það framganga Jackson sem sló Dallas-liðið algjörlega út af laginu.

Golden State Warriors mætir Utah Jazz í næstu umferð og fór fyrsti leikur liðanna fram í nótt. Það verður fróðlegt að sjá hvort ævintýri þeirra Baron Davis og Stephen Jackson haldi áfram eða hvort Jerry Sloan og lærisveinar hans komi Warriors-liðinu aftur niður á jörðina. «


Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

| | MYNTKÖRFULÁN *** | BLANDAÐ LÁN ** | ÍBÚÐARLÁN |
|---|---|---|---|
| LÁNSUPPHÆÐ | 20.000.000 | 20.000.000 | 20.000.000 |
| VEXTIR | 4,0% * | 4,4% * | 5,0% |
| GREIÐSLUBYRÐI**** | 66.500 | 100.800 | 96.600 |

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.
*** Vextir á erlendri myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkörfu 4.
**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkörfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

Fíton/SÍA


Behind a perfect performance is a thousand mistakes
Martine Muncaster professional dancer.
Impossible is nothing.
adidas
adidas.com/women
© 2006 adidas AG. adidas, the 3-Bars logo and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.
ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

1947 60 2007



RAPUNZEL
Brautryðjandi frá 1974

Lífrænt ræktaðar vörur framleiddar með ást og umhyggju

fyrir heilbrigðan og heiðarlegan heim



# Á LEIÐ Í SÖGUBÆKURNAR

**Hollenski markahrókurinn RUUD VAN NISTELROOY skoraði tvö mörk fyrir Real Madrid í 3-2 sigri á Sevilla um helgina. Þar með er hann orðinn markahæsti leikmaður spænsku úrvalsdeildarinnar með 20 mörk. Haldi hann toppsætinu kemst hann á spjöld sögunnar.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON



Hollenski framherjinn Ruud van Nistelrooy skorar mörk hvar sem hann er.

Hollendingurinn Ruud van Nistelrooy hefur verið sjóðandi heitur í framlínu Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni að undanförnu. Hann hefur skorað níu mörk í síðustu níu leikjum liðsins og átt stóran þátt í því að liðið er aðeins tveimur stigum á eftir Barcelona á toppi deildarinnar.

**Í SÖGUBÆKURNAR**

Það er óhætt að segja að van Nistelrooy hafi alltaf skorað, hvar sem hann hefur stigið niður fæti. Hann var markahæsti leikmaður hollensku deildarinnar í tvígang með PSV, 1999 með 31 mark og 2000 með 29 mörk. Hann var einnig markahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar með Manchester United árið 2002 en þá skoraði hann 25 mörk. Eins og áður sagði er van Nistelrooy markahæstur í spænsku úralsdeildinni með 20 mörk, einu meira en Alberto Diego Milito og Freddie Kanoute. Verði hann efstur til loka nær hann þeim áfanga að verða fyrsti framherjinn sem hirðir markakóngstitil í þremur af sex bestu deildum heims.

**EKKI SLÆMUR FÉLAGSSKAPUR**

Það má með sanni segja að van Nistelrooy sé ekki í félagsskap af verri endanum þegar þeir leikmenn sem hafa orðið markakóngar í tveimur deildum eru skoðaðir. Þeirra á meðal eru landi hans Marco van Basten sem varð tvívegis markakóngur með Ajax í Hollandi og tvívegis með AC Milan á Ítalíu og Brasilíumennirnir Romario og Ronaldo sem urðu báðir markakóngar með PSV í Hollandi og Barcelona á Spáni en Ronaldo varð auk þess markahæstur með Real Madrid.

**HÖRÐ KEPPNI**

Það munar ekki miklu á van Nistelrooy og næstu mönnum því Argentínumaðurinn Alberto Diego Milito, sem leikur með Real Zaragoza, og Frakkinn Freddie Kanoute hjá Sevilla eru báðir með nítján mörk. Þeir eru .þó ekki í eins miklu stuði og van Nistelrooy. Kanoute hefur ekki skorað í deildinni síðan 18. mars síðastliðinn og Milito hefur ekki fundið netmöskvana í undanförnum fjórum leikjum. Öfugt við van Nistelrooy , sem hefur skorað fjögur mörk í síðustu tveimur leikjum og níu mörk í síðustu níu. «



## » HAFA ORÐIÐ MARKAKÓNGAR Í TVEIMUR DEILDUM

**John Charles** (Leeds United, Englandi 1957 og Juventus á Ítalíu 1958)

**Marco van Basten** (Ajax, Hollandi 1984 og 1987 og AC Milan, Ítalíu 1990 og 1992).

**Romario** (PSV, Hollandi 1989 og 1991 og Barcelona, Spáni 1994)

**Ronaldo** (PSV, Hollandi 1995, Barcelona, spáni 1997 og Real Madrid, Spáni 2004)

**Marcio Amoroso** (Udinese, Ítalíu 1999 og Borussia Dortmund, Þýskalandi 2002).

**Christian Vieri** (Atletico Madrid, Spáni 1998 og Internazionale, ítalíu 2003).

**Ruud van Nistelrooy** (PSV, Hollandi 1999 og 2000 og Manchester United, Englandi 2003.

# MILAN GEGN INTER 8-3!



NAUTABANINN
Einar Logi Vignisson

Fari svo að AC Milan sigri í Meistaradeildinni er líklegt að harmsaga núverandi leiktíðar á Ítalíu verði endurrituð. Titlar telja í sögubókum og sjálfsagt munu komandi kynslóðir líta á árin 2006 og 2007 sem gullöld ítalska boltans. Árin sem Ítalir urðu heimsmeistarar og ítalskt lið varð Evrópumeistari. Svona geta nokkrir leikir breytt miklu. AC Milan er búið að eiga einhverja döprustu leiktíð sína í deildinni í mörg ár, þjakað af Calciopoli-málinu og mínusstigunum átta sem liðið lagði af stað með. En frá áramótum hefur stígandi verið í leik liðsins og á vordögum hefur það verið óstöðvandi. Hamskiptin á liðinu eru algjör á nokkrum vikum. Þannig á liðið sem mætti teinrétt og keikt til leiks gegn Manchester United lítið sameiginlegt með liðinu sem átti í miklum vandræðum að brjóta Celtic á bak aftur og þurfti einstaklingsframtak Kaká til í framlengingu síðari leiksins.

Ítalir hafa verið í miklu þunglyndi í vetur og haft hálfgerða skömm á fótbolta. Lélegasta leiktíð frá stríðslokum segja menn og aðsóknin endurspeglar það. Ekki verið minni í fjörutíu ár. Upprisa Milan hefur vakið menn af þyrnirósarsvefni þunglyndisins og ráða fjölmiðlar sér vart fyrir kæti. Geðshræringin dásamlega öfgakennd að sjálfsögðu. Þakklætið í garð Milan fyrir að bjarga heiðri þjóðarinnar svo mikið að strikað er yfir allt sem á undan er gengið. Þannig voru átta af ellefu sérfræðingum sem La Gazzetta dello Sport leitaði til á þeirri skoðun að Milan væri sterkara lið en meistarar Inter sem sigruðu í deildinni með mestu yfirburðum í sögunni. Inter lagði Milan sannfærandi að velli í báðum innbyrðisviðureignum vetrarins.

Á sveif með Milan lögðust óvilhallir meistarar úr ýmsum áttum; Marcello Lippi, Pierluigi Casiraghi, Claudio Ranieri, Luca Marchegiani, Giuseppe Giannini, Franco Causio, Giuseppe Signori og Gianfranco Zola. Aðeins Giancarlo Antognoni, Zbigniew Boniek og Fabrizio Ravanelli töldu Inter fremri.

En kálið er ekki sopið þótt í ausuna sé komið og tapi Milan úrslitaleiknum blasir svartnættið við á nýjan leik. Þá verður leiktíðarinnar minnst í framtíðinni sem eignar Englendinga. „Annus horribilis" heitið sem svo oft hefur verið notað í vetur jafnframt geirneglt á spjöld sögunnar.

# GEYSIR
## Bistro & Bar



## SÚPUR

Súpa dagsins 575,-

Sumarleg tómatsúpa 575,-

Fiskisúpa Geysis 1.295,-

Allar súpur eru bornar fram með heimabökuðu brauði

## SMÁRÉTTIR, FORRÉTTIR OG SALÖT

Nachos með guacamole & salsa 595,-

Brushetta með ferskum tómötum, oregano, basil og hvítlauk 795,-

Djúpsteiktur Camembert með heimabökuðu brauði, aldinmauki og berjum 1095,-

Geitosta brulée með vínberjum og heimabökuðu brauði 945,-

Risarækja á spjóti með grænmetis-quiche og sýrðum rjóma 965,-

Chefsalat : Lítið / stórt
með skinku og osti 795,- / 1395,-
með sjávarsælgæti 895,- / 1475,-

Kjúklingasalat m. ólífum, papriku, lauk og brauðteningum 1.345,-

Fylltar pönnukökur m. grænm. 995,-

Fylltar pönnukökur m. kjúkl. 995,-

## HAMBORGARAR OG SAMLOKUR

Allir hamborgar og samlokur eru bornir fram með frönskum og kokteilsósu

Hvítlauksborgari með osti, salati, rauðlauk og tómat 1.295,-

BBQ borgari með osti, beikoni, salati, rauðlauk og tómat 1.295,-

Hvalborgari með humarmajonesi, salati, lauk og tómat 1.295,-

Geysir klúbbsamloka með kjúklingi, beikoni og spældu eggi 1.295,-

Ristuð nautakjötssamloka með lauk, sveppum og béarnaise 1.475,-

Egg og beikon, ristað brauð og smjör 895,-

## 3JA RÉTTA MÁLTÍÐ

Súpa dagsins

Kjúklingurbringur með tómatsalsa, hrísgrjónum og grænmeti dagsins

Súkkulaðimús með berjum

3.945,-



## 3JA RÉTTA MÁLTÍÐ

Sumarleg tómatsúpa

Grillaður lax með kartöflum, grænmeti og hvítlaukssmjöri

Bláberjaskyrkaka

3.765,-




## FISKUR

Fiskur dagsins 1.645,-

Saltfiskur að hætti portkonunnar með kartöflum og ólífutómat-basilikuspjóti 2345,-

Grillaður lax með kartöflum, grænmeti og hvítlaukssmjöri 2295,-

Ýsugratin “Geysis” 1645,-

Sjávarrétta Quesadillas 1645,-

Fiskur og franskar með sósu og salati 1595,-

## KJÖTRÉTTIR

Lambalundir með bernaise, timiankartöflum og grænmeti dagsins 2.785,-

Nautasteik m. rósmarínsósu, timiankartöflum og grænmeti dagsins 2.995,-

Kjúklingurbringur með tómatsalsa, hrísgrjónum og grænmeti dagsins 2.475,-

“Wiener Schnitzel” pönnusteikt svínasnitzel í raspi með steiktum kartöflum 2.395,-

## PASTA

Spaghetti ai, olio et pepperon-cini, spaghetti með hvítlauk, chilli og ólífuolíu 1.345,-

Spaghetti Bolognese 1.595,-

Spaghetti með sjávarsælgæti í rjómasósu 1695,-

## EFTIRRÉTTIR

Súkkulaðimús með berjum 895,-
Crème Brûlée 895,-
Bláberjaskyrkaka 895,-
Ískaffi með vanilluís 695,-
Pönnukökur með sykri 695,-
Pönnukökur með bananarjóma og súkkulaði 695,-
Pönnukökur með jarðarberjasultu og rjóma 695,-
Ferskt ávaxta- og berjasalat 945,-
Volg eplakaka með ís & rjóma 795,-
Súkkulaðikaka með ís & rjóma 795,-
Vanilluís með rjóma og súkkulaðisósu 795,-

Geysir Bistro & Bar • Aðalstræti 2 • Sími 517 4300 • www.geysirbistrobar.is

» LANDSBANKADEILDIN «



**DAÐI LÁRUSSON**
**2004**
18+0/0
**2005**
18+0/0
**2006**
18+0/0

Markvörður » 54 leikir af 54 (100%) » Í byrjunarliði 54 » Varamaður 0 » Fyrirliði í 24 leikjum



**ÁSGEIR GUNNAR ÁSGEIRSSON**
**2004**
7+9/2 mörk
**2005**
14+3/2
**2006**
18+0/2

Miðjumaður » 51 leikur af 54 (94%) » Í byrjunarliði 39 » Varamaður 12



**GUÐMUNDUR SÆVARSSON**
**2004**
15+3/1
**2005**
18+0/0
**2006**
15+0/1

Hægri bakvörður » 51 leikur af 54 (94%) » Í byrjunarliði 48 » Varamaður 3



**TOMMY NIELSEN**
**2004**
17+0/3
**2005**
15+0/0
**2006**
12+0/1

Miðvörður » 44 leikir af 54 (81%) » Í byrjunarliði 44 » Varamaður 0



**FREYR BJARNASON**
**2004**
17+0/1
**2005**
18+0/1
**2006**
8+0/1

Bakvörður » 43 leikir af 54 (80%) » Í byrjunarliði 43 » Varamaður 0



**ATLI VIÐAR BJÖRNSSON**
**2004**
16+1/6
**2005**
5+9/3
**2006**
7+2/4

Framherji » 40 leikir af 54 (74%) » Í byrjunarliði 27 » Varamaður 13



**DAVÍÐ ÞÓR VIÐARSSON**
**2004**
2+6/0
**2005**
18+0/1
**2006**
11+0/0

Miðjumaður » 37 leikir af 54 (69%) » Í byrjunarliði 31 » Varamaður 6

# „LÍÐUR EINS OG VIÐ EIGUM BIKARINN"

**FH-ingar hafa orðið Íslandsmeistarar undanfarin þrjú ár. Markvörðurinn Daði Lárusson hefur spilað alla leiki liðsins þessi þrjú ár. Ef eitthvað er að marka hann eru FH-ingar ekki orðnir saddir.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Við erum ekki búnir að fá nóg. Mér sjálfum líður ekkert öðruvísi en tvö síðustu ár. Mér líður eins og við eigum bikarinn og munum halda dauðahaldi í hann. Ég held að þannig sé með alla. Það er komið stolt í mannskapinn og menn þekkja tilfinninguna sem fylgir því að vinna Íslandsmeistaratitilinn. Ég lofa því að við erum enn jafn hungraðir," segir Daði Lárusson, markvörður og fyrirliði FH, spurður um stemninguna í herbúðum FH fyrir komandi tímabil í Landsbankadeildinni.

**TOPPURINN AÐ LYFTA BIKARNUM**

Daði er uppalinn FH-ingur og hann segir það hafa verið toppinn á ferlinum þegar hann lyfti sjálfur Íslandsmeistarabikarnum á loft í fyrra en hann tók við fyrirliðabandinu af Heimi Guðjónssyni sem lagði skóna á hilluna fyrir síðasta tímabil og skellti sér í þjálfaragallann. „Þegar ég lyfti bikarnum á loft leið mér ótrúlega vel. Þetta varð allt svo raunverulegt. Þetta var hlutur sem var afskaplega fjarlægur þegar ég lék í yngri flokkunum enda var FH á þeim tíma ekki þekkt fyrir að vinna titla," segir Daði, sem er eini leikmaður FH sem hefur spilað alla 54 leiki liðsins á þessum þremur Íslandsmeistaratímabilum.

**SAMSTILLTUR HÓPUR**

FH-ingar hafa að sönnu borið ægishjálm yfir önnur lið á Íslandi undanfarin þrjú ár undir stjórn Ólafs Jóhannessonar og Daði segir þátt Ólafs vera gífurlega mikilvægan.

„Það er í raun lyginni líkast að þjálfaranum hafi tekist að halda hópnum saman og hafa alla góða. Honum hefur tekist að halda mönnum á tánum öll þessi ár og það sama er uppi á teningnum í ár. Það er svo margt sem þjálfarinn þarf að huga að og hann hefur séð til þess að hópurinn sé samstilltur. Það standa allir þétt við bakið hver á öðrum og menn sýna á stundum ótrúlega þolinmæði. Það er held ég helsti styrkur FH-liðsins að leikmenn hugsa fyrst um liðið og síðan sjálfa sig," segir Daði og bætir við að ekki megi gleyma stjórninni og stuðningsmönnunum.

„Stjórnin hefur staðið sig frábærlega við að skapa flotta umgjörð í kringum félagið og vöxturinn hefur verið ótrúlegur. Í kjölfarið hefur stemningin á vellinum aukist til muna og það er ekki síst að taka strákunum í Botnleðju sem settu á fót Hafnarfjarðarmafíuna. Fyrst voru þetta nokkrir strákar en nú er þetta breiðfylking hóps sem styður okkur sama hvað á dynur. Það sem er líka skemmtilegast við stuðningsmennina er að þeir fagna hverjum titli eins og hann sé sá fyrsti."

**BÍÐ EFTIR TOPPTÍMABILINU**

Daði, sem er 33 ára, hefur á undanförnum árum skipað sér í hóp bestu markvarða landsins með stöðugri frammistöðu. Hann segist þó enn vera að bíða eftir sínu besta tímabili.

„Ég er alltaf að bíða eftir topptímabilinu. Ég er alltaf í því að reyna að toppa sjálfan mig á hverju ári enda er það hluti af því að halda einbeitingunni ár eftir ár. Mér finnst ég hafa farið þessi þrjú síðustu tímabil á pari, þau voru öll frekar svipuð. Sumir leikir voru góðir, aðrir verri en flestir svona þokkalegir," segir Daði hógværðin uppmáluð. Og það er ekki hægt að fá hann til að segja að hann sé besti markvörður deildarinnar. „Þeir sem þekkja mig vita að ég myndi aldrei viðurkenna það. Það er fullt af góðum markvörðum en eigum við ekki að segja að ég sé í hópi bestu markvarða landsins," segir Daði og hlær.

**MEÐ SAMNING TIL 2010**

Og Daði er ekki á þeim buxunum að hætta þótt titlunum fjölgi sem og árunum. „Ég er með samning við FH til 2010. Þá verð ég 37 ára gamall. Ég ætla að klára þennan samning með fullri reisn en síðan verður bara að skoða árið 2011 þegar þar að kemur. Ef skrokkurinn er í lagi þá er aldrei að vita hvað gerist. Eru markmenn ekki að toppa á þessum aldri nú til dags?" spyr Daði og hlær. «










**FH hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn þrívegis á þremur árum. Fyrst árið 2004 þar sem félagið tryggði sigur í síðustu umferðinni gegn KA á Akureyri. Árið 2005 hafði liðið sjaldséða yfirburði, var 16 stigum á undan liðinu í öðru sæti. Í fyrra kom þriðji titillinn þó kannski með minnsta glæsibragnum en samt urðu FH-ingar sex stigum á undan KR-ingum.**


love from London
Rachel Weisz
and
Ioan Gruffudd
BURBERRY
LONDON
The new fragrances
for women and men
© BURBERRY LIMITED BURBERRY.COM

» LANDSBANKADEILDIN «

# „ÓÁNÆGÐUR EF ÉG VINN EKKI FLEIRI LEIKI EN ÉG TAPA“



Guðjón Þórðarson gerir kröfu um það að synir hans Bjarni og Þórður verði í fantaformi í sumar enda segir þá búa yfir getu, karakter og þekkingu til að skara fram úr.
SPORTMYND/HÖRÐUR

**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON hefur tekið við Skagaliðinu á nýjan leik eftir ellefu ára fjarveru. Síðast þegar Guðjón stýrði liðinu varð það tvöfaldur meistari. Margt hefur breyst og kröfurnar eru ekki þær sömu í dag.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Það er engin pressa á mér. Í það minnsta ekki utanaðkomandi. Ég set pressu á sjálfan mig og væri náttúrlega að ljúga ef ég segði að ég ætlaði að fara í fótboltaleik og ætlaði ekki að vinna. Þannig er það nú bara,“ segir Guðjón Þórðarson, sem er kominn heim á nýjan leik – upp á Akranes eftir ellefu ára fjarveru.

**TEKUR TÍMA AÐ NÁ ÁRANGRI**

Það er kannski ekki búist við miklu af ÍA enda hefur félagið gengið í gegnum mikla endurnýjun á undanförnum árum. Guðjón hræðist það ekki að hópurinn sé ungur og segir hina gamalkunnu samstöðu og vilja geta flutt fjöll þegar svo ber undir.

„Samstaðan hefur verið sterk á Skaganum í gegnum tíðina en það þarf að vinna vel til að búa til umhverfi þar sem árangur á að nást. Það þarf fjárhagslegt sjálfstæði, sterka og stöðuga stjórn og menn þurfa að gera sér grein fyrir því að árangri er ekki náð á stuttum tíma. Það þarf að búa til lið og liðsanda og ef það væri auðvelt þá væru væntanlega allir á toppnum,“ segir Guðjón og hlær.

**AÐ SIGLA LYGNAN SJÓ**

Aðspurður um markmið ÍA í sumar segir Guðjón það ljóst vera að ÍA sé ekki að fara að berjast um titilinn. „Ég held að FH, KR og Valur séu með sterkustu liðin. Okkar markmið er að sigla lygnan sjó. Ef við sjáum fram á að það markmið náist getum við sett stefnuna hærra. Það er hins vegar alveg ljóst að ég verð óánægður ef ég vinn ekki fleiri leiki en ég tapa,“ segir Guðjón.

**GERIR KRÖFUR TIL SONANNA**

Bæði Bjarni og Þórður, synir Guðjóns, munu spila undir stjórn föður síns í sumar. Bjarni var einn af bestu mönnum deildarinnar í fyrra en Þórður náði sér ekki á strik vegna meiðsla. „Ég verð með Þórð á hægri kantinum og Bjarna sem framliggjandi miðjumann. Auðvitað geri ég kröfur til drengjana. Þetta er góðir leikmenn sem hafa getu, reynslu og þekkingu til að standa sig,“ segir Guðjón. Athyglisvert er að skoða að þegar bræðurnir spiluðu síðast sitt í hvor lagi fyrir föður sinn endaði það með Íslandsmeistaratitili.

**ERFITT AÐ FÁ LEIKMENN**

Illa hefur gengið fyrir Guðjón að fá íslenska leikmenn upp á Akranes enda segist hann ekki taka þátt í þeirri launastefnu sem sé í gangi hjá mörgum liðum. „Það er bara einn leikmaður, Árni Thor Guðmundsson, sem er úr bænum og það segir sitt. Það er alveg klárt að það er verið að borga ákveðnum hópi leikmanna svakalega mikið fyrir þá vinnu sem þeir eru að leggja af mörkum. Ég skil þá vel að fara þangað sem peningarnir eru mestir en ég legg bara ekki sama mat á verðmæti þeirra og þeir sjálfir.“ «



**» ÞÓRÐUR OG BJARNI**

Þórður og Bjarni Guðjónssynir eiga það sameiginlegt að hafa orðið tvöfaldir meistarar þegar þeir léku síðast fyrir föður sinn á Íslandi; það er að Skagamenn unnu bæði Íslandsmótið og bikarkeppnina þegar feðgarnir stóðu saman í baráttunni hér á landi. Þórður vann tvöfalt með Skagamönnum, varð markakóngur og kosinn efnilegasti leikmaður deildarinnar þegar hann lék síðast fyrir föður sinn 1993. Bjarni varð tvöfaldur meistari, annar markahæsti maður deildarinnar og var kosinn efnilegasti leikmaður deildarinnar þegar hann lék síðast fyrir föður sinn 1996.

**Þórður Guðjónsson** hefur spilað 52 leiki undir stjórn föður síns í úrvalsdeild karla á Íslandi, bæði fyrir KA (16) og ÍA (36). Þórður hefur skorað 27 mörk í þessum leikjum, þar af 25 þeirra í búningi Skagamanna. Þórður spilaði sína fyrstu leiki í efstu deild með KA þegar Guðjón þjálfaði liðið 1990. Þórður jafnaði markametið og skoraði 19 mörk í 18 leikjum þegar hann lék síðast fyrir föður sinn hér á landi sumarið 1993. Þórður skoraði einnig 11 mörk í 17 leikjum þegar hann lék fyrir föður sinn í B-deildinni sumarið 1991.

**Bjarni Guðjónsson** hefur spilað 17 leiki undir stjórn föður síns í úrvalsdeild karla á Íslandi. Bjarni skoraði 13 mörk í 17 leikjum sumarið 1996 en það var hins vegar Logi Ólafsson sem gaf honum fyrsta tækifærið þegar Bjarni kom inn á sem varamaður í 2-1 sigri á Fram á Laugardalsvellinum 8. september 1995. Bjarni skoraði fimm mörk í fyrstu tveimur leikjum sínum undir stjórn Guðjóns í maí 1996. Bjarni lék einnig rúmlega 90 leiki fyrir föður sinn hjá Stoke á árunum 2000 til 2002.


Flottustu grill og garðhúsgögn í bænum!







Harðviður

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Askalind 4 • 201 Kópavogur • Sími 554 0400 • www.grillbudin.is




Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!

Eimskip er með 184 skrifstofur í 31 landi, rekur 45 skip, 25 flugvélar og 1350 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 9500 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

. . . hugsum stórt



EIMSKIP

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7709 www.eimskip.is

Himinn og haf / SÍA

» LANDSBANKADEILDIN «



Sinisa Kekic er aldursforseti Landsbankadeildarinnar. Hann stefnir að því að festa Víking í sessi í efstu deild, sem gleður örugglega gömlu kempurnar Einar Þorsteinsson og Gunnlaug Lárusson. SPORTMYND/HÖRÐUR

# GÆFI ALLT FYRIR AÐ SKORA TÍU MÖRK

**Sinisa Valdimar Kekic er aldursforseti Landsbankadeildarinnar. Hann verður 38 ára í nóvember en segist vera í toppformi. Víkingar treysta á að galdurinn í fótum Kekic minnki ekki þótt árunum fjölgi.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Þeir eru ekki margir sem geta mótmælt því að Sinisa Valdimar Kekic hafi verið einn besti leikmaður íslenskrar knattspyrnu þau tíu ár sem hann hefur dvalið hér á landi. Þessi 37 ára gamli leikmaður lék lengst af með Grindavík en söðlaði um í fyrra og lék með Þrótti í 1. deildinni. Nú er hann mættur aftur í úrvalsdeildina með Víkingi og segist vera í toppformi þrátt fyrir að vera aldursforseti deildarinnar.

„Ég hef ekki misst úr eina æfingu í vetur og er bara í toppformi,“ segir elsti leikmaður Landsbankadeildarinnar í samtali við Sport. Kekic segir heilsuna vera góða og þótt hann verði stundum þreyttur eftir leiki sé það bara eðlilegt.

Kekic er reyndasti leikmaður Víkings og ljóst að mikið mun mæða á honum í sumar. „Ég finn auðvitað til ábyrgðar sem elsti leikmaður liðsins og reyni eins og ég get að miðla reynslu minni til hinna leikmanna liðsins. Við tölum mikið saman og reynum að bæta okkur sem lið. Ég finn að þjálfarinn treystir mér og vona að ég standi undir því,“ segir Kekic, sem hefur eingöngu spilað sem framliggjandi miðjumaður hjá Víkingi og er afskaplega ánægður með að vera bara í einni stöðu eftir að hafa flakkað á milli varnar, miðju og sóknar á löngum ferli.

„Þessi staða hentar mér vel. Ég er ekki jafn fljótur og ég var en ég reyni alltaf að vera hættulegur,“ segir Kekic og hlær.

Spurður um markmið sín segir Kekic að það skipti öllu máli að Víkingur vinni leiki en viðurkennir þó að hann myndi gefa allt fyrir að skora tíu mörk í deildinni. „Það myndi vera afskaplega mikilvægt fyrir liðið. Þetta verður auðvitað erfitt en ég hef tröllatrú á liðinu. Það er góð samstaða frá formanni til yngsta leikmanns. Við erum með gott lið sem erfitt er að spila á móti,“ segir Kekic.

Kekic flutti til Reykjavíkur síðasta sumar eftir að hafa búið í Grindavík lengstan hluta dvalar sinnar hér á Íslandi og honum líður vel í höfuðborginni. „Lífið er alveg stórglæsilegt og miklu skemmtilegra að búa hér heldur en í Grindavík,“ segir Kekic, sem veit ekki hvort þetta er hans síðasta tímabil.

„Ég er með samning út þetta tímabil en ef ég er heill heilsu langar mig til að spila áfram. Í það minnsta þar til ég hef ekki lengur gaman af því að spila fótbolta.“ «








## > Saman náum við árangri – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

www.samskip.is

**Skrifstofur Samskipa:** Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. **Umboðsmenn:** Finnland, Portúgal.

SAMSKIP
SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

ENNEMM / SÍA / NM26263

## HVAÐVEISTU



### » UM CRISTIANO RONALDO?

1. Hvað heitir hann fullu nafni?
2. Hvað heitir fyrsta liðið sem hann spilaði með?
3. Eftir hverjum er hann nefndur?
4. Hvað kostaði hann mikið þegar Manchester United keypti hann frá Sporting Lissabon?
5. Hvað fær hann í vikulaun samkvæmt nýjum samningi sem hann skrifaði undir við Manchester United í mars á þessu ári?
6. Hvað var hann gamall þegar hann lék sinn fyrsta landsleik fyrir Portúgal?

**Svör: 1.** Hann heitir fullu nafni Cristiano Ronaldo dos Santos Aveiro. **2.** Það heitir Andorinha og spilaði hann með því til tíu ára aldurs. **3.** Hann er var nefndur eftir Ronald Reagan sem var uppáhaldsleikari föður hans. **4.** Hann kostaði 12,24 milljónir punda (um 1,6 milljarða). **5.** Hann fær 120 þúsund pund (um 15,6 milljónir) í vikulaun. **6.** Hann var átján ára.



## Í SKÓGINUM STÓÐ KOFI EINN

**Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, virðist hafa leitað huggunar í gömlu jólalagi eftir að lið hans beið lægri hlut fyrir KR í DHL-höllinni í fjórða leik liðanna í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta. KR-ingar fóru með sigur af hólmi nokkuð óvænt, 3-1, og ákvað Einar Árni nú á dögunum að hætta að þjálfa Njarðvíkurliðið. Vonandi verður þessi snjalli þjálfari þó ekki lengi frá hliðarlínunni. Þessa skemmtilegu mynd tók Hörður Sveinsson, ljósmyndari Sport.**




## STÆRSTA STUNDIN



### » ALFREÐ GÍSLASON

Alfreð Gíslason er ekki bara einn af albestu handknattleiksmönnum sem Ísland hefur alið af sér heldur er hann líka sá handboltaþjálfari sem hefur náð lengst á erlendri grund. Sport fékk Alfreð til að líta yfir farinn veg og rifja upp stærstu stundina á farsælum ferli sínum sem leikmaður og þjálfari.

„Það er auðvitað margt sem kemur upp í hugann en þó held ég að það sé ekki spurning að B-keppnin í Frakklandi árið 1989 standi upp úr hjá mér sem leikmanni. Stemningin í París var hreint út sagt ótrúleg og það var ógleymanlegt að vinna þá keppni. Það skemmdi síðan ekki fyrir að ég var valinn Íþróttamaður ársins sama ár. Þegar ég lít yfir þjálfaraferilinn þá var það afar sætt að vinna þýsku deildina með Magdeburg árið 2002 og síðan meistaradeildina árið eftir. Síðan má ekki gleyma þeirri upplifun að hlusta á mörg þúsund Íslendinga syngja þjóðsönginn gegn Svíum í Laugardalshöllinni í fyrra. Það er nokkuð sem lifir með manni."

# ÚR BÚNINGS-KLEFANUM

## » VÍKINGUR 100 ÁRA Í APRÍL Á NÆSTA ÁRI

Stjórn Knattspyrnufélagsins Víkings hefur ákveðið að halda myndarlega upp á 100 ára afmæli félagsins í apríl á næsta ári. Haldin verður sögusýning í höfuðstöðvum félagsins í Fossvogi í Reykjavík. Þar er fyrirhugað að sýna ýmsa muni úr sögunni svo sem verðlaunagripi, myndefni hvers konar, einkennisklæðnaði, gamla sem nýja og/eða annað sem tengist félaginu. Saga félagsins í 100 ár verður skráð og einstakar deildir félagsins munu standa fyrir margs konar viðburðum í tilefni afmælisins. Víkingur óskar eftir því við félagsmenn sína og aðra velunnara þess að fá til láns eða eignar hluti sem kunna að vera í þerra vörslu á fyrirhugaða sögusýningu og þeir beðnir um að hafa samband í tölvupósti á netfangið **100arasyning@vikingur.is**

## » ZDRAVEVSKI Á LEIÐ Í VESTURBÆINN



Svo gæti farið að makedónska stórskyttan Jovan Zdravevski, sem leikið hefur með Skallagrími í Borgarnesi undanfarin þrjú tímabil, gangi í raðir Íslandsmeistara KR fyrir næsta tímabil í Iceland Express-deildinni. Jovan hefur af mörgum verið talinn einn af bestu leikmönnum deildarinnar og væri koma hans í vesturbæinn mikill liðsstyrkur fyrir meistarana, sem stefna hátt á komandi árum.

## » FRÁBÆRT TÍMABIL ÍVARS HJÁ READING



Varnarmaðurinn sterki Ívar Ingimarsson hefur staðið sig gríðarlega vel með Reading á sínu fyrsta tímabili í ensku úrvalsdeildinni. Ívar hefur verið lykilmaður og jafnframt fyrirliði í spútnikliði Reading og var verðlaunaður um helgina. Hann var kosinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum félagsins en auk þess hefur hann verið kjörinn leikmaður ársins af fjölmörgum staðarblöðum.




Perlan
Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

4ra rétta veisla







HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum kóngarækjum
*1 glas af Tokay Pinot Gris Reserve Lucien Albrect, Frakkland.*

PÖNNUKAKA
fyllt með skógarsveppum og mozzarellaosti
*1 glas af Macon Chaintré, Domaine de Lalande Dominique Cornin, Frakkland.*

LAMBAHRYGGUR
fillet og lund með steinseljurótarmauki og rifsberjasoði
*1 glas af Chianti Riserva Sensi, Toskana, Ítalía.*

ÍSLENSKT VANILLUSKYR
með pistasíufroðu og mangósorbet
*1 glas af Vino Santo Del Chianti Sensi, Toskana, Ítalía.*

**5.950 kr.**
*Með fjórum glösum af víni: 8.900 kr.*

*Nýr A la Carte*
Hinir margverðlaunuðu matreiðslumeistarar Perlunnar hafa búið til einstakan A la Carte matseðil sem þú verður að prófa.

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

PERLAN

Veitingahúsið Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · Tölvupóstur: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is






SpKef 100
Sparisjóðurinn í Keflavík
sterkur stuðningsaðili samfélagsins í 100 ár
www.spkef.is

Sparisjóðurinn í Keflavík er aðalstyrktaraðili Keflavíkurliðsins

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

## ERT ÞÚ AÐ FYLGJAST MEÐ?

**1.** Hver var valinn besti leikmaður úrslitakeppninnar í **Iceland Express deild karla** í körfubolta?



**2.** Hvað varð **Jose Reina**, markvörður Liverpool, margar vítaspyrnur gegn Chelsea í seinni undanúrslitaleik liðanna í meistaradeildinni?

**3.** Hvaða leikmaður varð markahæstur í **DHL-deild karla** í handknattleik?



**4.** Í hvaða íþrótt bætti **Bergur Ingi Pétursson** sitt eigið Íslandsmet?

**5.** Hvað skoraði **Margrét Lára Viðarsdóttir** mörg mörk fyrir Val í Lengjubikar kvenna í fótbolta?

**6.** Fyrir hverjum töpuðu NBA-meistararnir **Miami Heat** 4-0 í úrslitakeppninni núna?

**7.** Hvað var Íslendingaliðið **West Ham** sektað um háa upphæð vegna ólöglegra samninga við Carlos Tevez og Javier Mascherano?



**8.** Hvað heitir þjálfari **kvennaliðs Hauka í körfubolta** sem vann tvöfalt í ár?

**9.** Hvað skoraði **Eiður Smári Guðjohnsen** mörg mörk fyrir Barcelona í aprílmánuði?

**10.** Í hvaða sæti er íslenska karlalandsliðið í fótbolta á **styrkleikalista FIFA**?

**Svör: 1.** Það var KR-ingurinn Tyson Patterson. **2.** Hann varði tvær vítaspyrnur. **3.** Það var HK-ingurinn Valdimar Þórsson með 162 mörk. **4.** Hann bætti eigið Íslandsmet í sleggjukasti. **5.** Hún skoraði 17 mörk í sjö leikjum. **6.** Miami Heat tapaði fyrir Chicago Bulls. **7.** Félagið var sektað um 5,5 milljónir punda. **8.** Hann heitir Ágúst Björgvinsson. **9.** Hann skoraði eitt mark, gegn Getafe í spænska bikarnum. **10.** Það er í 97. sæti.

# ÆTLAR AÐ VERÐA »BESTUR« Í HEIMI



Aaron Colter sýnir hér listir sínar á mótorhjólinu á sýningu um borð í varðskipinu Óðni.
SPORTMYND/BRUCE COLTER



**AARON COLTER er íslenskur mótorhjólakappi sem býr í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir að vera aðeins fimmtán ára og ekki kominn með mótorhjólapróf getur hann gert ótrúlegustu hluti á mótorhjóli sínu.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Ég gef trú á því að ég geti orðið bestur í heimi í keppni götumótorhjóla með frjálsri aðferð," segir íslenski mótorhjólakappinn Aaron Colter sem er búsettur í Bandaríkjunum. Hann var staddur hér á dögunum við sýningar og vöktu kúnstir hans á hjólinu mikla athygli. Aaron á íslenska ömmu og að hans sögn lítur öll fjölskyldan á sig sem Íslendinga.

**HEIMSYFIRRRÁÐ**

Aaron er aðeins fimmtán ára gamall en hefur ekið götuhjólum frá því að hann var tólf ára. „Ég byrjaði nú tveggja ára," segir Aaron og hlær en hann hefur ekki enn leyfi til að keyra mótorhjól í umferðinni. „Ég ek á brautum sem eru lokaðar," segir hann.

Aaron getur þrátt fyrir ungan aldur státað sig af því að vera bestur í Bandaríkjunum í sinni íþrótt en hann vann nýverið bandaríska meistaramótið. Hann stefnir á heimsmeistaramótið í Ungverjalandi í byrjun næsta mánaðar og telur sig eiga góða möguleika. „Ég hef aldrei keppt áður í Evópu en ég hef keppt gegn mönnum þaðan og unnið þá. Ég hef fulla trú á því að ég geti unnið þá og orðið bestur í heimi. Það er að sjálfsögðu stefnan," segir Aaron.

**VEL HÆGT AÐ LIFA Á ÞESSU**

Aaron er enn í gagnfræðaskóla en er slíkur fyrirmyndarnemandi að hann getur nánast mætt þegar hann vill í skólann. Enda er mikið um ferðalög hjá honum og því erfitt að vera með toppmætingu í skólanum. „Jú, það hefur gengið þokkalega. Ég hef verið með A í öllum greinum undanfarnar þrjár annir og það veitir mér ákveðið frelsi. Og það veitir ekki af því þar sem ég er á ferðalögum út um allt," segir Aaron og hlær.

Hann segir það vel mögulegt að lifa af þessari íþrótt. „Það eru alltaf að koma meiri og meiri peningar inn í sportið og ég sé fram á það að bestu mennirnir geti haft ansi góða peninga upp úr þess, jafnvel milljónir dollara. Þetta er að verða vinsælt sjónvarpsefni og þannig aukast tekjurnar," segir Aaron.

**EKKI HÆTTULEGT**

Aaron sýndi listir sínar við Smáralind 1. maí að viðstöddu fjölmenni og trúði fólk vart sínum eigin augum. Þrátt fyrir hvassan vind, sem Aaron á ekki að venjast frá Bandaríkjunum, fór hann á kostum á hjólinu og gerði kúnstir sem nær ómögulegt er að leika eftir.

En er þetta ekki hættuleg íþrótt?

„Það eru allar íþróttir hættulegar ef ekki er farið varlega. Ég er með góðan hjálm og hef verið tiltölulega heppin. Ég hef bara farið úr axlarlið og marist nokkrum sinnum. Það er ekki neitt neitt og það eru miklu minni meiðsli í þessu en til að mynda ameríska fótboltanum," segir Aaron og hlær. «

## TUGURINN

### 10 SEM HAFA SKORAÐ FYRSTA MARKIÐ Í EFSTU DEILD KARLA Í FÓTBOLTA



**1. SIMUN SAMUELSEN, KEFLAVÍK** Færeyingurinn skoraði opnunarmark efstu deildar karla 2006 á móti ÍBV á Hásteinsvelli eftir 20 mínútur.



**2. SIGURBJÖRN HREIÐARSSON, VAL** Fyrirliði Vals skoraði fyrsta mark efstu deildar 2005 úr vítaspyrnu eftir 13 mínútna leik gegn Grindavík á Hlíðarenda.

**3. ATLI VIÐAR BJÖRNSSON, FH** Framherjinn skoraði fyrsta mark efstu deildar 2004 á móti KR-ingum á KR-velli eftir 26. mínútur.

**4. ÓLAFUR ÖRN BJARNASON, GRINDAVÍK** Varnarmaðurinn sterki skoraði fyrsta mark efstu deildar 2003 úr vítaspyrnu á 10. mínútu gegn Val á Grindavíkurvelli.

**5. PAUL MCSHANE, GRINDAVÍK** Skoski miðjumaðurinn skoraði fyrsta mark efstu deildar 2002 á móti KR á KR-velli eftir 10 mínútna leik.

**6. STEINGRÍMUR JÓHANNESSON, FYLKI** Framherjinn fljóti skoraði fyrsta mark efstu deildar 2001 gegn KR á Fylkisvelli eftir 42 mínútur.

**7. GUÐMUNDUR STEINARSSON, KEFLAVÍK** Framherjinn skoraði fyrsta mark efstu deildar 2000 úr vítaspyrnu eftir 15 mínútuna leik gegn Breiðabliki á Keflavíkurvelli.



**8. SIGÞÓR JÚLÍUSSON, KR** Kantmaðurinn knái skoraði fyrsta mark efstu deildar 1999 gegn ÍA á KR-velli eftir aðeins 17 sekúndur.

**9. STEINGRÍMUR JÓHANNESSON, ÍBV** Eyjamaðurinn skoraði fyrsta mark efstu deildar 1998 á móti Þrótti á Laugardalsvelli eftir 6 mínútur.

**10. VALDIMAR K. SIGURÐSSON, SKALLAGRÍMI** Borgnesingurinn skoraði fyrsta mark efstu deildar 1997 úr vítaspyrnu gegn Leifti í Borgarnesi.



# Fyrirliði



Við hjá TVG-Zimsen höfum verið leiðandi í flutningsmiðlun frá árinu 1894. Það er því vel við hæfi að knattspyrnufyrirliðinn kunni úr KR, Gunnlaugur Jónsson, sé í okkar liði, en hann er starfsmaður í þjónustudeild. Metnaðarfullt fólk sækir í að vera í vinningsliði hvar sem það kemur – og þegar skoðuð er reynsla í flutningsmiðlun, þá berum við hjá TVG tvímælalaust fyrirliðabandið.

Hafðu samband! Við finnum réttu lausnina, hvort sem hún snýr að flugfrakt, sjófrakt, tollafgreiðslu eða útflutningi.

TVG-Zimsen Korngörðum 2, 104 Reykjavík • Sími 5 600 700 • www.tvg.is

TVG-ZIMSEN
SÍÐAN 1894

# KALDIR DAGAR

## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF KÆLI- OG FRYSTITÆKJUM

Whirlpool · Bauknecht · BEKO · SCANCOLD · VESTFROST · INDESIT



*Nokkur verðdæmi*

**VESTFROST** SX101 **100 lítra FRYSTIKISTA**
Verð áður kr. 26.995 **Verð nú kr. 19.995**

**GeneralFrost** C140 **85sm KÆLISKÁPUR**
Verð áður kr. 34.995 **Verð nú kr. 22.995**



**GeneralFrost** RF315 **173sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI**
Verð áður kr. 59.995 **Verð nú kr. 39.995**

**Whirlpool** ARC5250 **181sm KÆLISKÁPUR**
Verð áður kr. 64.995 **Verð nú kr. 49.995**

**BEKO** SSE37000 **173sm KÆLISKÁPUR *stál***
Verð áður kr. 64.995 **Verð nú kr. 49.995**



**VESTFROST** FZ310 **186sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI**
Verð áður kr. 129.995 **Verð nú kr. 89.995**

*TVÆR PRESSUR*
*KÁMFRÍTT STÁL*







**YFIR 100 MISMUNANDI GERÐIR Á TILBOÐI**

**TAKMARKAÐ MAGN**

**FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR**

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# [ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

X4 ehf



Mazda Tribute Luxury. V6. Ssk., árg. 01.2006, ek. 8.300 km. Verð. 3.650.000.



Dodge Ram 1500 5.7L. V8. ssk., árg. 03.2006., ek. 9.000 km. Verð áður. 3.990.000.- TILBOÐ. 3.490.000.



Mazda MX-5 2.0L. Bsk, árg. 05.2006., ek. 3.000 km., einn með öllu.



Mazda MPV LX. 7 manna, ssk. árg. 02.2006, ek. 21.800 km. Verð. 2.790.000 kr.



Hyundai Matrix 1.6L. ssk., árg. 08.2005., ek. 21.000 km. Verð. 1.590.000.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**




Musso diesel turbo 5 cylindra, beinskiptur, árgerð 2002, 35" breyting, álfelgur, ný dekk, tímareim og túrbína, aukaljós, DVD spilari, fortjald aftan á gafl, ekinn 110 þús.km., sk.'08, verð kr. 1.250.000,- 821-6292



Gallopher árgerð 1999, diesel, sjálfskiptur, 32" dekk, ekinn 170 þús.km., þjónustubók, sk.'08, 100% lánað, verð kr. 490.000,- 821-6292



Toyota hilux árgerð 1996, double cab, bensín, pallhús, 33" breyting, álfelgur, ekinn aðeins 132 þús.km., sk.'08, 100% lánað, verð kr. 690.000,- 821-6292



Musso árgerð 1998, 5 cylindra turbo diesel, beinskiptur, ekinn 165 þús.km., sk.'08, 100% lánað, verð 580.000,- 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



**Dodge Stratus**
**2002 árg., keyrður 80 þús. mílur, bensín 3000cc. Slagrými, 2ja dyra, 200 hestöfl, sjálfskiptur, rúmgóður, framhjóladrifinn. Verð 1.500 þús. áhv. sirka 1.000 þús.**
**Uppl. í s. 892 8312.**




Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Toyota Corolla '02 Station Ekinn 73 þús. Ný skoðaður. Dráttarb. Sími: 821-5743



Nissan Micra 1,3 sjálfsk. '96, einungis ekinn 85 þús. Frábært eintak. Verð 220 þús. Uppl í s. 894 9002.



Nissan Almera, árg. '99 ekinn 97.000 km. Skoðaður. Verð 420 þús. Tilboðsverð 290 þús. Billinn er í toppstandi. S. 864 9749.



Til sölu M. Benz C200 10.'01, ek. 85 þús. Uppl. í s. 845 0990.



Galant 2000 '96 sjálfsk. Ek. 180 þ. Í góðu standi 260.000 Kr. S. 864 9333.



Toyota Corolla árg. '93. Rauður, 5. dyra, vél 1,6. Ek. 160.þús. Rafm. í rúðum og speglum, góður bíll. Ný skoðaður. Verð 160.þús. S. 847 4186.



Ford Econoline árg.'93. Ek. 213.þ. 15.manna, bensín, mikið endurný. S. 821 5112.



Toyota Land cruiser árg. 1997 V6 beinsk., ek. 163 þús. Verð 700 þús. staðgreitt. Uppl í s. 867 3022.



VW Polo 1.3 árg. '00, 5 dyra, ek. 105 þús., góður bíll. Áhv. 230 þús., ásett 490 þús. en fæst með góðum staðgr. afslætti. Uppl. í s. 844 5222.

Reanult Megané RT 1600 1996. Góður bíll en þarfnast smá lagfæringar. Áhugasamir hringi í s. 867 3552 milli kl. 16 og 18.

Golf árg '95. Ek. 143 þ. Nelgd dekk fylgja. Verð 180 þ. Honda Civic staison árg. '99. Ek. 105 þ. Tilvalinn vinnubíll. V. 300 þ. Ný tímareym. Uppl. í s. 846 6358.

**Endurnýjaður.**
Til sölu Opel Astra skutbíll. Árg. '96. Ek. 159.þ. Ný tímareim, ný kúpling, nýjar bremsur, heilsársdekk. Ný skoðaður. Verðhugmynd um 200.þ. S. 690 1438.

Bens 0309, 74árg, nýlega innréttaður, olíufiring. Parfnast lokafrágangs og selst með bilaða vél. Verð: tilboð. Uppl. í s. 844 5222.

## 0-250 þús.



Toyota Corolla Árg. '96. ek. 133 þ. Sk '08. Verð 185 þús. Uppl. í s.8203478.

**VW Polo árg 1997**
1400cc, ek 172þús, nýskoðaður, verð 150.þús. uppl: 862-9966

**Einn ódýr og góður!**
Toyota Corolla '94 GLI sk. '08 með topplúgu. Nýr MP3 cd. Ssk. Verðhugm. 150 þús. S. 698 8384.

Ódýrir góðir!! VW Golf, '96. 5.d. Álf., s+v/dekk. Hyundai, '95. 4.d. Ek. 91þ. V. 70þ. S. 844 6609.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla Wagon árg 98 5gíra ek. 125 þús ný tímareim. cd verð 380 þús s:892-2038.

## 1-2 milljónir



Toyota Landcr. GX árg '97 Ek. 190 þús. Nýleg vél og uppt. sjálfsk. hjá umboði. 33" breyttur, góð dekk og nýlegar krómfelgur. Töluvert endurnýjaður. Góður bíll. Verð kr. 1390 þúsund. Uppl. í 660-6904



BMW E39 540iA 04/99, ek. 115þ km, sjálfskiptur, leður, Navi/sjónvarp, ofl. Verð 1.940þ kr, engin skipti. S. 866 6163

Nissan Almera 1500,Árg 05. 5dyra, beinsk.Ek 42þ. Verð 1.185þús. Áhv 1.135þús. S.692 7559

## 2 milljónir +



**4.500.000 stgr.**
Til sölu er Bmw 745IA 06/2002. Ekinn 77 þús. 19" felgur, glerlúga o.fl. Listaverð 5.890.000 þús. Fæst á 4.500.000 stgr m engin skipti. Áhvílandi c.a 3.600.000. Uppl í s 848 0944




Stórútsala á bílum: Nýr 2007 Dodge Caravan frá kr. 2.490þús! Rúmgóður 7 manna fjölskyldubíll. Fæst sem 4x4. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



**Bíll í sérflokki**
BMW M5 9/99, ek. 100 þús., keyptur af umboði í Þýskalandi. Sjón er sögu ríkari, áhvílandi gott lán, verð 3,5 millj. S. 894 9002.

## Bílar óskast

Óska eftir ódýrum skoðuðum bíl á allt að 75 þús. Uppl. í s. 697 3962.

## Jeppar




Jeppaútsala: 2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Ford Explorer Sport 4x4 Tac '03 ek. 70 þ mílur. Toppbíll með öllu. V. 1,9. 100% lán. Uppl. í s. 893 3347.



Til sölu MMC Pajero árg. 08/'01. 3500 bensín. 7 manna. Uppl. í s. 845 0990.

## Pallbílar




Pallbílar Útsala: Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Einnig Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com




## Vörubílar

**www.trukkur.is**
Sími 893 8327.

## Sendibílar



Benz Atego 1223 árg.01 ek.220 þ. 2 tonna lyftu og kæli. V. 2800 þús+vsk. S. 820 6030



Renault Traffick árg.'03. Ek. 78.þ. Verð 1490.þús. Yfirtaka á láni 1100.þús. 24.þús. á mán. S. 897 2535.

## Hópferðabílar



Til sölu M.Benz Turismo 49 farþ, árg '99, ekinn 346þ, öryggisbelti, Klósett, kaffivel, Dvd, Sjónvarp, vinna getur fylgt, uppl. www.allrahanda.is og í síma 660 1305 & 660 1303

## Mótorhjól



1300 Hayabusa árg. '04. Ek. 9þ. Áhv. 850þ. Verð 1.350þ stgr. Engin skipti. Uppl. í s. 863 7463.



Yamaha R1 2006, keyrt 3700 km, Alpine Star galli, shoei hjálmur, hanskar, Sidi skór 44. Standar undir hjólið bæði framan og aftan, hiti í handföngum, mittistaska. Allt fylgir með. Fór á götuna seint síðasta sumar. Verð 1.650.000. S. 821 5628.

Suzuki rm-z 250cc 4stroke 04 í topp standi verð til boð uppl í síma 6592781

## Kerrur



**Útsala á Easyline kerrum**
Easyline 105 - Innanm. 105x84x32cm - Burðarg. 327 kg. Með sturtum. Listaverð: 49.900. TILBOÐSVERÐ: kr. 42.900.- Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ

Til sölu jeppa eða fólgsbílskerra í Rvk. Einnig á sama stað lítil frystikista með 4 hólfum til sölu. Tilboð óskast. Uppl. í s. 483 3973.

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

# Starfsfólk vantar!

Starfsfólk vantar í tískuvöruverslun, fullt starf, hlutastarf eða sumarvinna.

Upplýsingar í síma 820 1299.

ÁLFTANESSKÓLI

## Óskum að ráða:

**Grunnskólakennara á yngsta stig og miðstigi 100 % starf**

Skoðaðu aðstæður og vertu með í liði sem byggir upp.

Upplýsingar um störfin gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 5404700 og 8215007,
netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri
í símum 5404700 og 8215009
netfang: gudlaug.erla.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi.
Umsóknarfrestur til 20. maí 2006

Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is
Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

**Skólastjóri**

**TILKYNNINGAR**

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Aðalbraut 24, fnr.216-7216, Raufarhöfn, þingl. eig. Súlufiskur ehf, gerðarbeiðendur Olíuverslun Íslands hf, Sýslumaðurinn á Húsavík og Vörður Íslandstrygging hf, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Aðalbraut 24, fnr.225-9246, Raufarhöfn, þingl. eig. Súlufiskur ehf, gerðarbeiðendur Olíuverslun Íslands hf og Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Ásgata 12, efrihæð, 216-7091, Raufarhöfn, þingl. eig. Sigrún Björnsdóttir, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Eignarhluti gerðarþola í Stórhóli 77, fnr. 215-3358, Húsavík, þingl. eig. Guðjón Ingvarsson, gerðarbeiðendur Sýslumaðurinn á Húsavík og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Fjarðarvegur 11, fnr.216-7769, Þórshöfn, þingl. eig. Þórarinn Jakob Þórisson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Kaupþing banki hf, Lífeyrissjóðir Bankastræti 7, nb.is-sparisjóður hf og Þórshafnarhreppur, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Fjarðarvegur 29, fnr.216-7784, Þórshöfn, þingl. eig. Aðalsteinn Herbertsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Olíufélagið ehf og Vörður Íslandstrygging hf, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Garðarsbraut 43, fnr.215-2618, 640 Húsavík, þingl. eig. Þóranna Jónsdóttir og Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Skútustaðaskóli, fnr.216-3343, Skútustaðahreppi, þingl. eig. Hótel Valhöll ehf, gerðarbeiðandi Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, mánudaginn 14 maí 2007, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
7. maí 2007.



# Finnst þér gaman að versla?

Erum að leita eftir starfskrafti til þess að sinna vinnubúðum, þrifum og innkaupum. Vinnutíminn er frá 8:00 - 17:00.

Létt starf sem hentar fólki á öllum aldri.

**Um framtíðarstarf er að ræða.**

Áhugasamir hafi samband við **Baldvin Björnsson í síma 822-4431** eða á **baldvin@eykt.is**

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is



# Eykt óskar eftir starfsfólki

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager á Höfðatorg, Borgartúni.

**Starfssvið**
Útskrift og umsjón efnis og verkfæra, ásamt innkaupum á efnis- og verkfæralager.

**Hæfniskröfur**
Æskilegt er að viðkomandi sé iðnaðarmaður, en þó ekki skilyrði.
Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.

**Um framtíðarstarf er að ræða.**

Áhugasamir hafi samband við **Baldvin Björnsson í síma 822-4431 (baldvin@eykt.is)** eða **Sigurð Elínbergsson í síma 822 4427**

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is

# Falleinkunn í menntamálum

UMRÆÐAN
Menntamál


ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON


KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Samfylkingarfólk veit að hægt er að gera mikið betur í menntamálum hér á landi. Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, virðist hins vegar vera á öðru máli í grein sinni í Fréttablaðinu 3. maí sl. Þar lýsir hann því hvernig allt sé í fínu standi í menntamálum á Íslandi og segir okkur vera þar í fremstu röð. Sigurður Kári skammast heilmikið út í undirrituð fyrir að styðjast í gagnrýni okkar við gögn frá OECD, sem þó sérhæfir sig í að bera saman tölfræði á milli landa.

**Styðjumst við nýjustu skýrslu OECD**

Við studdumst við nýjustu skýrslu OECD um menntamál (Education at a Glance) frá 2006. Þar sést að við stöndum illa í alþjóðlegum samanburði á stöðu framhalds- og háskóla. Þennan samanburð vill Sjálfstæðisflokkurinn ekki heyra. Flestar samanburðartölur OECD í þessari skýrslu eru frá árinu 2004 og gefa því góða mynd af stöðu menntamála.

Frammistaða íslenskra stjórnvalda er að sjálfsögðu mæld í samanburði við önnur lönd. Vörn Sjálfstæðisflokksins virðist hins vegar felast í að vilja bera saman framlög mismunandi ára milli landa. Það gengur auðvitað ekki að bera saman framlögin til framhaldsskóla eins og þau voru á Íslandi árið 2007 við framlög til framhaldsskóla í Svíþjóð árið 2004.

Það er lenska hjá Sjálfstæðisflokknum að véfengja ætíð óhagstæðan samanburð, hvort sem hann kemur frá OECD, Landssambandi eldri borgara, ASÍ eða öðrum aðilum.

**Erum víst í 21. sæti**

Í töflu B2.1c á bls. 207 í skýrslu OECD um opinber útgjöld til háskólastigsins sést að Ísland er að verja 1,2% af landsframleiðslu en meðaltalið í OECD er 1,4%. Danir, Norðmenn og Finnar verja 1,8% og Svíar 1,5%. Ísland er í 21. sæti af 30 þjóðum.

Í sömu töflu má sjá hverju önnur ríki verja til framhaldsskóla en samkvæmt upplýsingaþjónustu Alþingis varði Ísland 1,3% til þeirra. Sá samanburður sýnir að Ísland er í 16. sæti af 30 OECD-þjóðum. Sigurður Kári reynir ekki að hrekja þennan samanburð í grein sinni og minnist ekki á hann.

68% á aldursbilinu 25-34 ára hafa lokið framhaldsskólanámi en á hinum Norðurlöndunum er þetta 86-96% skv. töflu A1 2a á bls. 38. Meðaltalið í OECD er 77% og í ESB 78%. Við erum hér í 23. sæti af 30 þjóðum.

31% á aldrinum 25-34 ára hafa lokið háskólanámi hér en á hinum Norðurlöndunum er þetta hlutfall 35-42% skv. töflu A1.3a. á bls. 39. Hér er Ísland í 17. sæti af 30 þjóðum. Sigurður Kári rengir ekki þessa tölu.

Sigurði Kára tekst því ekki að hrekja samanburðinn. Honum er bara illa við samanburðinn sjálfan. Heimild sem hann vitnar sjálfur til í greininni styður mál okkar enn frekar. Samkvæmt tölfræðiskýrslu norrænu Hagstofunnar (Nordic Statistical Yearbook 2006) sést að hlutfall fólks á aldrinum 15-74 sem hafði lokið námi á háskólastigi árið 2005 var 18,9% á Íslandi en 24,7% í Noregi, 23,3% í Svíþjóð, 22,2% í Danmörku og 26,5% í Finnlandi.

**Niðurskurður til framhaldsskólanna árið 2007**

Sigurður Kári heldur því fram að á þessu kjörtímabili hafi fjárframlögin aukist svo mikið að samanburðurinn sé úreldur. Lítum því aðeins betur á hvað hefur gerst í þróun útgjalda til framhaldsskólanna frá árinu 2004.

Á vef Hagstofunnar kemur fram að 2004-2005 hafi framlög til framhaldsskóla lækkað um 123,7 milljónir og hlutur framhaldsskólans í landsframleiðslunni lækkað úr 1,41% í 1,33%. Á sama tíma fjölgaði skráðum nemendum á framhaldsskólastigi um 873.

Þá nemur niðurskurður til framhaldsskóla 2007, 650 milljónir króna. Það virtist koma stjórnvöldum á óvart að þeir einstaklingar sem fæddust í stórum árgöngum 1989 og 1990 skiluðu sér í menntaskóla. Fjármagn hefur ekki fylgt þessari „óvæntu“ nemendafjölgun.

Loks hefur reiknilíkaninu sem nota á til að reikna út raunkostnað á hvern nemanda í framhaldsskóla verið breytt þannig að nú er það notað til að dreifa niðurskurðinum.

Sigurður Kári getur því ekki haldið því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið sig saman í andlitinu á kjörtímabilinu nema síður sé.

**Jafnaðarmenn hafa sýnt vilja sinn í verki**

En í samanburði á heildarútgjöldum til menntamála komum við þó ágætlega út í skýrslu OECD. Sú staða er hins vegar tilkomin vegna þess að við erum nálægt toppi þegar kemur að útgjöldum til leik- og grunnskóla.

Þau skólastig eru hins vegar rekin af sveitarfélögum en ekki ríkisvaldinu. Ríkisvaldið rekur framhalds- og háskólana þar sem við fáum hina alræmdu falleinkunn. En það hafa verið jafnaðarmenn í Reykjavík, Hafnarfirði og víðar sem hafa rekið flesta grunnskóla og leikskóla landsins undanfarinn áratug.

Það er fjárfesting sveitarfélaga í grunnskólum og leikskólum sem togar Ísland upp þegar litið er til heildarútgjalda til menntamála. Framlög ríkisvaldsins til framhalds- og háskólanna toga okkur hins vegar niður.

Ísland er jafnframt hið eina af Norðurlöndunum sem ekki styrkir sína námsmenn heldur lánar þeim eingöngu. Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að stjórna menntamálaráðuneytinu í 16 ár. Árangurinn er falleinkunn í menntamálum. Við þessi orð stöndum við. Varnarleikur Sjálfstæðisflokksins er tilraun til sjónarspils, eins og ofangreindar staðreyndir sýna glögglega.

*Höfundar eru alþingismenn Samfylkingarinnar.*

# Óviðunandi hagur

UMRÆÐAN
Kjör aldraðra


EINAR ÁRNASON


ÓLAFUR ÓLAFSSON


STEFÁN ÓLAFSSON

Höfundar þessarar greinar hafa sýnt með margvíslegum hætti á liðnum misserum að hagur stórs hóps eldri borgara á Íslandi hefur ekki verið með þeim hætti sem skyldi. Lífeyrisþegar hafa dregist afturúr öðrum þjóðfélagshópum. Fernt hefur ráðið mestu um það.

Í fyrsta lagi hefur sá hluti lífeyris frá almannatryggingum sem flestir fá (grunnlífeyrir og tekjutrygging eins og hún var skilgreind til ársins 2006) ekki aukist jafn hratt og lágmarkslaun, meðaltekjur og hærri tekjur á vinnumarkaði.

Í öðru lagi hafa tekjur úr flestum lífeyrissjóðum fylgt verðlagi frá ári til árs en ekki kaupmáttarþróuninni í samfélaginu. Vegna þeirrar kaupmáttaraukningar sem verið hefur frá 1995 hefur þessi þáttur lífeyristekna dregist afturúr tekjum á vinnumarkaði.

Í þriðja lagi hafa skerðingarákvæði vegna greiðslna frá Tryggingastofnun valdið því að ellilífeyrisþegi heldur minna eftir af tekjum sínum úr lífeyrissjóði en eðlilegt getur talist.

Í fjórða lagi hefur skattbyrði lífeyrisþega og þeirra sem lægstar hafa tekjurnar aukist mun meira en hjá öðrum tekjuhópum. Það varð vegna rýrnunar skattleysismarka að raungildi. Lífeyrisþegar hafa alla jafna lægri tekjur en fólk á vinnumarkaði og slíkir hópar eru viðkvæmari fyrir raunlækkun skattleysismarkanna en fólk með hærri tekjur. Skattleysismörk eru nú 90.000 krónur á mánuði en ættu að vera hærri en 140.000 krónur ef þau hefðu haldið gildi sínu miðað við launavísitölu frá 1988.

Ofangreind þróun hefur leitt til þess að hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna dæmigerðs ellilífeyrisþega með t.d. um 53 þúsund krónur í tekjur úr lífeyrissjóði á mánuði og greiðslur almannatrygginga, hefur verið mun minni en varð hjá meðaltekjufólki og hátekjufólki á síðasta áratug. Þannig hafa ráðstöfunartekjur hans hækkað um u.þ.b. 20% frá árinu 1995 á meðan hækkunin er sögð yfir 60% fyrir heimilin í landinu. Þegar þessi þróun er höfð í huga vekur furðu að stjórnmálaheimspekiprófessor við Háskóla Íslands skuli halda því ítrekað fram, að kjör íslenskra lífeyrisþega séu betri en er hjá sambærilegum hópum í grannríkjunum. Það er gert með tilvísunum í talnaefni, m.a frá ráðuneytum, sem er ósambærilegt og villandi. Við höfum í fyrri grein bent á annað efni sem sýnir hið gagnstæða, en í því voru notaðar sambærilegri reikniaðferðir. Fleira mætti tína til um það.

Nýleg skoðanakönnun Gallup um mat einstaklinga á hvort kjör þeirra hafi batnað, staðið í stað eða versnað styður niðurstöður okkar fyllilega. Fólk finnur þessa þróun á eigin skinni. Mun færri í hópi eldri svarenda telja kjör sín hafa batnað á sl. 4 árum en er meðal þjóðarinnar alls og mun fleiri úr hópi eldri svarenda segja kjör sín hafa staðið í stað eða versnað. Þetta er afleitur vitnisburður um misjafna kjaraþróun á góðæristíma í samfélaginu.

Enginn skyldi því leggja trúnað á tal um að lífeyriskjör eldri borgara séu almennt betri hér á landi en í grannríkjunum. Það er væntanlega sagt til að fela ofangreinda þróun lífeyriskjara og réttlæta áframhaldandi sinnuleysi stjórnvalda um hag lífeyrisþega.

*Einar Árnason er hagfræðingur Landssambands eldri borgara, Ólafur Ólafsson er formaður LEB og fyrrverandi landlæknir og Stefán Ólafsson er prófessor við Háskóla Íslands.*






Hefur gæðin

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Bíll á mynd: Santa Fe GLS. Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

# Um grundvallaratriði Baugsmálsins

**UMRÆÐAN**
Baugsmálið


HREINN LOFTSSON

Náhirðin gerði örvæntingarfulla tilraun til að hafa áhrif á gang Baugsmálsins þegar það var til meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur á dögunum. Dreift var nafnlausu bréfi til dómara málsins, lögmanna og valinna áhrifamanna, með níði um ákveðna einstaklinga, einkum dómara, sem komið hafa að málinu á ýmsum stigum þess. Með bréfinu var klárlega gerð tilraun til að vekja ugg og ótta hjá dómendum. Þið skulið passa ykkur eða hafa verra af! Ólyktin var svo stæk af bréfinu að það gat aðeins komið úr einni átt. Sú staðreynd dró reyndar úr áhrifamætti bréfsins þar sem bréfritararnir hafa átt sína frægðartíð og hún er að líða hjá sem betur fer.

Á síðasta degi réttarhaldanna lét Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttardómari, sér sæma að ryðjast fram í fjölmiðlum og ráðast að Ingibjörgu S. Pálmadóttur í þeim tilgangi að kasta rýrð á framburð hennar í málinu. Hann hafði áður gegnt lögmannsstörfum fyrir hana. Þetta þótti ýmsum ósæmileg hegðun og óheiðarleg og var hann gagnrýndur fyrir, m.a. af Sigurði Líndal, prófessor. Sigurður uppskar ærumeiðingar frá höfundi Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins fyrir þessa gagnrýni sína.

### Sakfelling á veikum grunni

Þegar nú úrslit málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur liggja fyrir má spyrja hvort nafnlausa bréfið hafi haft einhver áhrif á dómarana? Ég leyfi mér að svara því neitandi. Óþægilegur vafi hefur þó læðst að fólki líkt og fram hefur komið opinberlega, einkum varðandi þann lið er lýtur að sakfellingu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Sú sakfelling hvílir á framburði Jóns Geralds Sullenberger og starfsmanns í fyrirtæki hans Nordica Inc. í Flórída. Spurt er hvort verið geti að dómurinn hafi hent þessu beini í hundskjafta náhirðarinnar til að þagga niður í henni? Ég leyfi mér að halda því fram að svo hafi ekki verið. Eigi að síður þykja mér forsendur sakfellingarinnar hvíla á veikum grunni, þ. á m. framburði Jóns Geralds Sullenberger sem fyrir dómi lýsti í smáatriðum persónulegri óvild sinni í garð Jóns Ásgeirs.

Varðandi frávísun málsins gegn Jóni Gerald Sullenberger kom auðvitað aldrei neitt annað til greina. Fyrir liggur bréf frá upphaflegum saksóknara málsins með rökstuðningi um þá ákvörðun að ákæra hann ekki, hann var aldrei yfirheyrður sem sakborningur og ekki ákærður í fyrra skiptið. Slíkum ákvörðunum verður ekki breytt og ákæra í seinna skiptið var aðeins til málamynda. Jón Gerald Sullenberger sprangaði um ganga dómshússins í fullvissu þess að hann yrði aldrei sakfelldur og hegðaði sér þar eins og þetta væri hans prívat mál en ekki opinbert sakamál á hendur þeim Jóni Ásgeiri og Tryggva Jónssyni. Tók meira að segja að sér hlutverk gestgjafa þegar ritstjóri Morgunblaðsins, Styrmir Gunnarsson, mætti á svæðið til að bera vitni, heilsaði honum og klappaði á bakið líkt og hann stýrði „prótókólnum“ fyrir ákæruvaldið.

Morgunblaðið segir í leiðara föstudaginn 4. maí sl. að Baugsmálið snúist um hvað stjórnendur almenningshlutafélags mega gera með fjármuni slíks félags sem er skráð á opinberum markaði. Eftir niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur liggur fyrir að ekki hefur verið dæmt fyrir auðgunarbrot eða önnur slík brot þar sem misfarið er með fjármuni félagsins. Sýknað var í þeim lið er laut að slíkum þætti og liðum er lutu að viðskiptalánum var vísað frá dómi. Alvarlegasta þætti ákærunnar varðandi fjársvik hafði áður verið vísað frá á báðum dómsstigum á þeirri forsendu að ekki hafi verið um neitt afbrot að ræða heldur viðskipti!

Þá er athyglisverð sú yfirlýsing leiðarahöfundar Morgunblaðsins, að fyrirfram hafi enginn getað fullyrt að um lögbrot hafi verið að ræða. En þá hefði ekki átt að fara af stað með málið samkvæmt þeim reglum sem hér gilda!

### Málið blásið út umfram tilefni

Morgunblaðið heldur í leiðaranum uppteknum hætti og nefnir Baugsmál í sömu andrá og risastór efnahagsbrot vestan hafs og austan þar sem stórir hópar starfsmanna, hluthafa og viðskiptaaðila biðu mikið tjón af framferði stjórnenda. Baugsmálið á ekkert sameiginlegt með slíkum málum. Öðru nær. Enginn hefur orðið fyrir tjóni. Stjórn, starfsmenn, hluthafar, viðskiptaaðilar og endurskoðendur hafa lýst yfir stuðningi við Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra fyrirtækisins.

*Baugsmálið á rætur sínar í hatri, heift og öfund í garð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar vegna velgengni hans í viðskiptum. Allt frá árinu 1999 höfðu ákveðnir samkeppnisaðilar og öfundarmenn Jóns Ásgeirs og Baugs dreift ósannindum og óhróðri um starfshætti og framgöngu hans í viðskiptum og við uppbyggingu Baugs.*

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur má finna gagnrýni þess efnis að málið hafi verið blásið út langt umfram tilefni. Staðreyndir tala sínu máli. Samtals hafa 59 ákæruliðir komið fram í tveimur ákærum, 43 verið vísað frá, 12 lyktað með sýknu og 4 með sakfellingu, þar af einum að því er laut að sakargiftum á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Fram kemur í dómnum að réttarhöldin hafi verið of umfangsmikil og vitni leidd fyrir dóm af ákæruvaldinu, sem höfðu ekki frá neinu að segja. Áður hafa fjórir einstaklingar verið sýknaðir af öllum sakargiftum ákæruvaldsins í málinu, þ. e.a.s. tveir endurskoðendur félagsins og þau Kristín Jóhannesdóttir, systir Jóns Ásgeirs, og Jóhannes Jónsson, faðir hans.

Málatilbúnaður lögreglu og ákæruvalds er hruninn til grunna samkvæmt framansögðu ef sú niðurstaða fær staðfestingu Hæstaréttar Íslands, sem nú liggur fyrir eftir héraðsdóminn, hvað þá ef sýknað verður í þeim liðum, sem þó standa eftir. Um þetta þegir leiðarahöfundur Morgunblaðsins.

### En hver er þá kjarni Baugsmálsins?

Baugsmálið á rætur sínar í hatri, heift og öfund í garð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar vegna velgengni hans í viðskiptum. Allt frá árinu 1999 höfðu ákveðnir samkeppnisaðilar og öfundarmenn Jóns Ásgeirs og Baugs dreift ósannindum og óhróðri um starfshætti og framgöngu hans í viðskiptum og við uppbyggingu Baugs. Sumir þessara manna höfðu eyra áhrifamikilla stjórnmálamanna og í ljós hefur komið, að hina valdamestu meðal þeirra skorti þekkingu og dómgreind til að sjá í gegnum þann óhróður, sem borinn var á borð fyrir þá.

Morgunblaðið hóf snemma að kyrja undir þennan söng og birti rangar og misvísandi fréttir, m.a. af álagningu í verslunum Baugs. Allar slíkar ásakanir voru hraktar m.a. af opinberum stofnunum. Morgunblaðið hamraði einnig á því að fyrirtækið væri orðið of stórt og hvatti ritstjóri blaðsins, Styrmir Gunnarsson, eigendur Baugs í einkasamtölum til að koma sér úr landi!

Smám saman varð til eitrað andrúmsloft í kringum Baug sem náði hættumarki í ársbyrjun 2002. Samkeppnisstofnun hafði ráðist til atlögu gegn „röngum“ aðilum þegar húsleit var gerð hjá olíufélögunum í desember 2001 og verðbólgan lét á sér kræla um líkt leyti. Hatrið blossaði upp. Baugur var ákjósanlegur blóraböggull og hentugur sameiginlegur andstæðingur Morgunblaðsins og stjórnmálamanna úr liði stjórnar og stjórnarandstæðinga, svo ekki sé minnst á samkeppnisaðila á markaði og í viðskiptum. Ráðist var til atlögu gegn Baugi, Jóni Ásgeiri og viðskiptafélögum hans á mörgum vígstöðvum, t.d. í Tryggingamiðstöðinni og Íslandsbanka, og íslenskir bankar drógu skyndilega til baka vilyrði fyrir stuðningi við yfirtöku á Arcadia í ársbyrjun 2002, svo dæmi séu nefnd.

Inn í þetta eitraða andrúmsloft gekk Jónína Benediktsdóttir með ásakanir sínar og náði þeim tökum á Styrmi Gunnarssyni, ritstjóra Morgunblaðsins, í ársbyrjun 2002 að hann afréð að veita henni og Jóni Geraldi Sullenberger liðsinni sitt og Morgunblaðsins við að koma málinu til lögreglunnar. Það munaði um minna. Lögmaður Morgunblaðsins var fenginn til starfans í áheyrn framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Ekki sakaði hve innmúraður og innvígður lögmaðurinn var að sögn ritstjórans. Um allt þetta voru grunsemdir í upphafi sem síðar fengust staðfestar með tölvupóstum milli Jónínu og Styrmis, sem Fréttablaðið birti haustið 2005. Þar er ritstjóri Morgunblaðsins afhjúpaður sem gerandi í málinu og trúverðugleiki blaðsins því enginn í allri umfjöllun um Baug og/eða eigendur fyrirtækisins.

### Breitt yfir mistök lögreglunnar

Á grundvelli ásakana Jóns Geralds um stórfelldan fjárdrátt fékk lögreglan heimild til húsleitar í höfuðstöðvum Baugs hinn 28. ágúst 2002. Á fyrsta degi kom þó í ljós að ásökun um fjárdrátt upp á 62 milljónir króna reyndist ósönn þar sem umræddur reikningur fól í sér skuldaviðurkenningu fyrirtækis Jóns Geralds Sullenbergers gagnvart Baugi en hafði ekki verið gjaldfærður. Jón Gerald hafði þóst ekki eiga eintak af reikningnum áður en ruðst var inn í Baug. Seinna fannst þó reikningurinn í fórum hans í Flórída. Í stað þess að snúa þá málinu upp á Jón Gerald fyrir rangar sakargiftir var ásökuninni á hendur þeim Jóni Ásgeiri og Tryggva Jónssonar snúið í bókhaldsbrot.

Það er því rangt sem haft er eftir Sigurði Tómasi Magnússyni, settum ríkissaksóknara, í Morgunblaðinu 4. maí, að héraðsdómur hafi „fallist á mjög alvarlegt brot sem var hluti af upphaflegri kæru frá Jóni Gerald“. Þarna er viljandi eða óviljandi verið að breiða yfir mistök lögreglunnar.

Varðandi hinn þátt upphaflegrar ásökunar Jóns Geralds um misferli með fjármuni Baugs vegna skemmtibáts í Flórída liggur fyrir að lögreglan skoðaði aldrei af alvöru sönnunargögn, sem studdu framburð og skýringar Jóns Ásgeirs og Tryggva. Þeir hafa nú verið sýknaðir vegna þessa áburðar Jóns Geralds Sullenberger í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Á upphafsstigum málsins mátti þeim vera ljóst sem stýrðu rannsókninni að eitthvað meira en lítið var bogið við þessar ásakanir Jóns Geralds Sullenberger. Viðbrögð lögreglunnar voru þau að halda áfram að leita og grafa upp önnur mál innan fyrirtækisins. Þessi leit stóð yfir árum saman og þurfti félagið ítrekað að leiðrétta og upplýsa um atriði, sem fullyrt var að fælu í sér alvarleg lögbrot. Vorið 2004 var félaginu t.d. afhent bréf í fjórum liðum af lögreglunni, sem fól í sér ásakanir um hundruð milljóna króna fjárdrátt í gegnum reikninga félagsins í Lúxemborg. Lögreglan óskaði eftir heimild félagsins til húsleitar til að rannsaka þau mál! Miklum þrýstingi var beitt og haft í hótunum um alvarlegar aðgerðir ef ekki yrði orðið við beiðni lögreglunnar. Félagið neitaði lögreglunni um óheftan aðgang að bókhaldi fyrirtækisins, en afhenti nauðsynleg gögn og skýringar. Í ljós kom að ásakanir þessar voru á misskilningi byggðar og rötuðu því ekki inn í ákærur málsins í upphaflegri mynd.

Vorið og sumarið 2004 varð þess vart að valdamiklir stjórnmálamenn gengu á milli manna og báru út sögur um að í uppsiglingu væri ákæra um stórfelld auðgunarbrot Baugsmanna. Sama vor var skattrannsókn á fyrirtækinu í fullum gangi og það fylgdi sögu þessara sömu stjórnmálamanna að stærsta skattsvikamál sögunnar væri á lokastigi rannsóknar. Glæpamennirnir væru á leið í fangelsi. Þessar sögusagnir voru notaðar á bakvið tjöldin til að hafa áhrif á afstöðu manna í fjölmiðlamálinu, en því lauk með eftirminnilegum hætti snemma sumars 2004.

### Að hafa áhrif fremur en að segja fréttir

Kjarni Baugsmálsins er ekki eins sakleysislegur og Morgunblaðið vill vera láta. Málið snýst eins og áður segir um hefnd, hatur og öfund. En það snýst líka um annað. Baugsmálið er birtingarmynd alls hins versta sem fylgir því að fjölmiðill á borð við Morgunblaðið hættir að segja fréttir en fer að búa þær til, skiptir sér af atburðarás og flækir sér inn í samskipti við lögreglu og önnur stjórnvöld í þeim tilgangi að ná fram niðurstöðu, sem er blaðinu eða ritstjórn þess að skapi. Tekur sér vald til að knýja mál áfram eins og það sé hluti stjórnkerfisins. Slíkt kann aldrei góðri lukku að stýra.

*Höfundur er formaður stjórnar Baugs Group hf.*









## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.815 **-0,56%** **Fjöldi viðskipta:** 496 **Velta:** 4.527 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Pet.** | **+7,74%** | **Icelandic Group** | **-1,48%** |
| **Bakkavör** | **+0,89%** | **365** | **-1,11%** |
| **Exista** | **+0,63%** | **Kaupþing** | **-1,11%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,56 -1,11% ... Actavis 78,80 -0,76% ... Alfesca 4,81 -0,62% ... Atlantic Petroleum 835,00 +7,74% ... Atorka 7,08 -0,56% ... Bakkavör 68,00 +0,89% ... Eimskipafélagið 35,00 +0,58% ... FL Group 29,30 -0,68% ... Glitnir 27,00 -0,55% ... Kaupþing 1.071 -1,11% ... Landsbankinn 35,50 -0,28% ... Marel 75,90 +0,40% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,50 -0,49% ... Össur 114,50 -0,87%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Óbreytt stefna í Bretlandi

Baugur Group er ekki að skoða sölu á eignum sínum í Bretlandi líkt og breska dagblaðið Daily Telegraph sagði í sunnudag. „Það stendur ekkert annað til en að halda áfram eins og við höfum gert hingað til," segir Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Baugs í Bretlandi, og vísar frétt breska blaðsins á bug.

Blaðið sagði Baug vera að íhuga sölu á eignum í Bretlandi til að losa um fé sem þar sé bundið. Hafi félagið verið stórtækt í fyrirtækjakaupum og ekkert selt síðastliðin fjögur ár.

Gunnar segir Baug hafa á þessum árum unnið að því að byggja upp eignasafn í Bretlandi af miklum krafti. Hafi tekist mjög vel til enda séu frábær fyrirtæki í safninu. Á meðal eigna Baugs í Bretlandi eru leikfangakeðjan Hamleys, matvörukeðjan Iceland, Whittard of Chelsea og verslanakeðjurnar Oasis, Karen Millen, Jane Norman og fleiri. Þá keypti Baugur verslanakeðjuna House of Fraser ásamt fleiri fjárfestum fyrir 77 milljarða króna í byrjun nóvember í fyrra. Nú á það í viðræðum um yfirtöku á Mosaic Fashions.

„Fjárfestingastefna okkar hefur í engu breyst. Við sjáum áfram mikil tækifæri í að hjálpa núverandi eignum að vaxa og sjáum fram á að stækka á næstu árum, helst með svipuðum hraða og undanfarin ár," segir Gunnar. **- jab**




**HOUSE OF FRASER** Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi, segir ekkert til í fréttum breskra fjölmiðla að fyrirtækið sé að íhuga sölu á eignum þar í landi.



**LYF BÚIN TIL** Myndin er tekin í framleiðslustöð lyfjaframleiðandans Merck KGaA í Darmstadt í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Tvö félög standa eftir

Tvö félög standa eftir í baráttunni um samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck. Þetta staðhæfir Bloomberg-fréttastofan.

Í síðustu viku dró Actavis sig út úr baráttunni um félagið. Fyrirséð var að það yrði dýrara verði keypt en stjórnendur félagsins töldu skynsamlegt. Þá hafa fjárfestingarsjóðirnir Apax Partners og Bain Capital einnig dregið sameiginlegt tilboð sitt til baka.

Ísraelska lyfjafyrirtækið Teva Pharmaceuticals og bandaríska félagið Mylan standa eftir. Líklegt er talið að gengið verði frá samningum innan tveggja vikna. Talið er að kaupandi muni greiða í kringum 4,5 milljarða evra fyrir samheitalyfjahluta Merck. Það nemur um fjögur hundruð milljörðum íslenskra króna. **- hhs**

# Skoða Írland

Talið er að Landsbankinn hyggist gera tilboð í írska bankann Irish Nationwide Building Society, sem er með höfuðstöðvar í Dublin. Írska blaðið Irish Times segir að Landsbankinn telji írska fyrirtækið falla vel að starfsemi bankans.

Irish Nationwide Building Society var stofnað árið 1873 og því þrettán árum eldri en Landsbankinn. Þetta er einn elsti banki Írlands með starfsemi víða. Bankinn sinnir hefðbundinni fjármálastarfsemi en mesta umfangið liggur á sviði fasteignalána á Írlandi.

Að sögn Irish Times greindi stjórn Irish Nationwide Building Society starfsmönnum frá því á ársfundi fyrirtækisins um þarsíðustu helgi að stjórnin vonist til að sala á bankanum verði gengin í gegn fyrir árslok. Blaðið segir hins vegar að forsvarsmenn Landsbankans hafi ekki viljað tjá sig um viðskiptin. **- jab**



**LANDSBANKINN** Landsbankinn er sagður vera í þann mund að leggja fram tilboð í írska bankann Irish Nationwide Building Society.



**ÁSGEIR SIGURVINSSON ER 52 ÁRA Í DAG**



*„Það er alltaf rosalega gaman að koma til Stuttgart. Þetta er eins og að koma heim.“*

***Knattspyrnugoðsögnin fæddist þennan dag árið 1955.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 8. MAÍ 1886

## *Coca-Cola fundið upp*



**COCA COLA** Á þessum degi árið 1886 var Coca-Cola fundið upp.

Á þessum degi fyrir 121 ári fann lyfjafræðingurinn John Pemperton upp sírópsbragðtegund sem varð síðar uppistaðan í hinum sívinsæla svaladrykk Coca-Cola. Uppfinningamaðurinn fæddist í Knoxville 8. júlí árið 1831. Hann útskrifaðist sem læknir frá skóla í Róm aðeins 19 ára gamall en síðar varð hann sér einnig úti um gráðu í lyfjafræði.

Pemperton starfaði við lyfsölu og seldi eigin framleiðslu en ilmvatn sem hann kallaði Sweet Southern Bouquet var mjög vinsælt. Árið 1870 fluttist hann til Atlanta en eftir að hafa barist með bandamönnum í stríðinu særðist hann og er talið að sár hans hafi gert hann að morfín- og kókaínfíkli.

Í fíkn sinni fór Pemperton að vinna að heilsudrykk úr kókarunna (coca) og cola-hnetum og fékk drykkurinn nafnið Pemperton's French Wine Cola. Árið 1866 seldi hann framleiðsluna í gegnum lyfsala í Atlanta sama ár og áfengisbann var sett á í Bandaríkjunum. Þar með þurfti hann að breyta drykknum og gefa honum nýtt nafn. Samstarfsfélagi hans Frank Robinson átti hugmyndina að nafninu Coca-Cola og John markaðssetti drykkinn sem óáfengan, frískandi og endurnærandi gosdrykk. Þegar áfengisbanninu var aflétt aðeins einu ári síðar hélt Pemberton áfram að vinna að fyrri drykknum en eftirlét syni sínum, Charles, þróun á þeim nýja. Pemperton dó hinn 16. ágúst 1888 aðeins nokkrum mánuðum eftir að Coca-Cola-fyrirtækið var stofnað.

**MERKISATBURÐIR**

**1860** Kötlugos hefst en er lítið og hlýst lítið tjón af.

**1894** Eimskipið Á. Ásgeirsson kemur til landsins. Þetta er fyrsta vélknúna millilandaskipið í eigu Íslendinga.

**1945** Efnt er til hátíðarhalda til að fagna lokum styrjaldarinnar í Evrópu.

**1990** Tom Jones heldur tónleika á Hótel Íslandi.

**2000** Alþingi samþykkir lagabreytingu sem felur í sér að samkynhneigðir fái rétt til stjúpættleiðinga.

**2000** Tate Modern-listasafnið í London opnar dyr sínar blaðamönnum.

FRIÐRIK JÓNSSON FRAMSÓKNARHIRÐSKÁLDIÐ FERTUGT

# Vill gullinn hljóðnema

Friðrik Jónsson, sendiráðunautur í utanríkisráðuneytinu, er fertugur í dag. Friðrik er liðtækur tónlistarmaður og réttur höfundur framsóknarlagsins svokallaða. Margir hafa gengið út frá því að lag og texti væri eftir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra en Friðrik sagðist ekki taka slíkan misskilning nærri sér. „Magnús á frumkvæðið að því að lagið var tekið upp, útsett og gefið út, þannig að hann á jafn mikið í því og ég. Sjálfur er ég reyndar enn þá að velta því fyrir mér hvaðan lagið er stolið,“ sagði hann og hló við.

Friðrik er búsettur á Akranesi og tekur iðulega strætó til vinnu í höfuðborginni. Framsóknarlaginu skaut upp í kolli hans í slíkri strætóferð að morgni síðasta dags vetrar. „Ég skrifaði textann að viðlaginu í lófatölvuna mína í strætó,“ útskýrði Friðrik. Lagið var svo frumflutt degi síðar, þegar kosningaskrifstofa Framsóknarflokksins var opnuð á Akranesi. „Konan rak mig af stað með gítarinn að taka prufukeyrslu á laginu. Ég labbaði inn og taldi í og restin er bara orðin hluti af mannkynssögunni,“ sagði hann.

Friðrik er framsóknarmaður í húð og hár. „Genetískur. En það hefur ekki brotist út í söng áður,“ sagði hann spókur. „Reyndar kynntist ég konunni minni á framsóknartónleikum á Hótel Borg fyrir kosningarnar 1987.“

Þessa dagana er Friðrik líka að rifja upp gamla takta með hljómsveitarbræðrum sínum úr menntaskóla, sem strengdu þess heit að koma aftur saman um fertugt. Bassaleikari hljómsveitarinnar reið á vaðið í júní. „Þá gáfum við honum bassa og bassamagnara. Gítarleikarinn varð fertugur í nóvember og fékk gítar og gítarmagnara. Við æfðum líka fyrir afmælið og tróðum upp í veislunni. Það var það vel heppnað að lögreglan mætti,“ sagði Friðrik grafalvarlegur. Hann væntir þess því að fá annaðhvort gítar eða hljómborð að gjöf í dag. „Að minnsta kosti gullsleginn hljóðnema,“ sagði hann og hló við.

Friðrik kveðst enn vera að skipuleggja hina eiginlegu afmælisveislu, en dagsetningin er ekki enn komin á hreint. „Í ljósi þessa lags geri ég ráð fyrir að ég sæki um að fá húsnæði Framsóknarflokksins á Hverfisgötunni lánað, svona í skiptum fyrir stefgjöldin,“ sagði hann kíminn.

**sunna@frettabladid.is**




**HIRÐSKÁLDIÐ HÓGVÆRA** Friðrik samdi framsóknarlagið svokallaða í strætó og segir frumflutning þess vera orðinn hluta af mannkynssögunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



✝

*Ástvinur minn,*

**Friðjón Pálsson,**

er látinn. Útför hefur farið fram. Þeir sem vilja minnast hans láti Parkinsons-samtökin njóta þess.

**Jóhanna Eggerz.**



✝

*Móðir okkar,*

**Guðrún Jónasdóttir**
frá Öxney,

lést 4. maí á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi.

**Hreinn Jóhannsson**
**Sigríður Jóhannsdóttir**
**Brynja Jóhannsdóttir**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gylfi Felixson**
tannlæknir, Vesturási 4,

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 9. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar LSH í Kópavogi, sími 543-1159.

**Jóhanna Oddgeirsdóttir**
**Oddgeir Gylfason** **Stefanía Arnardóttir**
**Kjartan Gylfason** **Anna Guðbjartsdóttir**
**Unnur Gylfadóttir** **Tryggvi Þorvaldsson**
**Felix Gylfason** **Klara Ósk Hallgrímsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tegndafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Guðlaugsson**
málarameistari, Goðheimum 26, Reykjavík,

lést föstudaginn 4. maí. Útför auglýst síðar.

**Ástríður Ólafsdóttir**
**Fríða Kristjánsdóttir**
**Helga Kristjánsdóttir** **Ólafur Hreiðarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



✝

*Ástkær faðir okkar, bróðir og afi,*

**Eymundur Kristjánsson,**
Bleikugróf 13, Rvík, áður til heimilis að Lundagötu 17B, Akureyri,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 5. maí sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík laugardaginn 19. maí kl. 11.00.

**Börn, systkini og barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn og besti vinur,*

**Hörður Sævaldsson**
tannlæknir, Sefgörðum 10, Seltjarnarnesi,

andaðist að heimili sínu 6. maí sl. Hann verður kvaddur í kyrrþey með nánustu ástvinum sínum.

**Ragnheiður Marteinsdóttir**
**Helga Harðardóttir** **Sturla Jónsson**
**Hildur Harðardóttir** **Óskar Einarsson**
**Friðrika Þóra Harðardóttir** **Friðbjörn Sigurðsson**
**Hjördís Edda Harðardóttir** **Arnór Halldórsson**
**Ragnheiður Harðar Harðardóttir** **Lýður Þorgeirsson**
**Sævaldur Hörður Harðarson**
**Hörður Harðarson**
**Sigríður Marta Harðardóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

**AFMÆLI**



**Valgeir Skagfjörð** leikari og tónlistarmaður er 51 árs.



**Eagle-Eye Cherry** tónlistarmaður er 38 ára.



**Ellen Kristjánsdóttir** tónlistarkona er 48 ára.



**Traci Lords** leikkona er 39 ára.



**Magnús Tumi Guðmundsson,** prófessor í jarðeðlisfræði, er 46 ára.



**Kristján Finnbogason** knattspyrnumaður er 36 ára.



✝

*Ástkær móðir okkar,*

**Una Bára Ólafsdóttir,**

sem lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 26. apríl verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 10. maí kl. 13.00.

Fyrir hönd ættingja,

**Edda Guðmundsdóttir**
**Magnús Guðmundsson**
**Lára G. Nielsen.**

LEGACY SUBARU

# 2 daga reynsluakstur Subaru Legacy*




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

**Sedan** verð frá **2.490.000,-** Bílasamningur Glitnis** **30.243,-**

**Wagon** verð frá **2.640.000,-** Bílasamningur Glitnis** **32.049,-**

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bílasamningur miðað við 20% innborgun, eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni.

SYMMETRICAL AWD

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Að reyta hár sitt og skegg

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** REYNIR AÐ VENJA SIG AF LJÓTUM VANA



Sólin skein undurfagurt inn um svefnherbergisgluggann. Úti var sumarið farið að láta á sér kræla og jafnvel mátti heyra í tjaldi eða lóu niðri í fjöru. „Djö…, helv…, gleymdi ég að draga fyrir gluggann?!“ segir húsbóndinn, fer fram úr og tekur hraustlega á gluggatjöldunum. Lætur þau finna til tevatnsins.

Klukkan er rétt að verða sex um morguninn og eftir að hafa bylt sér í tæpa tvo tíma, svitnað í einn og legið svo andvaka það sem eftir lifði nætur ákveður hann að fara á fætur. Á gólfinu stendur hálftóm tveggja lítra kókflaska, tómur snakkpoki og bréf utan um Snickers. Að ógleymdri tölvunni sem hefur haldið honum réttum megin við strikið síðustu fimm daga. „Andsk…!“ öskrar hann um leið og hann rekur tána í rúmið. Stappar niður fótum og kýlir í hurðina með krepptum hnefa þannig að húsfreyjan vaknar af værum blundi. „Hvað?“ spyr hún en hrekkur í kút þegar við blasir afmyndað andlit húsbóndans. Felur sig undir sænginni. „Ekkert,“ svarar hann og haltrar inn á klósett. Í speglinum blasir við pirrað andlit manns sem hefur enga stjórn á sér næstu vikuna, jafnvel vikurnar. „Að maður skuli leggja þetta á sig,“ spyr hann sjálfan sig í speglinum og hefst handa við að bursta tennurnar. Og þær eru burstaðar af miklu offorsi, jafnvel reiði. Ekkert má fara úrskeiðis því slíkt gæti kostað litla kjarnorkustyrjöld á baðherberginu.

Í eldhúsinu blasa við tveir valmöguleikar: að fá sér fjórðu ristuðu brauðsneiðina á rúmum fjórum tímum eða brjálast. Fyrri kosturinn verður fyrir valinu enda allir í húsinu í fastasvefni. Fjögur blótsyrði fá að fjúka upphátt á meðan beðið er eftir brauðinu og þegar í ljós kemur að það hefur brunnið „aðeins“ fær brauðristin að fjúka út um gluggann. „Kostnaðurinn við rúðuskiptinguna, ný ristavél auk borgarferðar til Parísar til að lægja öldurnar eru þó ekkert á við peninginn sem fer í að reykja á ári,“ hugsar húsbóndinn, glaður yfir vali sínu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






# EUROVISION TILBOÐ Á HELSINKI SÓFUM

## 25% AFSLÁTTUR VIKUNA 7-13 MAÍ

BJÓÐUM VAXTALAUSA GREIÐSLUDREIFINGU TIL 6 MÁNUÐA

TEKK COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 10-18, LAUGARDAGA KL. 10-16 OG SUNNUDAGA KL. 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

**!** **KL. 20.00**

*Er nauðsynlegt að skjóta þá? Hvalaskoðun, hvalveiðar og íslenskar sjávarbyggðir. Níels Einarsson, mannfræðingur og forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, flytur erindi í ReykjavíkurAkademíunni í JL-húsinu við Hringbraut.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Birta, bækur og búseta*

Í tilefni af tuttugu og fimm ára afmæli Bókasafns Garðabæjar efnir menningar- og safnanefnd bæjarins til upplestrardagskrárinnar „Bókin og birtan“ þar á bæ. Í kvöld heimsækja Jón Yngvi Jóhannsson, bókmenntafræðingur og gagnrýnandi, og Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og þýðandi, safnið.

Jón Yngvi ræðir um athyglisverðustu bækur ársins 2006 en hann hefur gagnrýnt bækur fyrir sjónvarpsþáttinn Kastljós. Rúnar Helgi mun á hinn bóginn ræða sýn sína á mannlífið í Garðabæ. Rúnar Helgi mun til að mynda freista þess að skilgreina bæjarandann með sínum rithöfundaraugum, greina hugsunarhátt bæjarbúa og áherslur. Sumt sér hann í kómísku ljósi, annað lítur hann alvarlegri augum og spyr sig meðal annars hvort listamenn eigi heima innan um kaupahéðna í Garðabæ. Rúnar Helgi er fæddur á Ísafirði en hefur búið í Garðabæ síðastliðin þrettán ár og sér því mannlífið jafnt með augum aðkomumanns sem heimamanns.

Dagskráin hefst kl. 20 í félagsmiðstöðinni Garðabergi, Garðatorgi 7. Aðgangur að dagskránni er ókeypis og öllum heimill.



**HVAÐ ERTU AÐ GERA Í GARÐABÆ?** Rúnar Helgi Vignisson spyr hvort listamenn eigi heima innan um kaupahéðna.



**>Ekki missa af…**

götuleikhúsinu **Royal de Luxe** sem vappa mun um miðbæinn næstkomandi **fimmtudag** í tilefni af opnun Listahátíðar.

**Eilífri hamingju** í Borgarleikhúsinu á miðvikudagskvöldið. Millistjórnendur og skrifstofudramatík eftir **Andra Snæ Magnason** og **Þorleif Arnarsson**.

sýningu **Johns Bock** í galleríi **Kling & bang.** „Stúlka með klettasalati“ ætti að stuða gesti.



**SPJALDANNA Á MILLI**
**Halldór Guðmundsson**

# *Ort í maí*

„Apríl er grimmastur mánaða“ – á þessum orðum hefst frægasti ljóðabálkur 20. aldar, Eyðilandið eftir T.S. Eliot, og í framhaldinu koma þessar línur (þýðing Sverris Hólmarssonar): „græðir grös upp úr dauðri moldinni, hrærir girndum saman við minningar, glæðir vorregni visnaðar rætur.“ Apríl er grimmastur mánaða: Forvígismaður nútímakveðskapar gat auðvitað ekki haldið áfram lofsöng rómantískra skálda nítjándu aldar um vorið – hann varð að líta það öðrum augum, enda segir hann í framhaldinu „veturinn veitti okkur yl / þakti grundina gleymskusnjó“.

„Vorið góða, grænt og hlýtt“ orti Jónas Hallgrímsson eftir Heine og kallaði Vorvísur: „allt er nú sem orðið nýtt, / ærnar, kýr og smalinn“ segir þar og vakti grunsemdir um að Jónas hefði sem fyrr farið frjálslega með frumtextann; það er erfitt að sjá þýska skáldið og Parísarbúann Heine fyrir sér, hugsandi um ærnar, kýr og smalann. Hér mætast þeir hinn löglærði, sjálfhverfi sveimhugi og sveinn úr djúpum dali, svo notað sé orðalag Kristjáns Árnasonar, og það er langt á milli. Enda segir Páll Valsson í bók sinni um Jónas: „svo íslenskar eru þessar vísur að allri gerð og hugsun að enn hefur ekki tekist að benda á frumkvæðið.“

Sé bara horft til formsins finnst mér það að vísu blasa við: Im wunderschönen Monat Mai, í maímánuðinum undurfagra, segir hjá Heine í Ljóðrænu millispili í Buch der Lieder, og er fyrsta línan í tveimur vísum sem eru ekki ósvipaðar Vorvísunum að gerð, þótt aðeins fuglasöngurinn minni á Jónas. Maímánuðurinn verður Heine tilefni til að játa hinni heittelskuðu ást sína og þrá, kannski er hann bara að hræra saman girndum og minningum eins og Eliot síðar, meðan Jónas fýsti „alltaf þó, aftur að fara í göngur.“

Göngur: Marga hefur einmitt fýst að fara í göngur í byrjun maí. Til þess var fólk hvatt til dæmis í Rauða fánanum, sem Félag ungra kommúnista gaf út í lok apríl 1936. Í því blaði birtist nafnlaust baráttuljóð sem hét Seinasti apríl. Síðar kom það á bók undir nafninu „Lifandi Ímynd Frelsisins“ og var lagt í munn aðalpersónunni. Íslendingar kannast nú orðið vel við kvæðið, sem samið var á hótelherbergi í Kaupmannahöfn og hefst á orðunum „Ó hve létt er þitt skóhljóð“, og þá undir þriðja nafninu: Maístjarnan. Maístjarnan er dæmi um kvæði sem fær mismunandi merkingu eftir því samhengi sem það birtist í. Í Rauða fánanum er það baráttukvæði, í skáldsögunni Heimsljósi er það orðið ástarljóð sem Ólafur Kárason yrkir til Jórunnar í Veghúsum. Líklega fylgir þetta vorkvæðunum: Þau eru um breytingar, um nýtt líf, um ástina en oft með svo almennum hætti að lesandinn getur skilið þau táknrænum skilningi sem breytist eftir því sem stendur á hjá honum eða henni, þegar vetrinum lýkur og maísólin skín, „og söngurinn um eilífð jarðargróðans steig upp úr moldinni“, eins og segir hjá Einari Braga (Regn í maí).

Og hér verður að skjóta því inn í að ást í maí var líka hugleikin Sigurði Norland, presti í Hindisvík, sem vildi kenna Englendingum að semja hringhendur og orti þess vegna á ensku: „She is fine as morn' in May / mild, divine and clever / like a shining summer's day / she is mine forever.“ Þetta hafa Englendingar ekki gert betur sjálfir.

Maí er tími ástarinnar og tími breytinganna. T. S. Eliot, sem gat um grimmd aprílmánaðar, orti líka um möguleika maímánaðar í hinum síðasta af kvartettunum sínum fjórum (Little Gidding í Four Quartets) og lék sér þá með tvöfalda merkingu orðsins „may“ í ensku: það sem gæti ekki gerst í maí...

# Sprækir salsa-diplómatar

**Hljómsveitin Salsa Celtica snýr aftur til Íslands til að leika á heimstónlistarhátíðinni Vorblót. Tónlist hennar er frumleg blanda af suðrænni sveiflu og norrænum áhrifum sem vakið hefur stormandi lukku og fjör í fótum um allar jarðir.**




**SKOSKT SALSA MEÐ ALÞJÓÐLEGU ÍVAFI** Hljómsveitin Salsa Celtica leikur á Vorblóti í annað sinn.

Trompetblásarinn og slagverksleikarinn Toby Shippey er einn af stofnendum sveitarinnar, sem fyrir rúmum áratug byrjaði að bræða saman blóðheita latíntónlist og keltneska tónlistarhefð í Edinborg í Skotlandi. Hann kveðst kátur yfir annarri Íslandsheimsókn enda skemmtu hljómsveitarmeðlimir sér afbragðsvel síðast. „Hljómsveitin byrjaði reyndar sem meiri félagsskapur en hugmynd um eitthvert risaband. Ég vissi ekki mikið um salsatónlist til að byrja með, við vorum bara að prófa okkur áfram.“ Tónlistarlífið í Edinborg er einstakt og Shippey útskýrir að hljómsveitin hefði vart getað orðið til annars staðar. „Hér er mjög fjölbreytt tónlistarlíf en það koma ekki margar frægar rokksveitir frá Endinborg, meira um djasstónlistarmenn, þjóðlagamúsík, hiphop og soul-listafólk og allir eru að spila saman því borgin er svo lítil. Tilraunamennskan er því meiri. Fyrir okkur snýst þetta ekki um hvaða tónlistarstefnum við erum að blanda saman heldur um gæði útkomunnar, við viljum bara búa til góða tónlist.“

Latínaðdáendur í borginni tóku við sér þegar tónlist Salsa Celtica fór að heyrast á krám og börum og þá byrjaði boltinn að rúlla. Stuttu síðar var farið að bjóða henni að spila á hátíðum og ýmiss konar uppákomum í fjarlægum löndum á sama tíma og salsabylgja reið yfir heimsbyggðina.

Shippey hlær við þegar hann er spurður hvort salsa sé vinsæll dans í Skotlandi. „Ég veit ekki við hvað ég á að miða, ég held að salsa sé ekki mjög vinsælt á Íslandi eða hvað? En fyrir svona fimm árum varð alger salsasprenging í Bretlandi og allir fóru á salsanámskeið en fyrir tíu árum vissu fæstir hvernig tónlist þetta er.“

Shippey viðurkennir að ef til vill hafi hljómveitin lagt sitt af mörkum í salsabylgjunni. „Já, ætli við séum ekki svona salsa-diplómatar,“ segir hann gamansamur. Í fjölmörgum borgum eru salsaklúbbar eða salsakvöld þar sem danshugafólk mætir til þess að dilla sér og skaka við þessa skemmtilegu tónlist og hafa dansskólar hérlendis til að mynda staðið fyrir slíkum uppákomum.

Nú, fjórum plötum síðar, er hljómsveitin búin að finna sína eigin hljóm og félagarnir farnir að tala spænsku. Innanborðs eru allra þjóða spilarar, gítarleikari frá Chile, skoskur pípuleikari og fiðlari frá Írlandi en á plötunum hafa þeir einnig fengið til sín fjölmarga gesti, þar á meðal víðfræga salsalistamenn og þjóðlagasöngvara.

Shippey segir kankvís að enn hafi enginn kjánast til þess að stæla tónlist Salsa Celtica. „Fólk hefur orðið fyrir áhrifum en það er ekki byrjað að herma eftir okkur, við höfum ekki komið af stað neinni bylgju keltneskrar salsatónlistar enn þá. Ég frétti samt af því að bandarískur salsalistamaður hefði gert plötu með keltnesku ívafi en það var átta árum eftir að við byrjuðum. Svo er víst líka til flamencohljómsveit sem farin er að blanda keltneskum áhrifum í sína músík. Maður veit aldrei hvað kemur tísku af stað.“

Tónleikar Salsa Celtica verða á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll hinn 18. maí.

kristrun@frettabladid.is



Kolbrún Halldórsdóttir
1. sæti Reykjavíkurkjördæmi suður

Alma Lísa Jóhannsdóttir
2. sæti Suðurkjördæmi

Þuríður Backman
2. sæti Norðausturkjördæmi

Auður Lilja Erlingsdóttir
3. sæti Reykjavíkurkjördæmi suður

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

KVENFRELSI ER OKKAR MÁL



**KÁTAR OG GLAÐAR STÚLKUR** Léttsveit Kvennakórs Reykjavíkur fagnar vori.

# Hýrnar um hólma og sker

Léttsveit Kvennakórs Reykjavíkur heldur tvenna vortónleika í kvöld og annað kvöld í Bústaðakirkju. Hefjast tónleikarnir bæði kvöldin kl. 20. Tveir karlar slæðast með í tónleikahald kórsins: Tómas R. Einarsson bassaleikari hefur fylgt kórnum um árabil og styrkt þær með áslætti sínum og í kvöld verður Bergþór Pálsson söngvari gestur við flutning á dagskrá sem er sótt hingað og þangað. Lög eftir Inga T. Lárusson sem þær hafa æft upp vegna heimsóknar sinnar austur á land síðar í þessum mánuði, en þaðan var Ingi ættaður, slagara frá stríðsárunum eru þær líka með á efnisskránni og svo syngja stelpurnar slagara frá unglingsárum sínum: dægurlög blómatímans. Kórstjóri er Jóhanna Þórhallsdóttir og undirleikari Aðalheiður Þorsteinsdóttir píanóleikari.

Léttsveitin er 120 kvenna kór og hafa þær sungið víða sér og öðrum til skemmtunar og yndisauka. Mörgum er í fersku minni heimildarmynd sem sýnd var í sjónvarpi fyrir fáum mánuðum frá ferðalagi kórsins um Evrópu en þær hafa víða farið: Bolungarvík, Dublin, Havana, Kaupmannahöfn, Feneyjar og Vestmannaeyjar. Það er óhætt að lofa hressum söng með sveiflu þar sem Jóhanna og hennar kátu konur – og karlar – eru á ferð. **- pbb**



**DANSHÓPURINN POKEMON CREW**

# Hipp og hopp

Hinn heimsfrægi hiphop-dansflokkur Pokemon Crew heldur tvær sýningar á Stóra sviði Borgarleikhússins í kvöld og annað kvöld.

Pokemon Crew kemur frá Lyon í Frakklandi. Hópurinn samanstendur af átta dönsurum sem hafa unnið til fjölda verðlauna þar á meðal til BBoy Championship-verðlaunanna í London árið 2006. Hópurinn þykir einn sá allra besti í heiminum í dag og hefur ferðast um allan heim og hvarvetna hlotið frábærar móttökur.


# Ferskur fiskur
## alla daga í fiskborðum okkar

Kjöt & fisktorgið

### Steinbítur

Sprikklandi nýr steinbítur með stökkum strengjabaunum og öðru girnilegu fersku grænmeti ásamt brakandi kryddjurtum.

Frábær réttur beint í ofninn eða á pönnuna í um 10-15 mínútur. Gott meðlæti er t.d. hrísgrjón og ferskt salat.







**Rúnar Gíslason**
matreiðslumeistari

### Salat uppskrift

1 haus grand salat
1 stk. gulrót
1/4 stk. rauð paprika
1/4 stk. græn paprika
6 stk. sveppir
1 msk. sítrónu edik
2 msk. extra virgin ólífuolía
salt og pipar úr kvörn

Skerið salatið niður. Rífið gulrótina á rifjárni. Skerið paprikurnar fínt. Skerið sveppina í sneiðar og snöggsteikið á pönnu. Blandið öllu saman, setjið edikið og olíuna út á. Kryddið með salti og pipar og blandið vel.

Kjöt & fisktorgið





*Ferskur fiskur daglega*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*





Katrín Jakobsdóttir
**1. sæti** Reykjavíkurkjördæmi norður

Ragnheiður Eiríksdóttir
**3. sæti** Suðurkjördæmi

Álfheiður Ingadóttir
**2. sæti** Reykjavíkurkjördæmi suður

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
**2. sæti** Norðvesturkjördæmi

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
**2. sæti** Suðvesturkjördæmi

Björg Gunnarsdóttir
**3. sæti** Norðvesturkjördæmi

**ALLT ANNAÐ LÍF!** – með vinstri grænum

# Mannamyndir sýndar í Höfn

Verk eftir sex íslenska listamenn voru valin á stórsýningu á portrettlistaverkum sem nú er uppi í Friðriksborgarhöll í Kaupmannahöfn. Það eru þau Dodda Maggý Kristjánsdóttir, Helgi Gíslason, Kristveig Halldórsdóttir, Magdalena Margrét Kjartansdóttir, Sesselja Tómasdóttir og Sigrún Eldjárn sem nutu þess heiðurs að fá inni á sýningunni, sem var opnuð á fimmtudag.

Sýningin byggir á samkeppni um verðlaun fyrir portrett sem efnt er til að frumkvæði hallarsafnsins sem á stærsta safn portrettmynda á Norðurlöndunum. Eru verðlaunin kennd við bruggarann J.C. Jacobsen og nema 75 þúsund krónum dönskum. Fagleg dómnefnd valdi verk á sýninguna sem var safnað á síðasta ári. Þar eru ekki eingöngu hefðbundin portrettmálverk heldur hafa listamennirnir frjálst val um efnistök. Þetta er í fyrsta sinn sem efnt er til norrænnar samsýningar af þessu tagi en framvegis verða þær haldnar annað hvert ár.

Ekki var íslenska listafólkið sigursælt: Sonja Lillebæk Christensen frá Danmörku, Svíinn Sven Ljungberg og Daninn Torben Eskerod skipuðu verðlaunapallinn. En ánægjulegt er að íslenskir portrettistar skuli nýta sér þennan vettvang. Mannlýsing í mynd er sérhæft listform og mörg af meistaraverkum myndlistarinnar eru einmitt pöntun á mynd af mektarmanni. - pbb



**DODDA MAGGÝ KRISTJÁNSDÓTTIR** Á verk á portrettsýningu í Kaupmannahöfn.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir **Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.**
Sun. 13/5 kl. 20:00 **nokkur sæti laus. Allra síðasta sýning!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fös. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 19/5 **nokkur sæti laus**, lau. 25/5. **Síðustu sýningar í vor! Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!**

**CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5 **nokkur sæti laus.**

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette.**
Sun. 13/5 **nokkur sæti laus**, fös. 18/5, fös. 25/5. Sýningum fer fækkandi **Umræður eftir sýninguna 13/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi og 18/5 með Ingólfi Ibraheem Shaheen.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Sun. 13/5 **uppselt**, mið. 16/5, **örfá sæti laus** og fim. 17/5 **nokkur sæti laus**, fös. 18/5 **uppselt**, lau. 19/5 **uppselt**, sun. 20/5 **örfá sæti laus**, fim. 24/5 **uppselt.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur**
Lau. 12/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **örfá sæti laus**, sun. 13/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **örfá sæti laus**, lau. 19/5 kl. 11:00 og kl.12:15, sun. 20/5 kl. 11:00 og 12:15.

**Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is**

**Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

**HIPP HOPP GESTASÝNING**
Pokemon Crew: Gestasýning frá Frakklandi.
Í kvöld kl. 20 Mið 9/5 kl. 20
Miðaverð 2.000

**LADDI 6-TUGUR**
Fim 10/5 kl. 22:30 UPPS.
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Fim 10/5 kl.20 UPPS. Fös 11/5 kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl.14 Sun 13/5 kl. 20
Lau 19/5 kl.20 UPPS. Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 UPPS. Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20
Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 16/5 kl. 20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir Eddu Heiðrúnu Backman

**DAGUR VONAR**
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Fös 11/5 kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 13/5 kl. 13 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.14 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl.15 AUKASÝNING
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**EILÍF HAMINGJA**
Mið 9/5 kl. 20 AUKASÝNING
Síðasta sýning

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog. is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**Viðburðir Landnámsseturs í maí**

**fö. 11. kl. 15**
- Mýramaðurinn - aukasýning laus sæti
**fö. 11. kl. 20** - Mr. Skallagrímsson laus sæti
**la 12. kl. 20** - KK og Einar laus sæti
**mi.16.kl. 16** - Mr. Skallagrímsson aukasýning - örfá sæti laus
**mi.16 kl. 20** - Mr.Skallagrímsson Uppselt
**fö. 18. kl. 20** - Mýramaðurinn
**lau.19. kl.20** - Mr.Skallagrímsson Uppselt
**sun. 20. kl. 20** - KK og Einar laus sæti
**fö. 25. kl. 20** - Mr. Skallagrímsson Uppselt
**lau 26. kl. 20** KK og Einar laus sæti
**má. 28. kl.20** Mýramaðurinn

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport
Í samstarfi við Vesturport
3. maí kl. 20 Uppselt
6. maí kl. 20 Uppselt
10. maí kl. 20 Uppselt
11. maí kl. 20 Uppselt
12. maí kl. 14 Uppselt
13. maí kl. 20
19. maí kl. 20 Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



ÁBBABABB! eftir Dr. Gunna
13. maí sun kl. 14
20. maí kl. 14
Síðustu sýningar

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
11 maí fös 12 sýning kl 20

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarf. Pantanasími 555 2222 og á www.midi.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið

**Blásið til leiks!**



**Innritun í skólahljómsveitir í Reykjavík skólaárið 2007-2008**

Nemendum frá og með 3. bekk grunnskóla býðst að sækja um nám í skólahljómsveit. Innritun fer fram til loka þessa skólaárs. Umsóknareyðublöð eru á skrifstofum allra grunnskóla og á heimasíðu Menntasviðs **www.grunnskolar.is.**

Fjórar skólahljómsveitir eru starfræktar í Reykjavík; í Vesturbæ/Miðbæ, Austurbæ, Árbæ/-Breiðholti og í Grafarvogi. Sveitirnar starfa í nánu samstarfi við grunnskólana og eru nemendur úr öllum borgarhlutum.

Frekari upplýsingar um skólagjöld, hljóðfæraval og hljóðfæraleigu eru á **www.grunnskolar.is.**



Ögmundur Jónasson
**1. sæti** Suðvesturkjördæmi

Gestur Svavarsson
**3. sæti** Suðvesturkjördæmi

Atli Gíslason
**1. sæti** Suðurkjördæmi

Paul Nikolov
**3. sæti** Reykjavíkurkjördæmi norður

**KVENFRELSI ER LÍKA OKKAR MÁL**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

5 6 7 **8** 9 10 11

### Þriðjudagur

#### FUNDIR

☐ 20.00 Opinn fundur í **Þjóðleikhúskjallaranum** með **Declan Donnellan** og **Nick Ormerod**, listrænum stjórnendum breska leikhópsins **Cheek by Jowl** sem setur upp með sýninguna **Cymbeline** eftir William Shakespeare á **Listahátíð**. Fundurinn er öllum opinn en þar munu þeir ræða um vinnuna í kringum uppsetninguna og segja frá starfi þessa leikhóps sem þykir einn af tíu bestu leikhópum veraldar.

#### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Hljómsveitirnar sívinsælu **Hraðakstur bannaður** og **Plútó** leika skemmtilega tónlist ásamt góðum gestum. Einnig treður upp dúettinn **Ágúst og Aileen**.

☐ 20.00 **María Konráðsdóttir** klarinett heldur burtfarartónleika frá **Tónlistarskólanum í Reykjavík** í **Salnum í Kópavogi.** Leikin verða verk eftir Robert Schumann, Þorkel Sigurbjörnsson, Rezsö Kókai og W. A. Mozart. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

#### SÝNINGAR

☐ 12.00 Yfirlitssýning verkum höggmyndalistamannsins **Andrew Rogers** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar** en listamaðurinn hefur nýlega lokið við að koma upp stórtækum **landslistaverkums** í nágrenni Akureyrarbæjar.

☐ 12.00 Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** standa nú yfir sýningar á verkum frönsku ljósmyndaranna **Jo Duchene** og **Damien Peyret** í tilefni af **Frönsku vori á Íslandi.** Í Skotinu sýnir finnski ljósmyndarinn **Sari Poijärvi.**

☐ 13.00 **Kristinn G. Harðarson** sýnir í **Anima galleríi** í **Ingólfsstræti**. Sýningin stendur til 19. maí.

☐ 14.00 Sýning **Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur** í **Gallerí+, Brekkugötu 35** á Akureyri er framlengd og mun standa til og með sunnudagsins 13. maí. Opnunartími er laugar- og sunnudaga frá 14-17 og aðra daga eftir samkomulagi í síma 462 7818.

☐ 14.00 **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir** sýnir í **101 Gallery** við Hverfisgötu. Á sýningunni eru teikningar og skúlptúrar.

#### BÆKUR

☐ 20.00 **Skáldaspírukvöld** í **Pennanum Eymundsson.** Kvöldið ber yfirskriftina: Hugsjónir og raunsæi. **Benedikt S. Lafleur** útgáfustjóri fjallar um verk Tolstoys og Voltaire og les úr **Sögu heimspekinnar** eftir Gunnar Dal. Einnig mun Benedikt fjalla um hugsjónir í dag frammi fyrir staðreyndum lífsins, listir og útgáfu út frá eigin reynslu og reifa hugmyndir sínar úr nýútkominni bók sinni: Ný sýn í pólitík.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



Tvíburarnir Snorri og Viðar virtust hressir en við hjartað leyndist lífshættulegur galli sem kallaði á tafarlaust inngrip. Endurhæfing á Reykjalundi hefur fært þeim nýjan styrk til að takast á við verkefni lífsins.

takk

fyrir að skila okkur báðum út í lífið á ný

Það er auðvelt að fá sér happanúmer

Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

Drögum í dag

Yfir hálfur milljarður í pottinum 2007

60 Honda Jazz á árinu



22.911 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1000 kr.

HAPPDRÆTTI SÍBS

...fyrir lífið sjálft



Björn Valur Gíslason
3. sæti Norðausturkjördæmi

Árni Þór Sigurðsson
2. sæti Reykjavíkurkjördæmi norður

Jón Bjarnason
1. sæti Norðvesturkjördæmi

Steingrímur J. Sigfússon
1. sæti Norðausturkjördæmi

ALLT ANNAÐ LÍF! – með vinstri grænum

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Vildu ekki Framsókn í brúðkaupið

„Já, ég fann fyrir þau annan sal og sá um veisluna fyrir þau. Ég sjálfur er sjálfstæðismaður og skildi þeirra sjónarmið,“ segir Stefán Ingi, veitingamaður hjá Veisluhaldi ehf.

Ungum brúðhjónum, sem gengu í það heilaga um síðustu helgi, brá heldur í brún þegar þau óku framhjá samkomuhúsinu þar sem til stóð að halda brúðkaupsveislu þeirra: Ýmishúsinu svonefnda sem er undir Öskjuhlíð. Á þaki hússins er búið að koma fyrir gríðarmiklum auglýsingum þar sem Framsóknarflokkurinn er auglýstur með risavöxnum myndum af frambjóðendum. Fer þar Jón Sigurðsson formaður fyrir sínu fólki. Hvorki hjá brúði né brúðguma var hinn minnsti áhugi fyrir því að halda brúðkaupsveisluna undir slíku þaki og það þrátt fyrir að framsóknarmaddaman hafi verið þaulsetin í sínum hjónaböndum bæði í landstjórn og borg. En kannski ekki eins hamingjusöm og hún er þaulsetin. Brúðguminn vildi ekki tjá sig um þetta undir nafni í samtali við Fréttablaðið en sagði þó að þessi afstaða þeirra hefði notið skilnings allra.

Ekki var við það komandi að fá þessar auglýsingar fjarlægðar fyrir veisluna og brást þá Stefán Ingi skjótt við og fékk sal í Rúgbrauðsgerðinni. Þar fór veislan fram og skemmtu menn sér hið besta. **- jbg**



**ÝMISHÚSIÐ** Ekki var við það komandi að halda brúðkaupsveislu undir þessu þaki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BARN GERÐI ÚTSLAGIÐ** Kate Moss þráir að eignast barn með Pete Doherty og telur að hann yrði skemmtilegur pabbi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Kate Moss langar í barn

Kate Moss vill eignast barn með kærasta sínum Pete Doherty. Samkvæmt breska blaðinu Daily Express sagði Kate vinkonu sinni frá þessari ósk. „Allir eru helteknir af hugmyndinni um hjónaband og hvar við stöndum gagnvart því. Það skiptir engu máli af því að við erum saman,“ sagði fyrirsætan. Hún sagði þau hins vegar þurfa þau tengsl sem hljótast af því að eignast barn. „Pete væri skemmtilegur pabbi.“

Kate á fyrir dótturina Lilu Grace, en Pete Doherty á soninn Astile. „Við eigum tónlistina okkar saman og við erum að gera plötu, en barn myndi gera útslagið fyrir Pete og mig,“ sagði fyrirsætan. Pete Doherty hefur verið áberandi í fjölmiðlum fyrir eiturlyfjaneyslu sína, en það truflar Kate ekki. Hún segist telja að barn myndi hjálpa honum að losa sig við ósiðinn.

# París kennir blaðafulltrúanum um ófarir sínar

**Hótelerfinginn París Hilton er afar ósátt við 45 daga fangelsisdóm sem hún fékk fyrir helgi. París var dæmd fyrir að rjúfa skilorð sem hún fékk þegar hún var tekin ölvuð undir stýri. Hilton kennir blaðafulltrúa sínum um fangelsisdóminn og hefur látið hann róa.**

„Ég skil ekki hvað gerðist því ég gerði bara það sem mér var sagt. Ég skrifa venjulega undir það sem fólk segir mér að skrifa undir,“ segir hótelerfinginn París Hilton, sem dæmd var til 45 daga fangelsisvistar á föstudag. París er svo brjáluð yfir dómnum að hún hefur rekið fjölmiðlafulltrúann sinn og kennir honum alfarið um ófarir sínar.



**HANDAGANGUR Í ÖSKJUNNI** Fjölmiðlar sýndu réttarhöldunum yfir París Hilton afar mikinn áhuga. Sannkallaður sirkus var þegar hún mætti til dómsuppkvaðningarinnar á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**ÓSÁTTUR HÓTELERFINGI** París Hilton var dæmd til 45 daga fangelsisvistar fyrir helgi. Hún kennir blaðafulltrúa sínum um allt klúðrið og hefur rekið hann úr starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Hin 26 ára París var dæmd til fangelsisvistar eftir að hún var fundin sek um að rjúfa skilorð og keyra án ökuleyfis. París hélt því statt og stöðugt fram fyrir rétti að hún hefði aldrei sest upp í bifreiðina ef hún hefði vitað að ökuleyfi hennar hefði verið afturkallað.

Blaðafulltrúi Parísar, Elliott Mintz, bar vitni fyrir rétti og sagði að hvorki hann né skjólstæðingur sinn hefðu vitað að ökuleyfið hefði verið afturkallað eftir að hún var tekin ölvuð undir stýri í fyrra. Dómarinn var afar ósáttur við framburð Mintz, sagði hann „algjört rugl“, þar eð pappírar hefðu fundist í bíl Parísar þar sem fram kæmi að hún hefði verið svipt ökuleyfi.

París kenndi blaðafulltrúa sínum alfarið um þessi mistök, sagði að hann hefði tilkynnt henni að ökuleyfið hefði aðeins verið afturkallað í 30 daga og að henni væri áfram frjálst að keyra til og frá vinnu. Eftir að réttarhöldunum lauk og hún hafði verið dæmd í fangelsi rak París blaðafulltrúann Mintz.

„Ég á þetta ekki skilið,“ sagði París um helgina. Hún hefur ákveðið að áfrýja dóminum.



**ÓBEISLUÐ FEGURÐ** Hópurinn að baki fegurðarsamkeppninni styrkti Sólstafi um tæpa hálfa milljón. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hálf milljón til Sólstafa

Aðstandendur Óbeislaðrar fegurðar, hinnar óhefðbundnu fegurðarsamkeppni sem fram fór á Ísafirði síðasta dag vetrar, söfnuðu alls 497.000 krónum til handa Sólstöfum. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá hópnum, en upphaflegt takmark var hálf milljón króna. „Það er okkur mikill heiður og ánægja að geta lagt Sólstöfum lið, því mikið starf er óunnið hjá þessum hetjum sem standa að Sólstöfum,“ segir í tilkynningu.



**HELEN MIRREN** Hér í hlutverki drottningarinnar.

# Hafnaði drottningunni

Helen Mirren hefur móðgað Elísabetu Bretlandsdrottningu með því að afþakka persónulegt boð hennar um kvöldverð í Buckinghamhöll. Leikkonan fékk Óskarsverðlaunin fyrir túlkun sína á Elísabetu í kvikmyndinni Drottningin en taldi sig vera of upptekna fyrir kvöldverðinn. Að sögn er Elísabet sármóðguð yfir hegðun Mirren.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Tom Cruise** keypti nýja glæsivillu handa eiginkonunni **Katie Holmes**, jafnvel þótt húsið væri ekki til sölu. Tom rakst á sannkallaða draumahöll í Beverly Hills og stóðst ekki freistinguna. Í húsinu eru sjö svefnherbergi, níu baðherbergi, sundlaug og nokkrir tennisvellir fyrir utan. Alls þurfti Hollywood-leikarinn að punga út rúmlega 2,3 milljörðum króna fyrir villuna en hann sá ekki eftir neinu. „Þarna er allt til alls svo Tom kom með tilboð sem var ekki hægt að hafna,“ segir vinur leikarans.



Leikkonan **Michelle Rodriguez** er ósátt við ritstjóra tímaritsins Curve eftir að hún birtist á forsíðu blaðsins án sinnar vitundar. Curve er tímarit sem höfðar til lesbía en talsverðar getgátur hafa verið uppi um hvort Rodriguez sé samkynhneigð. Hún er ekki sátt við að tímaritið reyni með þessu að „draga hana út úr skápnum“. „Þeir byggja þetta bara á eigin grunsemdum. Ég er svosem ekkert móðguð en það má koma skýrt fram að ég hafði ekki hugmynd um að þeir ætluðu að nota mig til að selja blaðið,“ segir hún.



**Sir Paul McCartney** er nú orðaður við óperusöngkonuna **Natöshu Marsh** eftir að hann játaði fyrir vinum sínum að sér fyndist hún einkar glæsileg. Þau hittust á Classical Brit Awards, þar sem **Garðar Thor Cortes** vakti mikla athygli, og vel fór á með þeim. Sir Paul bað sérstaklega um að vera kynntur fyrir söngkonunni, sem þykir afar lík **Heather Mills**.



Breski rokkarinn **Pete Doherty** er aftur kominn í klandur eftir að hann var handtekinn í London, grunaður um að vera með fíkniefni undir höndum. Pete, sem er 28 ára, var stöðvaður af lögreglu í Kensington-hverfinu á laugardagskvöld og er hermt að hann hafi bæði verið með krakk og kannabis á sér. Doherty þurfti að gista fangageymslur yfir nótt en var svo sleppt gegn tryggingu. Á meðan Pete var í fangelsi var unnusta hans **Kate Moss** víðs fjarri annars staðar í Englandi.



# Auglýsing um kjörfund í alþingiskosningum í Sveitarfélaginu Árborg

Kjörfundur vegna alþingiskosninga í Sveitarfélaginu Árborg
verður haldinn **laugardaginn 12. maí 2007.**

**Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.**
Kosið er í fimm kjördeildum í sveitarfélaginu. Skipt er í kjördeildir eftir búsetu kjósenda.

## Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi
### Kjördeild I

**Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum A-F.**
**Íslendingar búsettir erlendis.**
**Óstaðsettir í hús í Sveitarfélaginu Árborg.**

## Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi
### Kjördeild II

**Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum G-N.**

## Vallaskóli, Sólvöllum 2, Selfossi
### Kjördeild III

**Fyrir kjósendur við götur á Selfossi með götuheitum sem byrja á bókstöfunum R-Þ.**
**Fyrir kjósendur eftirtalinna bæja og húsa:**
Bjarg (vestan Ölfusár), Hafnartún, Hagi, Hrefnutangi, Norðurbær, Vesturbær, Selfoss 1, Selfoss 2, Selfoss 3, Selfoss 4, Selfoss 5, Selfoss 6, Ásamýri 1, Austurkot, Byggðarhorn, Björk, Dísastaðir 1, Dísastaðir 2, Eyði-Sandvík, Fossmúli, Geirakot 1, Geirakot 2, Hraunprýði, Hreiðurborg, Jórvík, Kaldaðarnes, Litla-Sandvík, Ljónsstaðir, Lækjamót, Lækjargarður, Móskógar, Nýibær, Smjördalir, Sóley, Stekkar 2, Stóra-Sandvík, Stóra-Sandvík 3, Stóra-Sandvík 4, Votmúli.

***Ath.*** *Kjörfundur á Selfossi er í sama húsnæði og verið hefur undanfarin ár, gamla Sólvallaskóla. Inngangur um vestur- og norðurdyr.*

## Grunnskólinn á Stokkseyri
### Kjördeild IV

**Fyrir kjósendur við allar götur á Stokkseyri.**
**Fyrir kjósendur eftirtalinna bæja og húsa:**
Baldurshagi, Birkihlíð, Bjarg, Bjarmaland, Brekkholt, Bræðratunga, Dvergasteinar, Dvergasteinar 4, Eystri-Hólmur, Fagridalur, Heimaklettur, Helgastaðir, Hof, Hraunhlaða, Lyngheiði, Lyngholt, Merkigarður, Nýborg, Ranakot, Sandgerði, Sandprýði, Sjólyst 1, Snekkjuvogur, Stardalur, Stardalur 2, Tjörn, Túnprýði, Vatnsdalur, Baugsstaðir 1, Baugsstaðir 2, Baugsstaðir 3, Brattsholt, Brautartunga, Efra-Sel, Eystri-Grund, Hólar, Holt 1, Holt 2, Holt 3, Hæringsstaðir, Keldnakot, Kumbaravogur, B-gata 1, B-gata 3, Kökkur, Syðra-Sel, Skip, Stokkseyrarsel, Tóftir, Vestri-Grund 2.

## Félagsheimilið Staður á Eyrarbakka
### Kjördeild V

**Fyrir kjósendur við allar götur á Eyrarbakka.**
**Fyrir kjósendur eftirtalinna bæja og húsa:**
Austurvöllur, Brenna 2, Einarshöfn 2, Einarshöfn 3, Einarshöfn 4, Einarshöfn 5, Gamla-Hraun 1, Gamla-Hraun 2, Garðbær, Heiðdalshús, Hóp, Hreggviður, Höfn, Kaldbakur, Kirkjubær, Kirkjuhvoll, Litla-Háeyri, Lundur, Mundakot 1, Mundakot 2, Óseyri, Skúmsstaðir 2, Skúmsstaðir 5, Sóltún, Sólvangur, Steinskot 1.

**Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.**

Aðsetur yfirkjörstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar á kjördegi verður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi. Sími: 480 5834 og 480 5835.

Selfossi, 2. maí 2007.
Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar
Ingimundur Sigurmundsson
Bogi Karlsson
Steinunn Fjóla Sigurðardóttir






SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 11 | B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | |
| NEXT | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | B.I. 14 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.30 | B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 8 | B.I. 16 ÁRA |
| TMNT | kl. 6 | B.I. 7 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.30 - 8.30 - 11.20 | B.I. 10 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 5.45 - 9 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 6 - 8 - 10 | B.I. 18 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 6 - 8 - 10.40* | B.I. 10 ÁRA |
| NEXT | kl. 6 - 9 - 11 | B.I. 14 ÁRA |
| *KRAFTSÝNING | | |

MIÐASALA Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað







HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 8 - 10.15 | B.I. 14 ÁRA |
| SUNSHINE | kl. 10.20 | B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 5.40 - 10.10 | B.I. 16 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919


# Volta fær góðar viðtökur

**Nýjasta plata Bjarkar Guðmundsdóttur, Volta, kom út í gær og stefnir í að verða vinsælasta plata hennar í langan tíma.**

Volta hefur selst afar vel hérlendis síðan hún kom út í gær. „Salan hérna heima er sú mesta sem við höfum séð hjá Björk í langan tíma,“ segir Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu. „Þetta er góð innspýting í plötusöluna hérna, sem hefur verið frekar róleg undanfarið.“

Volta hefur fengið gríðarlega góða dóma bæði í innlendum sem erlendum fjölmiðlum, þar á meðal fjórar stjörnur í Fréttablaðinu, fimm stjörnur í Attitude og fjórar af fimm mögulegum í tímaritunum Mojo og Uncut. Í dómi Uncut segir að Volta sé kraftmesta plata Bjarkar í tíu ár. „Á Volta virðist hún skynja dauðleika sinn. Á sama tíma hefur hún aldrei hljómað jafnlifandi. Ást hennar á börnum, jörðinni og mannkyninu gegnumlykur alla plötuna,“ segir þar.

**Almenn spilun á BBC**

Ásmundur er að vonum hæstánægður með þessa prýðilegu dóma. „Hún fær góða dóma í öllum helstu fjölmiðlum heims þannig séð, þar á meðal í Guardian, Independent, í Þýskalandi og í frönsku pressunni. Ég hef engan dóm séð minni en fjórar stjörnur eða minni en 8 af 10 mögulegum.“

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Earth Intruders, hefur jafnframt vakið mikla athygli og er það þegar komið í almenna spilun hjá BBC í Bretlandi. Náði ekkert lag af síðustu tveimur plötum Bjarkar þeim árangri.

**Yfir tveimur milljónum?**

Að sögn Ásmundar seldust síðustu tvær plötur Bjarkar, Medúlla og Vespertine, í um einni og hálfri til tveimur milljónum eintaka hvor víðs vegar um heiminn. Býst hann við því að Volta eigi eftir að seljast enn betur. „Miðað við þessa athygli held ég að fólk geti verið bjartsýnt, það er engin spurning.“



**BJÖRK** Nýjasta plata Bjarkar, Volta, hefur fengið ákaflega góðar viðtökur.

Volta er sjötta hljóðversplata Bjarkar og sú fyrsta síðan Medúlla kom út árið 2004. Tónleikaferð Bjarkar um Bandaríkin er nýhafin og fékk hún afar góða dóma fyrir fyrstu tónleika sína í Radio City Music Hall í New York. Hoppaði hún um sviðið í appelsínugulum kjól og söng lög af Volta í bland við eldri slagara á borð við Joga, Army of Me og The Anchor Song, sem var sungið á íslensku. Taldi greinarhöfundur tónleikana hafa verið þá bestu sem hann hefði séð hingað til með Björk.

freyr@frettabladid.is


**Óska eftir að kaupa enskt lingapon námskeið sem samstendur af fjórum jafnstórum kössum kasettum og þremur bókum**

**Upplýsingar í síma 865 7013 Björgvin Ómar Ólafsson**


# Iron Lung spilar í kvöld



**IRON LUNG** Hljómsveitin Iron Long heldur tvenna tónleika á Íslandi, í kvöld og í annað kvöld.

Bandaríska þungarokkshljómsveitin Iron Lung heldur tónleika hér á landi í kvöld og annað kvöld. Iron Lung, sem er dúett, ætlar að hefja tónleikaferð sína um Evrópu hér á landi. Tónlist sveitarinnar er kraftmikil, þung og sér á báti.Tríóið Death Metal Supersquad og hin blýþunga Plastic Gods hita upp á fyrri tónleikunum, sem verða í Kaffi Hljómalind. Hefjast þeir klukkan 19.00 og kostar 800 krónur inn. Á síðari tónleikunum, sem verða á Barnum, hita I Adapt og hin efnilega Celestine upp. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð einnig 800 krónur.


**Líf að loknum ferli**

ÍSÍ

Frank Fredericks, meðlimur í Alþjóða Ólympíunefndinni – IOC og fyrrum spretthlaupari, heldur erindi um „líf að loknum ferli" þriðjudaginn 8. maí á fundi Samtaka íslenskra ólympíufara.

Fundurinn hefst kl. 18:00 og er haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, sal E – 3. hæð. Fundurinn er öllum opinn meðan húsrúm leyfir. **Aðgangur er ókeypis.**

Nánari upplýsingar á **www.isi.is**






SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SPIDER MAN 3 | kl. 3:30 - 6 - 9 - 10:30 | B.i.10 | THE GOOD SHEPERD | kl.10:10 | B.i.12 |
| SPIDER MAN 3 VIP | kl. 6 - 9 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| BLADES OF GLORY | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | ROBINSON F... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| SHOOTER | kl. 8 | B.i.16 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| BREACH | kl. 8:10 - 10:30 | B.i.12 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| NEXT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.12 | |
| THE MESSENGERS | kl. 8 | B.i.16 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 8 - 10 | B.i. 10 |
| BLADES OF GLORY | kl. 8 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BLADES OF GLORY | kl. 8 - 10 | B.i.12 |
| BREACH | kl. 8 - 10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is

www.SAMbio.is ( 575 8900 www.SAMbio.is


# Þrjár til viðbótar



**SPIDER MAN** Nýjasta myndin um Pétur Parker og félaga hefur notið gríðarlegra vinsælda.

Að minnsta kosti þrjár kvikmyndir til viðbótar verða gerðar um köngulóarmanninn. Sú nýjasta, Spider Man 3, hefur farið fram úr björtustu vonum framleiðenda myndarinnar hvað varðar aðsóknartölur og ætla þeir þess vegna að hamra járnið á meðan það er heitt.

„Allir vilja gera fjórðu, fimmtu, sjöttu og enn þá fleiri myndir," sagði Michael Lynton hjá Sony Pictures. „Við munum gera eins margar og góður söguþráður leyfir."

Spider Man 3 þénaði 148 milljónir dollara, eða um 9,3 milljarða króna, fyrstu þrjá sýningardagana í Bandaríkjunum. Sló hún þar með met Pirates of the Caribbean: Dead Man´s Chest, sem þénaði 135,6 milljónir dollara í fyrra, eða um 8,5 milljarða króna.

Lynton segir að það hve Spider Man 3 höfði til margra aldurshópa skipti mestu máli hvað varðar vinsældirnar. „Hún hefur laðað til sín fjölskyldur og fengið þær þannig aftur í kvikmyndahúsin."

# Sparar í fatakaupum

Julia Roberts ætlar að klæða nýjasta erfingjann í notuð föt. Roberts á von á þriðja barni sínu með tökumanninum Danny Moder í haust, en fyrir eiga þau tvíburana Hazel og Phinnaeus. Leikkonan ku hafa eytt ansi háum fjárhæðum í föt á tvíburana þegar hún gekk með þau undir belti. Hún vill ekki endurtaka leikinn heldur spara peninga. Það gæti þó komið sumum spánskt fyrir sjónir þar sem Roberts var á sínum tíma hæstlaunaða leikkona í Hollywood.

Í viðtali hjá Opruh Winfrey sagðist Roberts hafa vaxið sem manneskja eftir að hún varð móðir. Hún sagði jafnframt að hún hefði nánast verið búin að gefa upp alla von um að verða ólétt á ný.



**VEX SEM MANNESKJA** Julia Roberts segist hafa vaxið sem manneskja eftir að hún varð móðir. Þriðja barn hennar mun klæðast notuðum fötum.


NÝJUNG Í BANKA VIÐSKIPTUM

GLITNIR

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Sumarskórnir



Garðatorgi Garðabæ sími 517 4806

**FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR KEFLVÍKINGUM 4. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2007**

**> LYKILMAÐURINN**

**Baldur Sigurðsson** er draumaleikmaður hvers þjálfara. Hann gerir margt vel og getur spilað alls staðar á vellinum. Það var hins vegar ljóst að hann er bestur á miðjunni og með tilkomu Svíans Kenneth Gustafssonar í vörnina í fyrra þá gat Baldur farið í sína bestu stöðu með góðum árangri. Baldur er marksækinn miðjumaður með mikla hlaupagetu sem kemur mótherjum Keflavíkurliðsins ávallt í vandræði. Það má segja að spútniksumar Baldurs hafi verið í fyrra og í ár er hægt að setja kröfur á strákinn að hann komi sér í hóp bestu leikmanna deildarinnar.



# Hefur vantað herslumuninn

Fréttablaðið heldur áfram að telja niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu og við spáum bikarmeisturum Keflavíkur fjórða sætinu.

Keflvíkingar voru að margra mati með skemmtilegasta liðið í Landsbankadeild karla í fyrra, baneitrað sóknarlið sem lagði mikið kapp á að spila djarfa og áhorfendavæna knattspyrnu.

Kristján Guðmundsson hefur mótað flott lið í Keflavík og honum varð að ósk sinni að halda sínu leikmannahóp fyrir þetta tímabil eftir að hafa nánast þurft að endurbyggja liðið eftir brottfallið á síðasta vetur. Það eitt ætti að gefa ástæðu til bjartsýni því það er kominn tími á að Keflavík fari að blanda sér í baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn.

Keflavíkurliðið hefur unnið bikarinn tvisvar sinnum á síðustu þremur árum en það hefur vantað herslumuninn að koma sér að fullum krafti inn í slaginn um titilinn. Keflavíkurliðið hefur á góðum degi getað unnið öll lið deildarinnar. Stuðningsmenn Keflavíkur setja mikinn svip á leik liðsins og þeir ættu að koma ferskir inn í sumarið þar sem körfuboltaveturinn var með daufara móti. Það má því búast við Joey Drummer og aðrir hressir kappar úr trommusveitinni komi fullir af orku og skemmtilegum sigursöngum þegar Keflvíkingar spila sinn fyrsta leik á KR-vellinum. Keflavíkurliðið fær risapróf í fyrstu tveimur umferðunum þegar liðið mætir FH og KR og þar geta þeir gefið tóninn fyrir það sem koma skal í sumar.

Heimavöllurinn liðsins hefur skilað mörgum stigum en liðið náði hinsvegar ekki að vinna deildarleik utan Keflavíkur í fyrra. Ætli Keflvíkingar sér ofar þarf liðið að fá fleiri en fjögur stig á útivelli.



**> X-FAKTORINN**

**Guðmundur Steinarsson** er einn allra hættulegasti sóknarmaður deildarinnar en það eru liðin sjö ár síðan að hann skoraði tíu mörk á tímabili. Guðmundur hefur átt mjög góða spretti á síðustu árum en vantar enn að geta spilað heilt tímabil í sínum besta gír. Gerist það í sumar er Keflavík í góðum málum.

**OKKAR EINKUNN 1-10**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞJÁLFARI | 7 | VÖRN | 7 | SÓKN | 7 | LIÐSTYRKUR | 4 | ÁHORFENDUR | 10 |
| MARKVARSLA | 6 | MIÐJA | 7 | BREIDD | 6 | HEIMAVÖLLUR | 8 | HEFÐ/REYNSLA | 7 |

Gengi í vormótum 2007




**GENGI SÍÐUSTU ÁRA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **2006** 4. sæti | **2005** 4. sæti | **2004** 5. sæti | **2003** 1. sæti (B-deild) | **2002** 9. sæti | **2001** 6. sæti |



**HEMMI Í BARÁTTUNNI** Hermann Hreiðarsson hefur hér betur í skallaeinvígi gegn Aaron Lennon. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tottenham vann Charlton:

# Charlton fallið

**FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton féllu í gær úr ensku úrvalsdeildinni eftir að hafa tapað, 2-0, fyrir Tottenham á heimavelli. Dimitar Berbatov og Jermain Defoe skoruðu mörk Tottenham.**

**Þetta er í fjórða sinn sem Hermann leikur með liði sem fellur úr úrvalsdeildinni. Áður hafði hann fallið með Crystal Palace, Wimbledon og Ipswich.**

**Eins og Fréttablaðið hefur áður sagt er Hermanni nú frjálst að fara frá liðinu samkvæmt samningi sínum við Charlton.** - esá

# Strákarnir lamdir niður af Belgunum

**Íslenska U-17 landsliðið lauk í gær keppni á Evrópumótinu í Belgíu með 5-1 tapi gegn heimamönnum. Lúkas Kostic, þjálfari liðsins, segir það lykilatriði í leiknum er dómari leiksins tók ekkert á grófum brotum Belg-**

**FÓTBOLTI** Íslenska U-17 landsliðið tapaði í gær fyrir heimamönnum á Evrópumótinu í Belgíu, 5-1, í loka-leik liðsins í keppninni. Þar með hlaut Ísland ekkert stig í keppninni og kemst ekki áfram í undanúrslit eða leik um fimmta sæti mótsins.

Kolbeinn Sigþórsson skoraði mark Íslands í gær en það var það eina sem Ísland skoraði á mótinu. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland á landslið í úrslitakeppni stórmóts í knattspyrnu en þarna voru saman komin átta bestu lið álfunnar í þessum aldursflokki.

„Strákarnir spiluðu feikivel í fyrri hálfleik en það var okkar besti hálfleikur á mótinu," sagði Lúkas Kostic landsliðsþjálfari eftir leikinn. Staðan í hálfleik var 1-1. Ísland náði reyndar að skora annað mark í hálfleiknum en það var dæmt af vegna rangstöðu.

„Við áttum skot að marki sem var varið. Varnarmaður Belga ætlaði að hreinsa boltann úr teignum en hikaði og Dofri (Snorrason) náði að skora. Markið var svo dæmt af og er ég ekki viss um þann dóm. Ég sá það ekki nógu vel en aðrir sem sáu atvikið betur segja að Dofri hafi ekki verið rangstæður."

Lúkas segir þó að vendipunktur leiksins hafi verið tvö umdeild atvik undir lok fyrri hálfleiksins.

„Dómarar leiksins, sem voru frá Georgíu, voru á bandi heimamanna. Öll vafaatriði féllu Belgum í hag. Svo þegar Finnur lenti í einvígi við leikmann fékk hann olnbogaskot í hausinn og lá eftir á vellinum með risastóra kúlu. Dómarinn verður að stoppa leikinn við höfuðhögg en gerði ekki neitt."

Skömmu síðar varð svo Hólmar Örn Eyjólfsson fyrir olnbogaskoti. „Hann fékk högg á nefið og munninn þannig að blæddi úr beint fyrir framan annan línuvörðinn. Aftur dæmdu þeir ekki neitt. Hvaða skilaboð voru dómararnir að gefa?"

Hann segir að þetta hafi haft áhrif á leik íslenska liðsins í síðari hálfleik. „Ég sagði þeim að vera áfram prúðir sem og þeir gerðu. En dómararnir höfðu tekið alla orku úr okkar liði og það nýttu Belgarnir sér og skoruðu mörkin í kjölfarið," sagði Lúkas.

Þrátt fyrir allt er hann ánægður með sína menn.

„Það er margt í okkar leik sem má laga en þeir voru prúðir og reyndu allan tímann að spila fótbolta. Við lögðumst ekki í vörn og kýldum boltann fram þegar við gátum. Við reyndum að sækja eins mikið og við gátum og vil ég heldur tapa þannig þótt það hafi verið stórt eins og í dag. Við töpuðum þó í knattspyrnuleik." eirikur@frettabladid.is



**EINA MARK ÍSLANDS** Kolbeinn Sigþórsson skoraði eina mark Íslands á mótinu í gær er hann jafnaði metin gegn Belgum í fyrri hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC






Dramatík í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta:

# Hætti bara ekki að blæða úr Nash

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni NBA-deildarinnar tók á sig nýja mynd á sunnudagskvöldið þegar Phoenix Suns og San Antonio Spurs léku sinn fyrsta leik í undanúrslitum Vesturdeildar. Leikurinn var mjög skemmtilegur, jafn og spennandi en á lokamínútunum tóku örlögin völdin.

„Það var ekkert sem ég gat gert. Þetta var að sjálfsögðu mjög svekkjandi en þetta var ekki í mínum höndum," sagði Steve Nash, sem mátti ekki fara inn á á lokamínútunni þar sem læknar liðsins gátu ekki stöðvað blæðingu úr skurði niður eftir miðju nefi hans.

Skurðurinn á Nash opnaðist þegar hann rakst á Tony Parker þegar 2 mínútur og 53 sekúndur voru eftir af leiknum. Parker hafði þá stolið boltanm af Nash í stöðunni 100-99 fyrir San Antonio. Nash fékk aðhlynningu og skoraði næstu fimm stig Phoenix áður en dómarar leiksins neituðu að hleypa honum inn á þegar 54 sekúndur voru eftir. Phoenix var þá með boltann en Spurs var tveimur stigum yfir, 106-104.

Sjúkraþjálfari liðsins lét hafa það eftir sér eftir leikinn að það hefði verið betra ef Nash hefði nefbrotnað. Hann og félagar hans reyndu og reyndu að stöðva blæðinguna en tókst ekki, sama hversu oft var skipt um plástra eða hin ýmsu smyrsl borin á sárið. „Auðvitað vildi ég komast inn á og við reyndum allt til þess," sagði Nash en þótt aðeins tæpar þrjár mínútur hefðu verið eftir af leiknum tók það um hálftíma að klára hann. Þennan tíma var ekki minni spenna að fylgjast með læknum Phoenix huga að Nash, sem skipti nokkrum sinnum um búning þar sem þeir urðu alblóðugir hver á fætur öðrum.



**BLÓÐUGUR** Steve Nash mátti ekki fara inn á völlinn þar sem ekki tókst að stöðva blæðingu úr nefi hans. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eftir leikinn þurfti sex spor til þess að loka skurðinum. Steve Nash var með 31 stig og 8 stoðsendingar í leiknum en hjá Spurs voru þeir Tim Duncan (33 stig og 16 fráköst) og Tony Parker (32 stig og 8 stoðsendingar) illviðráðanlegir.

„Þetta er nokkuð sem maður sér bara í boxhringnum. Auðvitað fann maður til með Steve því öll lið þurfa að hafa sína bestu menn inni á í lokin og hann var ekki með," sagði Robert Horry, leikmaður San Antonio. - óój

BREYTTU
GLITNIS
PUNKTUM
Í PENINGA

GLITNIR



Aftenposten velur bestu útlendingana í norsku úrvalsdeildinni frá upphafi:

# Árni Gautur besti útlendingurinn frá upphafi í Noregi

**FÓTBOLTI** Bertil Valderhaug, ritstjóri íþróttadeildar Aftenposten, vill meina að Árni Gautur Arason landsliðsmarkvörður sé besti útlendingur sem spilað hafi í norsku úrvalsdeildinni frá upphafi. Reyndar komast tveir íslenskir markverðir á lista fimmtán efstu manna en Bjarni Sigurðsson, sem varði mark Brann á níunda áratug síðustu aldar, er í sjötta sæti.

Í umsögn sinni um Árna Gaut segir Valderhaug að hann hafi unnið sjö meistaratitla með Rosenborg og einn með Vålerenga. „Hann á samt silfurmedalíu og bronsmedalíu. Meistaradeildarleikir hans með Rosenborg voru ógleymanlegir.“

Um Bjarna segir Valderhaug að hann sé goðsögn í Brann þar sem hann lék á sínum tíma. „Var oft lýst sem lifandi vegg í marki Brann. Varð þó aldrei meistari.“

Þriðji Íslendingurinn kemst á listann en það er Stefán Gíslason, leikmaður Lyn, sem hefur átt góðu gengi að fagna í vor. „Afar vanmetinn leikmaður,“ segir hann um Stefán sem hann hefur í þrettánda sæti. „Með frábæra yfirsýn, öruggur á boltann og getur stýrt spilinu vel. Lyn má vera ánægt ef því tekst að halda honum hjá félaginu.“



**ÁRNI GAUTUR** Hér á landsliðsæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Meðal þekktra knattspyrnumanna sem eru á listanum má nefna Christian Wilhelmsson (3. sæti), Tobias Linderoth (7. sæti), Paul Scharner (9. sæti) og John Obi Mikel (15. sæti).

Valderhaug nefnir einnig ellefu leikmenn sem voru nálægt því að komast á listann. Þar af eru fjórir Íslendingar. Þeir eru Rúnar Kristinsson (Lilleström), Veigar Páll Gunnarsson (Stabæk), Heiðar Helguson (Lilleström) og Kristján Örn Sigurðsson (Brann).

Árni Gautur gat þó ekki tekið undir valið í samtali við Aftenposten. „Það hafa verið margir góðir leikmenn í Noregi. Ég veit ekki hvort ég er betri en allir þessir,“ sagði hann er hann las yfir listann.

Samningur hans við félagið rennur út í haust og ganga viðræður hægt við félagið um nýjan samning. „Ég veit ekki hvað verður eða hvort félagið vill halda mér. En mér líður vel hjá Vålerenga,“ sagði Árni Gautur. - esá

# Teitur vill þjálfa Njarðvík

**Njarðvíkingar eru að leita sér að nýjum þjálfara í Iceland Express-deild karla eftir að Einar Árni Jóhannsson ákvað að hætta með liðið. Sigursælasti leikmaður félagsins segist spenntur fyrir að fá tækifæri til að þjálfa liðið.**

**KÖRFUBOLTI** Teitur Örlygsson sækist eftir því að fá að taka við meistaraflokksliði karla hjá Njarðvíkingum, sem eru nú þjálfaralausir eftir að Einar Árni Jóhannsson hætti með liðið. Teitur hefur ekkert komið að Njarðvíkurliðinu síðan hann lagði skóna á hilluna vorið 2003.

„Áhugi minn á körfubolta dofnaði aðeins en síðan blossaði hann upp aftur og ég sá að ég gat ekkert verið án þess að lifa og hrærast í körfunni. Ég hætti aldrei að fylgjast með liðinu en núna er ég klár aftur og mig langar alveg rosalega að taka þátt í þessu,“ segir Teitur. Hann er sigursælasti körfuboltamaður Íslands frá upphafi, vann tíu Íslandsmeistaratitla og sjö bikarmeistaratitla með Njarðvík á árunum 1984 til 2002 og er bæði leikjahæsti (406) og stigahæsti (6.597) leikmaður félagsins frá upphafi.

„Ég segi ekki að ég sé að fara aftur í þjálfun. Þetta yrði í fyrsta skipti sem ég yrði alvöru þjálfari. Þetta ár sem ég var með Friðriki Ragnarssyni þróaðist það þannig að Friðrik tók við þessu og ég var bara leikmaður. Ég var að spila þarna í kringum 35 mínútur í leik og Friðrik tók þetta því að sér,“ segir Teitur en saman gerðu þeir Njarðvíkinga að Íslandsmeisturum sumarið 2001.

Teitur var titlaður þjálfari þennan veturinn en í kjölfar hans tók Friðrik við og þjálfaði Njarðvíkurliðið til ársins 2004. „Þetta yrði mitt fyrsta tækifæri þar sem ég fengi að vera með lið frá byrjun. Ég er búinn að láta þá vita af því að ég hef áhuga á þessu og mér heyrist að þeir séu jákvæðir fyrir mér,“ segir Teitur og bætir við: „Við eigum eftir að funda saman en ég kem sterklega til greina og ég er gríðarlega spenntur.“



**TÍU SINNUM** Teitur Örlygsson hefur tíu sinnum unnið Íslandsbikarinn, síðast vorið 2002.

Teitur veit að kröfurnar eru miklar í Njarðvík og þekkir það sem leikmaður. „Í Njarðvík eru svolítið klikkaðar kröfur. Út af velgengni liðsins undanfarin ár þekkir fólk ekkert annað í bænum og þá ósjálfrátt myndast svona miklar kröfur,“ segir Teitur, sem þekkir það frá sínum tíma sem leikmaður að til mikils er ætlast af meistaraflokksleikmönnum Njarðvíkur.

Njarðvíkingar hafa haft þann háttinn á að ráða Njarðvíkinga sem þjálfara. Hrannar Hólm, sem þjálfaði liðið frá 1995-1996, er síðasti þjálfarinn sem ekki uppalinn Njarðvíkingur og er sá eini fyrir utan erlenda þjálfara í sigursælli sögu Njarðvíkur í úrvalsdeild karla sem ekki hefur komið upp í gegnum félagsstarfið. Það er ekki ólíklegt að Teitur Örlygsson bætist í hópinn og lengi keðjuna enn frekar.

ooj@frettabladid.is

Rúnar Kristinsson spilar með KR ef hann kemur heim í tæka tíð:

# Rúnar gæti komið heim í lok maí

**FÓTBOLTI** Eins og búist hefur verið við í allan vetur er Rúnar Kristinsson af öllum líkindum á leið í KR. Ekkert er þó frágengið enn sem komið er.

„Ég er ekki búinn að ganga frá samningi við KR né neins konar samkomulagi. Ég hef hins vegar rætt við Teit og ef við höldum okkur uppi, sem skýrist vonandi um helgina, þá eru mestar líkur á því að ég fari heim og spili með KR,“ sagði Rúnar.

Lokeren, lið Rúnars í Belgíu, er í þriðja neðsta sæti deildarinnar eins og er, með fimm stiga forskot á liðið fyrir neðan. Tvær umferðir eru eftir af belgísku deildinni og ef liðið vinnur Zulte Waregem um helgina hefur liðið tryggt sæti sitt í deildinni.

Deildin klárast svo 19. maí og ef Lokeren bjargar sér ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hann komi heim og leiki með KR.

Ef Lokeren þarf hins vegar að taka þátt í sérstakri aukakeppni um lið í úrvalsdeildinni sem þau tvö neðstu í deildinni þurfa að gera frestast heimför Rúnars um mánuð.

„Það getur margt gerst í þessum leikjum og miklu meiri óvissa um hvað gerist í kjölfarið. Ég get ekkert fullyrt um hvað gerist þá,“ sagði Rúnar. - esá

FH fyrsta liðið sem vinnur deildarbikarinn og Meistarakeppnina á sama árinu:

# FH getur fyrst liða náð fernunni

**FÓTBOLTI** Það er allt annað en auðvelt fyrir FH-inga að bæta sig milli ára, svo frábær hefur sigurganga liðsins verið undanfarin ár, en þetta afrekuðu þeir samt á sunnudagskvöldið. FH-liðið náði þá í fyrsta sinn að vinna báða titlana sem eru í boði á vormótunum en þeir eru deildameistarar og meistarar meistaranna árið 2007. Ekkert félag hefur unnið báða þessa titla á sama ári síðan deildabikarinn var settur á laggirnar vorið 1996.

FH-ingar hafa unnið þrjá Íslandsmeistaratitla í röð en þeir eiga enn eftir að vinna bikarkeppnina og hafa enn fremur aldrei unnið fleiri en tvo titla á einu ári undanfarin ár. Hafnfirðingar vonast örugglega til að hrakfarir FH-inga í bikarkeppninni séu á enda en þrír af átta tapleikjum FH-liðsins undanfarin þrjú tímabil hafa komið í bikarnum.

Engu liði hefur tekist að vinna fjóra titla á sama árinu. Skagamenn komust næstir því 1996 þegar þeir unnu þrefalt. ÍA fékk tvö tækifæri til þess að vinna Meistarakeppnina það sumar en tapaði báðum leikjum sínum, fyrst 1-3 fyrir KR um vorið og svo 3-5 í október. Eyjamenn unnu einnig þrjá titla sumarið 1998 en þá klikkaði liðið á deildarbikarnum, datt út fyrir verðandi meisturum KR-inga í átta liða úrslitunum.

Bjarki Gunnlaugsson hefur byrjað vel með FH og skoraði fyrsta mark liðsins í báðum úrslitaleikjunum á síðustu dögum. Mark hans í meistarakeppninni dugði til sigurs en Valsmenn náðu að tryggja sér framlengingu í úrslitaleik Lengjubikarsins.

FH-ingar hafa nú unnið tíu titla síðan þeir komu aftur upp í efstu deild sumarið 2001. Þeir hafa unnið þrjá Íslandsmeistaratitla, fjóra deildarmeistaratitla og hafa tvisvar orðið meistarar meistaranna auk þess að vinna Atlantic-bikarinn einu sinni en keppni í honum var frestað í vor. - óój

**TITLAR FH SÍÐUSTU ÁRIN**

| | |
|---|---|
| Deildarmeistarar | 2002 |
| Deildarmeistarar | 2004 |
| Íslandsmeistarar | 2004 |
| Meistarar meistaranna | 2005 |
| Atlantic-bikarinn | 2005 |
| Íslandsmeistarar | 2005 |
| Deildarmeistarar | 2006 |



**NÓG AF BIKURUM** FH-ingar hafa unnið tvo titla á síðustu dögum og eru í góðum gír fyrir Íslandsmótið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**HUNDRAÐ PRÓSENT** Þór vann alla leiki sína í vetur undir stjórn Hrafns Kristjánssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hrafn þjálfar Þór áfram:

## Vill fá tvo nýja íslenska menn

**KÖRFUBOLTI Hrafn Kristjánsson hefur gert nýjan tveggja ára samning um að þjálfa áfram nýliða Þórs frá Akureyri í Iceland Express-deild karla í körfubolta.**

**Hrafn hefur þjálfað Þórsliðið undanfarin þrjú tímabil og komið liðinu tvívegis upp í úrvalsdeildina en liðið féll úr deildinni á milli árinu.**

**Einhverjar breytingar verða á Þórsliðinu, sem vann alla leiki sína í vetur, en Hrafn vill styrkja liðið með tveimur íslenskum leikmönnum.**

**„Þegar litið er á hópinn hjá okkur er ljóst að hann þarfnast styrkingar í stöðu leikstjórnanda og undir körfunni og nú þarf að leggjast yfir þau mál. Planið er að bæta við okkur tveimur íslenskum leikmönnum fyrir næsta tímabil auk tveggja erlendra," segir Hrafn á síðunni.** - óój



**FLOTTUR** Frank Fredericks átti langan og glæsilegan feril. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Umræðufundur í Laugardal:

## Frægur hlaupari á landinu

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Frank Fredericks, heimsfrægur frjálsíþróttamaður frá Namibíu, hefur framsögu á umræðufundi Samtaka íslenskra ólympíufara sem fram fer í dag.

Umfjöllunarefnið er „líf að loknum ferli" og hefst fundurinn kl. 18 í fundarsal E á þriðju hæð í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Frank Fredericks er einn frægasti spretthlaupari í heiminum síðustu ár og eftir að hann lagði hlaupaskóna á hilluna hefur hann tekið virkan þátt í störfum íþróttahreyfingarinnar og er eftirsóttur fyrirlesari.

Fredericks vann til fernra silfurverðlauna á Ólympíuleikum 1992 og 1996, fékk tvenn í 100 metra hlaupi og tvenn í 200 metra hlaupi. - óój




## JAY LENO

Grínistinn Jay byrjaði feril sinn á klúbbum þar sem hann var með uppistand 300 kvöld á ári. Einnig lék hann aukahlutverk í nokkrum kvikmyndum en þráði heitt að verða stjarna. Það var svo árið 1992 sem draumurinn rættist en þá bauðst honum að taka við af Johnny Carson í þáttunum The Tonight Show sem sýndir eru á Skjáeinum kl. 23.15.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR VELUR EUROVISION FRAM YFIR KOSNINGAVÖKUR

# *Amerísk afþreying er sú besta*

America's Next Top Model hefst á morgun eftir nokkurt hlé. Breska útgáfan af þættinum er búin, sem betur fer. Ameríkanar gera langbestu raunveruleikaþættina. Bandarískar sápuóperur eru líka bestar. Bold and the Beautiful eru náttúrlega frábærir þættir og framleiðendur Guiding Light hljóta að vera að gera eitthvað rétt eftir öll þessi ár. Hinir áströlsku Nágrannar skora einnig hátt á mínum lista. Ég skil hins vegar ekkert í suður-amerísku sápuóperunum sem sýndar eru á Stöð 2. Allir að rífast og umhverfið fáránlegt. Væri gaman að sjá hvernig við myndum gera þetta. Spennan hefur náð



hámarki í Glæstum. Fall Stephanie var ægilegt. Ég vorkenndi henni næstum því. Eurovision-keppnin er á laugardaginn. Eiríkur Hauksson stígur á svið á fimmtudaginn og kemst vonandi upp í aðalkeppnina um helgina. Ég er samt ekkert svo rosalega viss. Það verður af nógu af taka á laugardaginn. Kosningavökur og Eurovision. Líklega ekki mikil umferð á götum borgarinnar það kvöldið. Mér þykir nokkuð víst að söngvakeppnin hafi vinninginn á mínu heimili.



## EKKI MISSA AF



▶ 20.40 Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ 21.40 Las Vegas STÖÐ 2



▶ 20.00 The Stepford Wives STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.10 Da Ali G Show SIRKUS



▶ 19.30 Snocross SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**14.25 Flokkakynning - Vinstrihreyfingin grænt framboð** (1:7)
**14.40 Flokkakynning - Sjálfstæðisflokkurinn** (2:7)
**15.00 Alþingiskosningar 2007 - Kjördæmin** (6:6) e.
**16.05 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (4:4) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín** (73:78)
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós - Borgarafundur** Í þættinum í kvöld, sem er í beinni útsendingu frá Egilsstöðum, verður borgarafundur um umhverfis- og atvinnumál vegna þingkosninganna 12. maí.
▶**20.40 Everwood** (12:22)
**21.30 Talið í Söngvakeppni** (3:3)
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Flokkakynning - Frjálslyndi flokkurinn** (3:7)
**22.40 Flokkakynning - Samfylkingin** (4:7)
**23.00 Njósnadeildin** (3:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.55 Kastljós - Borgarafundur** e.
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Stepford Wives**
**08.00 Rabbit-Proof Fence**
**10.00 The Curse of the Pink Panther**
**12.00 Pretty Woman** (e)
**14.00 Rabbit-Proof Fence**
**16.00 The Curse of the Pink Panther**
**18.00 Pretty Woman** (e)
▶**20.00 The Stepford Wives** Bráðskemmtileg gamanmynd með lúmskum ádeilubroddi. Aðalhlutverk: Bette Midler, Glenn Close, Nicole Kidman.
**22.00 Girl Fever**
**00.00 The Fourth Angel**
**02.00 Cause of Death**
**04.00 Girl Fever**

## STÖÐ 2

**07.20 Batman**
**07.40 Myrkfælnu draugarnir**
**07.50 Myrkfælnu draugarnir**
**08.05 Oprah**
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð** (44:114)
**10.10 Most Haunted** (17:20)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.35 Man´s Work** (4:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Las Vegas** (15:23)
**13.55 Homefront**
**14.40 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.05 Veggfóður** (16:20)
**15.50 Shin Chan**
**16.38 Horance og Tína**
**17.03 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Simpsons** (2:21)
**20.05 The Apprentice** (12:16) Liðin keppast nú um að halda frábært partí eftir fótboltaleik. Sigurvegararnir fara í ferðalag út í sveit þar sem þeim er boðið upp á matarveislu.
**20.50 Shark** (18:22) Nýir bandarískir spennuþættir sem fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari.
▶**21.40 Las Vegas** (4:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas.
**22.25 The Unit** (5:23)
**23.10 Twenty Four** (16:24)
**3.55 Bram Stoker´s Dracula** (e) Drakúlasaga Francis Ford Coppola byggir á sígildri sögu Bram Stoker. Aðalhlutverk: Keanu Reeves, Winona Ryder, Gary Oldman. Stranglega bönnuð börnum.
**02.00 Ballistic. Ecks vs. Sever**
**03.30 Friday After Next**
**04.55 Simpsons** (2:21)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
▶**20.10 Da Ali G Show**
**20.40 Gene Simmons: Family Jewels** (Demon Lives, The)
**21.10 Young Blades**
**22.00 Grey's Anatomy** (20:25) Nú tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í spítaladramanu Grey's Anatomy. (20:25) Fyrrum kærasti Christinu reynir eins og hann getur að eyðileggja samband hennar og Burke á meðan einn læknanna fær beiðni frá barni sem hann hafði gefið til ættleiðingar.
**22.45 American Idol** (34:41) Slagurinn heldur áfram á American Idol sviðinu en nú fer að styttast í úrslitakvöldið.Það eru aðeins sex söngvarar eftir en í lok kvöldsins verða tveir sendir heim.
**23.30 American Idol** (35:41) Nú kemur í ljós hver verður sendur heim og hverjir verða fjórir efstu í American Idol.
**00.15 Pussycat Dolls Present. The Se**
**01.05 Entertainment Tonight** (e)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Fyrstu skrefin** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
▶**19.30 Snocross - Lokaþáttur** Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi.
**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir.
**22.00 Close to Home** (20:22) Lögfræðidrama af bestu gerð.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Melrose Place** (e)
**03.25 Vörutorg**
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Að leikslokum** (e)
**08.00 Þrumuskot** (e)
**14.00 Wigan - Middlebrough**(frá 5. maí)
**16.00 Ítalski boltinn** (frá 6. maí)
**18.00 Þrumuskot** (e)
**19.00 Arsenal - Chelsea** (frá 6. maí)
**20.00 West Ham - Bolton** (frá 5. maí)
**22.00 Að leikslokum** (e)
**23.00 Ítölsku mörkin** (e)
**00.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

**Shark**



James Woods fer á kostum sem saksóknarinn harðsvíraði Sebastian Stark. Í þætti kvöldsins er neyðarástand í réttarsalnum þegar dæmdur morðingi tekur alla viðstadda í gíslingu. Gíslatökumaðurinn er ekki sáttur við dóminn og krefst þess að honum verði hnekkt. Staða sem þessi getur aðeins endað illa en Stark reynir eftir bestu getu að koma í veg fyrir að úr þessu verði blóðbað.

### ▶ Við mælum með

**QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY**

**Skjáreinn kl. 20.00**

Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Í þætti kvöldsins hitta hinir fimm fræknu 25 ára hjólasendil sem dreymir um að verða módel. Hann er stæltur og sætur en það dugar ekki til. Tískulöggurnar taka til hendinni og gefa honum tækifæri til að sanna sig.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Tónlist Sólkonungsins
**21.00** Í heyranda hljóði
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Bókmenntir eftirstríðsáranna
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.40 Þýski handboltinn**

**18.10 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Göppingen og Gummersbach í þýska handboltanum. Íslendingaliðinu Gummersbach hefur vegnað betur á leiktíðinni en handboltaspekingar bjuggust við og hrein unun er að fylgjast með Guðjóni Vali Sigurðssyni, íþróttamanni ársins 2006.

**19.40 Gillette World Sport 2007**

**20.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**

**20.35 PGA Tour 2007 - Highlights** (Wachovia Championship)

**21.30 Heimsmeistaramótið í póker** Heimsmeistaramótið 2006 í póker sem fram fór á Spáni síðastliðið haust. Þar tóku Íslendingar þátt í fyrsta sinn og verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.

**22.30 Coca Cola mörkin**

**23.00 Þýski handboltinn** (Göppingen - Gummersbach)

**00.15 World Supercross GP 2006-2007** Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Rabatten **7.00** Grønne haver **7.30** Deadline 2. Sektion **8.00** Jersild & Spin **8.30** Byens Rum **9.00** Den 11. time **9.30** Søren Ryge direkte **10.00** TV Avisen **10.10** Horisont **10.35** Ud i naturen **11.00** Ud i det blå **11.25** Aftenshowet **12.20** I lære som stjerne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Flemmings Helte **14.15** Boogie Special **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** 21 dage i Amazon-junglen **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant 19.50 SportNyt **20.00** Ladies Night **21.30** Hercule Poirot **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Kaj og Andrea **6.00** Postmand Per

## NRK 1

**7.30** Sydvendt **8.00** Siste nytt **8.05** Puls **8.30** Faktor: Lønn som fortjent **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Sinbads fantastiske reiser **13.30** Duck Dodgers **14.00** Siste nytt **14.03** Sinbads fantastiske reiser **14.30** Liga **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Fra loft og kjeller **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Konrad katt **16.24** Det første barnet på månen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Fangstmannen på Svalbard **17.55** En statsminister takker for seg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kulturnytt **21.20** Utsyn: Barn i slavearbeid **22.10** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **22.40** På konsert med Miriam Makeba **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**7.30** När gräsrötterna tar över **8.00** Barnet och orden - om språk i förskolan **8.30** De skapade historia **9.00** Vetenskap - människan avslöjad **9.30** Välfärd från vagga till grav **10.00** Rapport **10.05** Planet Earth **12.15** Klasskamrater **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige 15.00 Leila, née en France **15.25** Sport mit Simone **15.30** Krokomax **16.00** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Slutet på historien **19.05** Hunter **20.05** Argument **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Kobra **21.55** Stina! **22.55** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


# Kosningahátíð!

Í kvöld klukkan 20:00

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI



Kosningahátíð í Flensborgarskóla í Hafnarfirði.
Geir H. Haarde flytur barátturæðu.

Söngur, dans og léttar veitingar.

*Hlökkum til að sjá þig !*

*Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi*

· *Álftanes*
· *Garðabær*
· *Hafnarfjörður*
· *Kjós*
· *Kópavogur*
· *Mosfellsbær*
· *Seltjarnarnes*



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég fer ofsalega oft á Vegamót og verð eiginlega aldrei fyrir vonbrigðum þar. Þeir hafa mjög lengi haft gott eldhús og mat á góðu verði.“*

Margrét Kristín Sigurðardóttir, Fabúla, tónlistarkona.

# Óvænt endurkoma Simma í handboltann

„Ég gat varla staðið í fæturna eftir leikinn og Hjálmar bróðir var rúmliggjandi,“ segir Sigmar Vilhjálmsson. Hann lék síðasta leikinn með meistaraflokki Hattar frá Egilsstöðum í fyrstu deild Íslandsmótsins í handknattleik á dögunum, ásamt bróður sínum Hjálmari Vilhjálmssyni.



HJÁLMAR Lék á árum áður með bæði Fram og HK.

Hattarmenn höfðu ekki riðið feitum hesti frá viðureignum sínum í deildinni, höfðu tapað öllum leikjunum og brugðu því á það ráð að fá bræðurna Sigmar og Hjálmar til aðstoðar við að innbyrða fyrsta sigurinn. Og það tókst. Höttur vann Gróttu með 31 marki gegn 28 úti á Seltjarnarnesi. „Ég skoraði þrjú og var rekinn út af í tvær mínútur tvisvar sinnum,“ segir Sigmar en á héraðsvefnum austurlandid.is kemur fram að þeim Hjálmari og Sigmari hafi verið falið að fylla upp í götin á varnarleik liðsins.



GÖMUL KEMPA Sigmar Vilhjálmsson þótti efnilegur handboltamaður á sínum yngri árum og komst meðal annars í sextán ára landslið Svía.

Sigmar er reyndar alls ekki ókunnur parkettinu og harpixinu því hann hefur meðal annars afrekað að komast í hópinn hjá 16 ára landsliði Svía. „En svo flutti ég heim og fór að æfa með Hetti. Og þar stöðnuðu hæfileikarnir,“ segir Sigmar sem þó lék einnig með yngri flokkum ÍR og Vals. Hann segir leikinn hins vegar ekki hafa vakið gamla handboltadrauma. „Keppnisskapið er einfaldlega oft meira en líkamlegt form og þó ég fari í World Class á hverjum degi þá er það allt öðruvísi en að berjast inni á vellinum,“ segir Sigmar og bætir því við að hann hafi fundið fyrir vöðvum sem hann vissi ekki að væru til. „En eflaust mun ég láta mig hafa það að taka einn eða tvo leiki með liðinu á næsta ári,“ bætir varnarjaxlinn Sigmar við. - fgg



LÁRÉTT
**2.** á eftir, **6.** í röð, **8.** hrópa, **9.** af, **11.** tveir eins, **12.** hárs, **14.** lauftré, **16.** berist til, **17.** fæða, **18.** for, **20.** tveir eins, **21.** inniloka.

LÓÐRÉTT
**1.** útdeildu, **3.** tveir eins, **4.** forvitinn, **5.** efni, **7.** gjafmildur, **10.** fiskur, **13.** angra, **15.** svall, **16.** hryggur, **19.** kyrrð.

LAUSN

**LÁRÉTT:** 2. næst, 6. æð, 8. æpa, 9. frá, 11. uu, 12. ullar, 14. álmur, 16. bt, 17. ala, 18. aur, 20. ll, 21. króa. **LÓÐRÉTT:** 1. gæfu, 3. ææ, 4. spurull, 5. tau, 7. örlátur, 10. áll, 13. ama, 15. rall, 16. bak, 19. ró.



HETJULEG FRAMGANGA Sveinn sýndi mikla dirfsku og hugrekki þegar hann gómaði ásamt samstarfsmönnum sínum rússneskan glæpaflokk.

SVEINN KJARTANSSON FYLGIFISKAKOKKUR Í KRÖPPUM DANSI

# Gómaði bíræfna matarþjófa

Sveinn Kjartansson, matreiðslumeistarinn góðkunni á Fylgifiskum, sýndi mikið hugrekki og dirfsku á föstudaginn þegar hann elti uppi glæpaflokk frá Rússlandi. Þeir höfðu látið greipar sópa í veisluþjónustu staðarins á Suðurlandsbraut og rænt bíl staðarins. „Þetta gæti líka hafa verið heimska,“ segir Sveinn í samtali við Fréttablaðið.

Málavextir voru þeir að Sveinn og kollegar hans hjá Fylgifiskum höfðu verið að útbúa veislu fyrir kvöldið og komu til þess að ganga frá síðustu réttunum. Þegar þeir komu að húsnæðinu á Suðurlandsbrautinni sáu þeir að brotist hafði verið inn og hverjum einasta munnbita stolið. „Við ætluðum auðvitað að bæta þennan skaða, hófumst handa við að búa til nýja rétti en þegar við ætluðum að keyra réttina út uppgötvast að bílnum hafði líka verið stolið,“ útskýrir Sveinn og vona þá góð ráð dýr. „Við hringdum auðvitað bara á lögregluna,“ segir Sveinn.

Þegar starfsfólkið stóð fyrir utan húsnæðið í öngum sínum yfir þjófnaðinum keyrir hins vegar bíll framhjá þeim sem er grunsamlega líkur Fylgifiska-bílnum. Og Sveinn æðir af stað til að sjá hvert hann fer. „Hann svínar fyrir annan bíl og keyrir inn í port sem er þarna skammt hjá,“ segir Sveinn og viðurkennir að honum hafi liðið eins og stórborgarlöggu í bandarískri kvikmynd. „Hjartað tók nokkur aukaslög og „rushið“ lifði langt fram eftir kvöldi,“ segir Sveinn. „Ég sé hvar bílnum er lagt og út koma tveir strákar. Ég geng bara að þeim og spyr hvað þeir séu að spá,“ segir Sveinn en mikið fát kom á þjófana þegar kokkakrumlurnar náðu taki á þeim. „Ég varð þess þó fljótlega áskynja að þeir voru ekki íslenskumælandi og held að þetta hafi hreinlega bara verið bófagengi sem fer um bæinn og stelur öllu steini léttara,“ segir Sveinn sem bætir því þó við að þegar leitað var að stolna matnum var augljóst að þjófarnir höfðu tekið hraustlega til matar síns. Aðeins einn lítill brauðmoli var eftir af öllum veisluföngunum. „Þannig að kannski verður að líta á þetta rán sem einhvers konar hrós.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Kjartan Gunnarsson**, fyrrum framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og **Sigríður Snævarr**, staðgengill ráðuneytisstjóra og sendiherra í utanríkisráðuneytinu, eiga von á barni í lok júlí. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er Sigríður komin sjö mánuði á leið og heilsast vel. Þau hafa ekki viljað tjá sig við fjölmiðla um málið og hafa haldið þessu leyndu en hafa þó fengið að vita kyn barnsins sem ku vera strákur. Þau Kjartan og Sigríður eru barnlaus fyrir en Kjartan er 56 ára og Sigríður verður 55 ára í lok júní á þessu ári.





Stuðmaðurinn **Jakob Frímann Magnússon** var á meðal frambjóðenda sem stigu á svið á Herrakvöldi FH síðastliðið föstudagskvöld og flutti þar stutta ræðu. Er það ekki í frásögur færandi nema að hann átti 54 ára afmæli þennan sama dag og notaði tækifærið þegar hann hafði lokið ræðu sinni og fékk gesti til að syngja fyrir sig afmælissönginn. Stjórnaði Jakob fjöldasöngnum af mikilli röggsemi enda vanur maður úr skemmtanabransanum. Sumum þótti uppákoman samt nokkuð vandræðaleg en það virðist greinilega allt vera leyfilegt þegar kosningar eru á næsta leiti.



- fgg

# Gerir það gott í Þýskalandi

Þorleifi Erni Arnarssyni hafa borist fimm tilboð frá þýskum leikhúsum í kjölfar sýninga á Eilífri hamingju í Berlín í febrúar. Þorleifur er leikstjóri sýningarinnar og stundar nú leikstjórnám í Berlín. „Leikhúsin eru öll að ákveða hvað þau ætla að gera næsta vetur. Það á eftir að koma í ljós hvað passar inn og hvað ég get tekið að mér,“ sagði Þorleifur og bendir á að staðan sé enn nokkuð óljós.

Sýningarnar á Eilífri hamingju í Maxím Gorkí-leikhúsinu voru vel sóttar af þýsku leikhúsfólki að sögn Þorleifs, en Maxím Gorkí-leikhúsið er eitt þeirra sem hafa lýst yfir áhuga á samstarfi við Þorleif. „Þar myndi ég setja upp verk eftir Lars Norén. Það yrði frumsýnt á norrænni hátíð í Sophiensale og færi þaðan yfir í Maxím Gorkí,“ útskýrði Þorleifur.

Hann er einnig í viðræðum við Schaubühne-leikhúsið. „Gengi það eftir yrði þetta brjálæðislega spennandi. Það er svona eins og að vera valinn í brasilíska landsliðið,“ sagði Þorleifur. Í kortunum er einnig sýning í borginni Schwerin í Austur-Þýskalandi og uppsetning á Hamlet. „Svo hafa margir af stórleikurunum í Berlín tekið sig saman og stofnað sitt eigið leikhús og ég hef verið í viðræðum við þá um að koma inn með sýningu. Það er samt alveg á frumstigi,“ sagði Þorleifur og benti á að síðasta sýning á Eilífri hamingju hér á landi fer fram í Borgarleikhúsinu á morgun. - sun



EFTIRSÓTTUR Þorleifur Örn Arnarsson íhugar fimm tilboð sem honum hafa borist frá þýskum leikhúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

STILLUM HITANN HÓFLEGA
Góð ráð og gagnlegar upplýsingar um heita vatnið
www.stillumhitann.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TIL SÖLU LÉNIÐ
WWW.JOL.IS
Vinsælasti jólavefur síðust ára samkvæmt Samræmdri Vefmælingu
www.modernus.is/sv. Vefur fylgir með léninu.
Nánari upplýsingar veitir Jón Gunnar Gylfason
í síma +1 218-556-8828 eða jongunnar@jol.is

WWW.SVAR.IS

# acer FARTÖLVUR Á SUMARTILBOÐI

3 ÁRA ÁBYRGÐ




## Acer ASPIRE 3693

- Intel Celeron M 1.73Ghz örgjörvi
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- 15.4" CrystalBrite bjartur og góður skjár
- Innbyggð vefmyndavél
- Intel GMA 950 skjákort allt að 224MB
- Microsoft Vista Home Basic
- 3 ára ábyrgð

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Windows Vista

TILBOÐ: **69.900-**




## Acer TravelMate 3043

- Intel Core 2 Duo örgjörvi 1.66Ghz
- 1024MB vinnsluminni
- 120GB Acer DASP harður diskur
- 12" skjá með innbyggða vefmyndavél
- Bluetooth, 5-í-1 kortalesari
- 5 klst rafhlöðuending
- 3 ára ábyrgð og margt, margt fleira! Aðeins 1.4kg

3 ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐ: **189.900-**




## Acer Aspire 5101

- AMD Turion 64 2.0Ghz örgjörvi
- 1024MB DDR2 vinnsluminni
- 120GB Harður Diskur
- 15,4" CrystalBrite bjartur og góður skjár
- Innbyggð vefmyndavél
- ATi X1100 allt að 128MB skjákort
- Microsoft Vista Home Premium, 3 ára ábyrgð

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Windows Vista

TILBOÐ: **79.900-**

svar:) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR
KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

# Þaulæfður kosningaréttur

Ég man vel eftir langömmu minni. Hún var falleg gömul kona sem gekk í stórrósóttum kjólum og mundi vel eftir því þegar hún sá gúmmístígvél í fyrsta sinn. Þegar hún var unglingur höfðu konur ekki kosningarétt. Það höfðu vinnumenn, snauðir bændur og þurrabúðarmenn ekki heldur. Fólk hafði misjafna sýn á lýðræðið þá og nú.

**KOSNINGARÉTTUR** var ekki hluti mannréttinda heldur stjórntæki sem veitti vitrum mönnum rétt til þess að velja vitrustu mennina á þing svo þeir gætu stjórnað. Síðan eru liðin mörg ár.

**KUNNINGJAFÓLKI** mínu, sem lengi hefur starfað með elstu borgurum landsins, þykir kjördagar ávallt svolítið erfiðir. Á þeim dögum fær jafnvel fólk sem starfsfólk heldur að sé öllum löngu gleymt heimsóknir. Gæskuríkir gestirnir tilkynna starfsþýinu að blessuð gamla konan eða maðurinn hafi nú alltaf viljað nýta atkvæðisrétt sinn í gegnum tíðina og engin breyting sé nú á.

**ÞEGAR** ég gat fyrst kosið voru þúsaldarmót á næstunni. Skömmu fyrir kosningar spurði enskukennarinn minn bekkinn út í skoðanir hans á því hvað hægt væri að gera í þágu þriðja heimsins svokallaða. Krúttkynslóðin var ekki fullmótuð og fátt varð um svör. Flest vorum við búin að hlusta yfir okkur á boðskap Smashing Pumpkins og Nirvana og það hafði fengið okkur til að efast um tilgang alls. Depurð og tortryggni voru aðalsmerki unglinga þá, hugsjónir jafn hallærislegar og herðapúðar.

**EFTIR** nokkra þögn svaraði töffari bekkjarins því að í raun væri ekkert hægt að gera. Til dæmis myndu allir skógar eyðast upp ef þjóðir þróunarríkjanna ætluðu að fara að nota klósettpappír. Sársaukaviprurnar sem fóru um andlit míns indæla og vinstrisinnaða enskukennara við að heyra þetta svar munu aldrei hverfa mér úr minni. Skömmu síðar fór ég ásamt sveitunga mínum og bekkjarbróður, sem svo umhugað var um skóga veraldar, í félagsheimili Landeyja til að kjósa til Alþingis.

**Í** gegnum árin hef ég reynt að telja mér trú um að ekki sé til sá einstaklingur sem ekki hefur eitthvað fram að færa. Því hljóti atkvæði hans að vera merkilegt og vel ígrundað. Ég er ekki alveg sannfærð en vona hið besta. Nóg hefur landinn æft sig að kjósa yfir öllum Idol-þáttunum og auðvitað lærði þjóðin að meta mikilvægi hvers atkvæðis með því að fylgjast með Rockstar Supernova og koma Magna okkar áfram. Ég segi bara x við Eirík Hauksson og held af stað til Helsinki.

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9090

**Nú bjóðum við á frábæru verði takmarkað magn af Golf Trendline með sjálfskiptingu og ríkulegum sportpakka.**

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa.

**Sportpakki innifalinn í verði:**

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur • vindskeið

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




Kreditheimild* með **0% vöxtum** og engum kostnaði í DMK!

**Nýttu þér þessi einstöku kjör.**
**Sæktu um *DMK* á spron.is**

* skv. útlánareglum SPRON

spron